Halldór skoðun 20


SÉRBLAÐ í Fréttablaðinu
Fólk



Kjólaganga
*Gönguhópurinn Franskir kossar stendur fyrir kjólagöngu á Skjaldbreið á þriðjudag.*
FÓLK



# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
2. ágúst 2012
180. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Drullan vinsæl
*Metþátttaka verður í Mýrarboltanum um helgina og mikil fjölgun stelpuliða.*
popp 62

## Læra í leik
*Hildur Lilja Jónsdóttir stýrir fyrsta íslenska leiklistarleikskólanum.*
tímamót 32



## Á rétta kastið inni
*Óðinn Björn Þorsteinsson vonast til að hitta á góðan dag í kúluvarpskeppninni.*
sport 54

## veðrið í dag



**SÓL OG BLÍÐA** Í dag verður hæg norðlæg átt eða hafgola. Léttskýjað víðast hvar og hitinn á bilinu 10-20 stig, mildast SV-lands.
VEÐUR 4


HYLLT Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff eiginkona hans komu fram á svalir þinghússins eftir að Ólafur undirritaði embættiseið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í embætti í fimmta skiptið:
# Kjörnir fulltrúar láti af átökunum

**STJÓRNSÝSLA** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hvatti í gær kjörna fulltrúa þjóðarinnar til að láta af átökum og sameinast um stór mál, í erindi sem hann flutti við embættistöku í þinghúsinu.

„Allir sem kjörnir eru til ábyrgðar eiga að taka höndum saman, láta uppbyggingu leysa átök af hólmi,“ sagði Ólafur.

„Þjóðin biður um slík þáttaskil. [...] Þjóðin vill geta treyst Alþingi og öðrum stofnunum lýðveldisins. Samstaða um hin stærstu mál í stað sífellds ágreinings er vísasti vegurinn til að endurvekja traustið sem löggjafanum er nauðsynlegt.“

Hann hét á þingmenn, sveitarstjórnarmenn og aðra sem kjörnir eru til ábyrgðar að taka upp nýja siði og láta átökin víkja.

Í ræðu sinni þakkaði Ólafur mótframbjóðendum í forsetakosningunum í sumar. Hann gagnrýndi þá hefð sem skapast hefur að ekki tíðkist að bjóða sig fram gegn sitjandi forseta. Hann sagði þvert á móti að sitjandi forseti eigi að fagna því að verk hans séu lögð í dóm kjósenda. **- bj / sjá síðu 4**

# Augljósar brotalamir á Keflavíkurflugvelli

**Flugmálastjórn segir eftirliti hafa verið ábótavant þegar hælisleitendur komust um borð í þotu á Keflavíkurflugvelli. Alvarleg brotalöm í öryggiskerfinu segir innanríkisráðherra. Eðlilegt sé að velta fyrir sér misvísandi mati Isavia og FMS.**

**ÖRYGGISMÁL** Flugmálastjórn segir að þegar tveir hælisleitendur komust óséðir um borð í farþegaþotu aðfaranótt 8. júlí síðastliðins hafi eftirliti með aðgangsstýringu, eftirliti með flughlaði og vernd loftfars verið ábótavant. Þetta kemur fram í minnisblaði Flugmálastjórnar (FMS) til innanríkisráðuneytisins.

Um atvikið segir að mennirnir tveir „hafi komist yfir girðingu þar sem framkvæmdir stóðu yfir, óséðir yfir hlað og sáust ekki á eftirlitsmyndavélum, upp stigabíl og um borð í flugvél sem var opin og óvöktuð“. Einnig mun koma fram í minnisblaði FMS að ákvæði laga um flugvernd hafi brugðist. Gripið hafi verið til skammtímaráðstafana en fara þurfi yfir verklag eftirlitsmanna, myndavélavöktun, vernd flugvéla og fleira. Áætlun verði tilbúin í lok ágúst.

> Það er alveg rétt sem Isavia benti á sínum tíma á að mennirnir hefðu ekki komið ásetningi sínum fram en hins vegar er augljóst að þarna var alvarleg brotalöm í öryggiskerfinu.
>
> ÖGMUNDUR JÓNASSON INNANRÍKISRÁÐHERRA

Isavia, sem annast rekstur flugvalla á Íslandi, sagði hins vegar í yfirlýsingu daginn eftir atvikið að „öryggiskerfið hafi virkað þar sem að áhöfn Icelandair hafi fylgt forskriftum verklagsreglum í hvívetna og fundið mennina áður en vélin fór í loftið.“ Jafnframt að við skoðun á verklagi öryggisstarfsmanna Isavia hafi „ekkert athugavert“ komið í ljós. „Í ljósi alvarleika málsins mun Isavia yfirfara öryggiseftirlit með starfssemi á svæðinu, þrátt fyrir að öryggiskerfið hafi virkað í þessu tilviki,“ sagði Isavia þó.

Spurður um ósamræmi sem virðist vera í mati FMS og Isavia á öryggismálunum á Keflavíkurflugvelli þessa umræddu nótt segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra skiljanlegt að menn velti vöngum yfir því.

„Það er alveg rétt sem Isavia benti á sínum tíma á að mennirnir hefðu ekki komið ásetningi sínum fram en hins vegar er augljóst að þarna var alvarleg brotalöm í öryggiskerfinu. Það er þess vegna sem menn eru að setjast yfir þetta núna og munu grípa til þeirra ráðstafana sem talin er vera þörf á. Menn taka þetta alvarlegum tökum vegna þess að málið er litið alvarlegum augum,“ segir innanríkisráðherra. **- gar**

Vesturport á fornum slóðum:
# Íslendingasögur í nýrri þáttaröð

**SJÓNVARP** Jóhannes Haukur Jóhannesson leikur Egil Skallagrímsson í stjörnum prýddri sjónvarpsþáttaröð um Íslendingasögurnar sem Vesturport framleiðir. Þættirnir kallast Ferðalok.

Tökur fara meðal annars fram erlendis þar sem viðtöl verða tekin við „leikstjóra, leikara, rithöfunda og alls kyns stórstjörnur sem hafa sótt innblástur í Íslendingasögurnar,“ segir Rakel Garðarsdóttir, sem sér um framleiðslu þáttanna, án þess þó að gefa upp hvaða stórstjörnur ræðir. **- hþt / sjá síðu 62**










## SPURNING DAGSINS



*Rósa, þarf ekki bara að koma upp viðvörunarskiltum?*

„Það horfir vel við mér – ég sé ekkert því til fyrirstöðu.“

Reykjavíkurborg hefur skorið upp herör gegn auglýsingaskiltum sem hindra vegfarendur á gangstéttum í miðbænum. Rósa María Hjörvar er aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins.

Fjórir voru færðir á lögreglustöð eftir að uppgjör gamals ágreinings fór úr böndunum:

# Stunginn í lærið um hábjartan dag

**LÖGREGLUMÁL** Maður um tvítugt slapp án alvarlegra meiðsla þegar hann var stunginn í lærið við verslunarkjarnann Mjóddina í Breiðholti um hádegisbil í gær. Árásarmaðurinn var handtekinn á staðnum.

Lögregla fékk tilkynningu um málið skömmu fyrir eitt. Hinn slasaði fékk aðstoð við að stöðva blæðinguna frá nærstöddum sem höfðu orðið vitni að árásinni. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var það árásarmaðurinn sem kom því leiðar að lögregla yrði kölluð til þegar vinir fórnarlambsins gerðu sig líklega til að hefna fyrir atlöguna.

Árásarmaðurinn, sem lögregla hefur áður haft afskipti af, var handtekinn og þrír til viðbótar voru færðir á lögreglustöð til skýrslutöku. Allir eru þeir um tvítugt. Árásarmaðurinn var yfirheyrður síðdegis í gær.

Tilefni og aðdragandi árásarinnar liggur ekki fyrir, en svo virðist sem mennirnir hafi verið að gera upp gamlan ágreining.

Hinn slasaði var fluttur á slysadeild þar sem gert var að sárum hans. Honum hafði blætt töluvert en reyndist þó minna slasaður en óttast var í fyrstu. **- sh**



**MIKILL ATGANGUR** Nærstaddir ruku til og reyndu að stöðva blæðinguna úr læri mannsins.

Bandarískt fyrirtæki kaupir:

## Friðrik Skúlason ehf. selt

**VIÐSKIPTI Bandaríska hugbúnaðarfyrirtækið Commtouch hefur komist að samkomulagi við eigendur íslenska hugbúnaðarfyrirtækisins Friðriks Skúlasonar ehf. um kaup á rekstri fyrirtækisins. Kaupverðið er ekki gefið upp.**



FRIÐRIK SKÚLASON

**Starfsemi Friðriks Skúlasonar ehf. verður áfram óbreytt hér á landi þrátt fyrir kaupin. Fyrirtækið var stofnað árið 1983 og var fyrir kaupin nánast alfarið í eigu hjónanna Friðriks Skúlasonar og Bjargar M. Ólafsdóttur.**

**Commtouch sérhæfir sig í öryggismálum á netinu og vírusvörnum. Fyrirtækið er skráð á bandaríska Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn.** **- mþl**

Fjölskylduhjálp Íslands:

## Ókeypis hjólum úthlutað í dag

**FÉLAGSMÁL** Fjölskylduhjálp Íslands ætlar að úthluta reiðhjólum í dag í starfsstöð sinni í Eskihlíð 2-4. „Þetta eru reiðhjól sem eftir voru þegar Barnaheill lauk hjólaverkefni sínu 1. júlí og höfðu þá úthlutað 80 reiðhjólum. Gera þurfti við öll hjólin og tók það okkur lengri tíma en talið var í upphafi.

„Nú eru hjólin klár,“ segir í tilkynningu frá Fjölskylduhjálp sem kveðst hafa úthlutað 60 hjólum á Reykjanesi fyrstu vikuna í júlí. Þar sé þörfin fyrir hjól enn mikil. Úthlutunin í Reykjavík í dag er á milli klukkan eitt og fjögur eftir hádegi. **- gar**

# Gyllt sælgætisbréf tilkynnt sem eldur

**Slökkviliðið í Árnessýslu fær um fimmtán tilkynningar um lausan eld á hverju sumri, án þess að um bruna sé að ræða. Brýnt er að kanna kringumstæður áður en eldur er tilkynntur. Varhugavert er að kveikja eld núna vegna þurrka.**

**ELDVARNIR** „Nágrannavarslan er orðin svo öflug að ef fólk sér smá reyk er það tilkynnt. Ef það leggur töluverðan reyk frá grilli sem fer undir þakskegg, fáum við kannski fimm til sex tilkynningar um það,“ segir Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Árnessýslu.

„Einu sinni fengum við tilkynningu um bruna í sumarbústað við Þingvallavatn. Fólkið sem tilkynnti brunann var hinum megin við vatnið og þegar málið var kannað nánar reyndist þetta vera sólarljós sem speglaðist svona í lituðu gleri. Í öðru tilfelli var tilkynnt um eld, þar sem einungis var um gulllitað sælgætisbréf að ræða.“

Kristján segir samt brýnt að fólk tilkynni allan mögulegan eld. „En það er líka mikilvægt að fólk kanni aðstæður. Það er ekki nóg að sjá reyk, fólk verður að athuga hvaðan hann kemur,“ segir Kristján. „Stundum er fólk í bíl þegar það hringir og lætur vita af bruna. Þegar það er svo spurt nánar út í eldinn, er það kannski komið fimmtán til tuttugu kílómetra frá vettvangi. Þá verðum við að fara á staðinn.“

Áríðandi er fyrir þá sem ætla að kveikja eld eða mynda reyk með öðrum hætti, að láta lögreglu vita, því það getur einnig komið í veg fyrir að slökkviliðið sé sent í slíkan óþarfa leiðangur. „Það eru reyndar eindregin tilmæli okkar hjá Brunavörnum, að fólk kveiki ekki eld að óþörfu í svona miklum þurrki,“ segir Kristján.

Björn Karlson brunamálastjóri bendir á að ef menn ætla að kveikja stærri elda þurfi sérstakt brennuleyfi fyrir eldinum. „Það er harðbannað að vera með stóra bálkesti án nokkurra skilyrða. Fyrir slíkri brennu þarf að vera brennustjóri, ákveðinn halli þarf að vera á bálkestinum og fleira.“

Björn segir lagarammann að vísu gallaðan að því leyti að engin stærðarmörk séu á því hvað sé brenna. „En auðvitað gerist það að menn kveiki lítinn bálköst og þá er mikilvægt að menn hugi að kringumstæðum. Það verður að passa að ekkert brennanlegt sé í kringum eldinn, því það er auðvelt að kveikja gróðurelda. Svo verður fólk að passa að slökkt sé almennilega í þessu með vatni áður en svæðið er yfirgefið.“

**katrin@frettabladid.is**




**SLÖKKVISTARF** Vegna mikillar þurrkatíðar í sumar er varhugavert að kveikja nokkurn eld. Jörð hefur þornað langt ofan í svörðinn og gróður hefur sums staðar sölnað. Hvort tveggja getur stuðlað að skjótri útbreiðslu elds. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Það er ekki nóg að sjá reyk, fólk verður að athuga hvaðan hann kemur.
>
> **KRISTJÁN EINARSSON**
> SLÖKKVILIÐSSTJÓRI BRUNAVARNA ÁRNESSÝSLU



**VEISTU MEIRA?**
Sendu okkur ábendingu á **meira@frettabladid.is**



**HANS KRISTIAN OG EVA RAUSING**
Lögreglan fann lík hennar í íbúð þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breskur auðkýfingur:

## Rausing fékk skilorðsdóm

**BRETLAND, AP** Breski auðkýfingurinn Hans Kristian Rausing fékk tíu mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir að hafa látið lík eiginkonu sinnar Evu afskiptalaust í íbúð þeirra í tvo mánuði eftir að hún lést. Þau höfðu bæði átt við fíkniefnavandamál að stríða og fundust slík efni í líkama hennar, sem fannst 9. júlí undir klæðahrúgu í svefnherbergi þeirra þegar lögreglan gerði þar húsleit.

Talið er að hún hafi látist 7. maí, en ekkert bendir til þess að lát hennar sé eiginmanninum að kenna. Auðæfi Rausings eru komin frá föður hans, sem fann upp Tetra pak-fernurnar. **- gb**

Flestir koma á föstudag:

## Búist við annríki fyrir helgi

**VERSLUN Forsvarsmenn Vínbúðarinnar búast við annasamri viku nú þegar Verslunarmannahelgin nálgast. Greint er frá því á vef ÁTVR að í fyrra hafi komið tæplega 117 þúsund viðskiptavinir í Vínbúðirnar vikuna fyrir þessa stærstu ferðamannahelgi ársins. Til samanburðar komu að meðaltali 98 þúsund viðskiptavinir í Vínbúðirnar í viku í júlí.**

**Samkvæmt upplýsingum frá Vínbúðunum sýnir reynslan að flestir viðskiptavinir koma á föstudeginum fyrir verslunarmannahelgina, flestir milli klukkan fjögur og sex eða allt að sjö þúsund viðskiptavinir á klukkustund.** **- óká**






Rannsóknaskipið Árni Friðriksson skoðar hafsbotninn með fjölgeislamælingum:

# Fundu fjall vestur af Snæfellsnesi

**RANNSÓKNIR** Fjall sem Hafrannsóknastofnunin (Hafró) fann neðansjávar í nýjum leiðangri sínum kann að vera tuttugu milljóna ára gamalt.

„Fjölgeislamælingarnar í leiðangri á rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni fyrr í sumar leiddu í ljós umfangsmikið neðansjávarfjall djúpt undan rótum landgrunnsins um 120 sjómílur vestur af Snæfellsnesi,“ segir í tilkynningu Hafró. Fjallið, sem er á 950 til 1.400 metra dýpi, er sagt um 450 metra hátt, álíka hátt og Ingólfsfjall. „Sá hluti þess sem var kortlagður er um 300 ferkílómetrar að umfangi sem er tífalt flatarmál Ingólfsfjalls,“ segir í umfjöllun Hafró.

Lögun fjallsins er sögð sláandi lík móbergsstapa og hafa yfir sér unglegt yfirbragð.

„Sýnataka með greiningu bergsins er nauðsynleg til að ganga úr skugga um hvort sú sé raunin eða hvort um er að ræða eldstöð sem tengist gömlu rekbelti og er þá hugsanlega um 20 milljón ára.“

Í leiðangrinum voru gerðar fjölgeislamælingar djúpt vestur af landinu, í Vesturdjúpi allt norður að Grænlandssundi, með það að markmiði að kortleggja botnlögun á þekktri veiðislóð og kanna umhverfi öflugra hafstrauma sem fara um Grænlandssund. Alls voru mældir um 9.000 ferkílómetrar í ellefu daga leiðangri. **- óká**




**NEÐANSJÁVAR** Lögun neðansjávarfjalls sem fannst í nýjum mælingum Hafró er sögð sláandi lík móbergsstapa. MYND/HAFRÓ




**Verið hjartanlega velkomin.** Geysir Skólavörðustíg 16, Akureyri & Haukadal . www.geysir.net – Sími 519 6000.

E&Co. – Mynd Ari Magg

**GENGIÐ 01.08.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,74 | 121,32 |
| Sterlingspund | 189,43 | 190,35 |
| Evra | 148,19 | 149,01 |
| Dönsk króna | 19,915 | 20,031 |
| Norsk króna | 19,965 | 20,083 |
| Sænsk króna | 17,706 | 17,81 |
| Japanskt jen | 1,5433 | 1,5523 |
| SDR | 182,01 | 183,09 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 208,117

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Undirbúningur fyrir þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um næstu helgi að ná hámarki:

# Kapphlaup um bestu tjaldstæðin

**VESTMANNAEYJAR** Það var handagangur í öskjunni þegar Eyjamönnum var leyft að stika út svæði fyrir tjöld sín í Herjólfsdal í gær.

Starfsmenn á þjóðhátíðarsvæðinu fengu venju samkvæmt tveggja mínútna forskot í kapphlaupinu og reynist öðrum eyjaskeggjum oft erfitt að bíða þessar tvær mínútur.

Kapphlaupið um bestu staðina til að reisa tjöldin gekk vel fyrir sig í dalnum í gær. Það hefur reyndar ekki alltaf verið raunin, og stundum hafa menn slegist ef þeir verða af „sínum“ stað. **- bj**



**HLAUPIÐ OG STIKAÐ** Eyjamenn flykktust í dalinn klukkan 18 í gærkvöldi þegar heimilað var að stika fyrir tjöldum fyrir þjóðhátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Mjólkurvörur verða ferskari:

## Bio-bú fær afurðastöðvaleyfi

**LANDBÚNAÐUR Mjólkurvöruframleiðslufyrirtækið Bio-bú hefur fengið afurðastöðvaleyfi. Matvælastofnun veitir leyfið að lokinni athugun á fyrirtækinu.**

**Leyfið gerir Bio-bú kleift að taka á móti ógerilsneyddri mjólk beint frá bændum. Það sparar fyrirtækinu einn dag í framleiðsluferli. Þá gefur leyfið fyrirtækinu möguleika á því að flytja út vörur sínar. Bio-bú, sem var stofnað árið 2002, framleiðir lífrænar mjólkurafurðir og selur meðal annars jógúrt, skyr, smjör og sorbet ís. - mþl**

Fuglaflensa í New England:

## 160 kópar dáið úr fuglaflensu

**BANDARÍKIN** Nýtt afbrigði af fuglaflensu hefur smitast í seli og dregið um 160 dýr til dauða á strandlínunni milli Maine og Massachusetts í Bandaríkjunum.

Hópur sérfræðinga, hefur nú rannsakað selina og segir að vírusinn geti borist frá sýktum selum í menn. Flestir selanna voru aðeins kópar þegar þeir fundust, sex mánaða eða yngri. Þeir voru allir með lungnabólgu og útbrot. **- ktg**



**STRAUMSVÍK** Stærsta fíkniefnamál síðasta árs var þegar fíkniefni fundust í gámi sem kom með skipi til Straumsvíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ársskýrsla lögreglunnar:

## Meira haldlagt af fíkniefnum

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á mun meira af amfetamíni og e-töflum á síðasta ári en undangengin ár. Hald var lagt á svipað magn af maríjúana og árið 2010 og þá stöðvaði lögreglan fjölmargar kannabisræktanir. Þetta kemur fram í ársskýrslu embættisins fyrir síðasta ár.**

**Í skýrslunni segir að amfetamín hafi komið mikið við sögu hjá lögreglunni á árinu en hald var lagt á um 30 kíló af efninu. Þriðjung efnisins má rekja til svokallaðs Straumsvíkurmáls þar sem mikið magn fannst í gámi sem kom með vöruflutningaskipi til Straumsvíkurhafnar í október. - mþl**

# Stjórnarskrá Íslands ramminn sem hélt

**Ólafur Ragnar Grímsson sór embættiseið sem forseti Íslands í fimmta skipti í gær. Sagði fimm kosningar frá hruni sýna kosti stjórnarskrárinnar en minntist ekki á kosningar til stjórnlagaráðs. Vill að kjörnir fulltrúar láti af átökum.**

**STJÓRNSÝSLA** Íslenska stjórnarskráin er rammi sem hefur haldið í gegnum tíðina og veitti á síðustu árum svigrúm til að mæta kröfum mótmælenda með því að gera upp mál með þjóðaratkvæðagreiðslum, sagði Ólafur Ragnar Grímsson í ræðu eftir að hann sór embættiseið í fimmta skipti á Alþingi í gær.

„Það sýnir kosti þeirrar stjórnarskrár sem þjóðin sameinaðist um við lýðveldisstofnun að í kjölfar bankahrunsins veitti hún fólkinu í landinu fimm sinnum vald til að kveða upp sinn dóm: í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, í tveimur þjóðaratkvæðagreiðslum og í nýlegu forsetakjöri,“ sagði Ólafur Ragnar.

Hann minntist hins vegar ekki á sjöttu kosningarnar sem haldnar hafa verið frá hruni, þegar þjóðin kaus fulltrúa á stjórnlagaþing, sem Hæstiréttur dæmdi raunar ólögmætar.

Ólafur vék þó að yfirlýstum tilgangi með þeim kosningum, að breyta stjórnarskránni. „Íslendingar hafa ávallt borið gæfu til að ná víðtækri samstöðu um breytingar á stjórnarskrá, skapa einhug sem í aðdraganda aldamóta birtist við afnám deildaskiptingar Alþingis, mótun nýs kafla um mannréttindi og breytta tilhögun þingrofsins.“

Kjörnir fulltrúar þjóðarinnar eiga að taka höndum saman og láta af átökum, sagði Ólafur Ragnar, sem sagði þjóðina biðja um slík þáttaskil.

„Þjóðin vill geta treyst Alþingi og öðrum stofnunum lýðveldisins. Samstaða um hin stærstu mál í stað sífellds ágreinings er vísasti vegurinn til að endurvekja traustið sem löggjafanum er nauðsynlegt,“ sagði Ólafur.

„Því heiti ég á þessari stundu á okkur öll, sem sækjum umboð til þjóðarinnar, heiti á Alþingi og sveitarstjórnir, alla sem kjörnir eru til ábyrgðar, að við tökum upp nýja siði, látum átökin víkja og röðum verkefnum á þann veg að breiður stuðningur verði að baki ákvörðunum.“ **brjann@frettabladid.is**



**HEILSAÐ** Vigdís Finnbogadóttir, forveri Ólafs Ragnars í embætti forseta Íslands, heilsaði forsetahjónunum eftir að Ólafur sór embættiseið á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Framboð gegn sitjandi forseta eðlileg

Ólafur Ragnar Grímsson þakkaði mótframbjóðendum sínum í forsetakosningunum í sumar í ræðu sinni við embættistökuna í gær. Hann sagði forsetakjör af því tagi sem farið hafi fram í sumar í takt við lýðræðiskröfu okkar tíma. Hann gagnrýndi jafnframt þá hefð sem skapast hefur að ekki tíðkist að bjóða sig fram gefi sitjandi forseti kost á sér til endurkjörs.

„Lýðræðiskjarni stjórnarskrár og tíðarandi nýrrar aldar eru ótvíræðar vísbendingar um að sérhver forseti eigi að fagna því að athafnir hans og orðræða séu vegin og metin við endurnýjun umboðsins, einkum þegar umdeildar ákvarðanir hafa verið dagskrárefni, forsetinn vísað lögum frá Alþingi í dóm þjóðarinnar,“ sagði Ólafur Ragnar.



**VÉL ICELAND EXPRESS** Vefurinn Túristi.is birtir tölur um stundvísi íslenskra flugfélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Iceland Express stendur best:

## Íslensku félögin halda áætlun

**FERÐAÞJÓNUSTA** Íslensku flugfélögin Icelandair, Iceland Express og Wow air héldu vel áætlun fyrri hluta sumars, að því er fram kemur á vefnum Túristi.is. Síðasta hálfa mánuðinn lækkaði þó hlutfall ferða sem voru á áætlun samanborið við vikurnar á undan.

Fram kemur að Iceland Express hafi verið á réttum tíma í 91 prósenti tilvika og tafirnar litlar síðustu tvær vikur. Hjá Icelandair og Wow air voru um átta af hverjum tíu ferðum á áætlun.

Meðalbrottfararseinkun var 33 mínútur hjá Wow air, 11 mínútur hjá Icelandair og tvær mínútur hjá Iceland Express.

**TORG Í BIÐSTÖÐU**

**Markaður í Álfheimum**

Hrönn Baldursdóttir verður með markað í Álfheimum í samvinnu við verkefnið Torg í biðstöðu í dag. Hrönn mun selja ýmsar vörur til styrktar veikri dóttur sinni, en vörurnar hannar hún flestar sjálf.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SAMA BLÍÐAN**

Áfram sama góða veðrið um allt land á morgun og litlar sem engar breytingar fram yfir helgina. Það verður sólríkt og milt en þó hætt við þoku sums staðar norðan og austan til.




**Á MORGUN** Hæg vestlæg átt eða hafgola.

**LAUGARDAGUR** Hægviðri.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 32° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 30° |
| Billund | 24° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 23° |
| Kaupmannahöfn | 23° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 21° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 30° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 19° |
| París | 24° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



husa.is
BRJÁLAÐ VERÐ
ALLT FYRIR HELGINA Í HÚSASMIÐJUNNI
RIGA
TVEGGJA MANNA TJALD
Stærð 200 x 140 x 100
Vnr. 3000410
2.490 kr.
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
ATHINA
FJÖGURRA MANNA TJALD
Tvö herbergi
Vnr. 3000414
15.670 kr.
Áður: 20.895 kr.
25% AFSLÁTTUR
FÆST EINNIG SEX MANNA
TJALDSTÓLL MEÐ HÁU BAKI
Vnr. 3900434
2.793 kr.
Áður: 3.990 kr.
30% AFSLÁTTUR
TJALDSTÓLL
fellanlegur
Vnr. 3901474
1.469 kr.
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Hattar
Vnr. 4301097
999 kr.
Áður: 1.499 kr.
Sandalar
Vnr. 5861121
4.325 kr.
Áður: 6.179 kr.
50% AFSLÁTTUR
Létt flíspeysa
Vnr. 5870578/85
2.600 kr.
Áður: 5.199 kr.
ÓKEYPIS
Allir sem versla fá einnota grill
meðan birgðir endast
Moscow
SVEFNPOKI
0.95 kg 6°C
Vnr. 3000421
1.390 kr.
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
Ibiza
SVEFNPOKI
1.7 kg mínus 4°C
Vnr. 3000420
3.929 kr.
Áður: 5.239 kr.
KÆLIBOX
24 ltr
1.393 kr.
Áður: 1.990 kr
SUMAR BÚSÁHÖLD
60% AFSLÁTTUR
SUMARBLÓM OG TRJÁPLÖNTUR
ENN MEIRI AFSLÁTTUR!
50-70%
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## KJÖRKASSINN



*Telur þú að slaka megi á öryggisleit á flugfarþegum í Leifsstöð?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 43,6% |
| NEI | 56,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgdist þú með embættistöku forseta Íslands?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu lýsir yfir áhyggjum af auknum vopnaburði í ársskýrslu:

# Ofbeldisbrotum og innbrotum fækkaði 2011

**LÖGREGLUMÁL** Ofbeldisbrotum og innbrotum fækkaði verulega á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári. Þá fækkaði skemmdarverkum einnig en kynferðisbrotum fjölgaði. Þetta er meðal þess sem kemur fram í ársskýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2011 sem kom út á þriðjudag.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hafa gengið vel að ná markmiðum sínum á árinu 2011 í pistli í skýrslunni. Það sjáist best í fækkun afbrota og því mikla trausti almenningur ber til lögreglunnar og hennar starfa. Kemur fram í skýrslunni að í viðhorfskönnun sem lögð var fyrir íbúa síðasta sumar hafi tæplega 85% þátttakenda talið lögregluna skila mjög eða nokkuð góðu starfi.

Eins og áður sagði fækkaði innbrotum verulega á milli ára. Þannig voru að meðaltali framin fjögur innbrot í umdæminu á dag árið 2011 en þau voru sex árið 2010. Rán voru um fjörutíu og flest framin í tengslum við fíkniefnaskuldir.

Ofbeldisbrotum fækkaði einnig á milli ára og voru minni háttar líkamsárásir færri en um árabil. Alvarlegar líkamsárásir voru um hundrað á árinu sem er ámóta og undanfarin ár. Þá voru þrjú manndrápsmál til rannsóknar hjá lögreglunni sem er óvanalega mikið.

Í skýrslunni segir að það verði verðugt verkefni að fækka alvarlegum ofbeldisbrotum auk þess sem áhyggjum er lýst af auknum vopnaburði.

- mþl

### Of mikill niðurskurður

Stefán Eiríksson lögreglustjóri segir góðan árangur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári áhugaverðan í ljósi hins mikla niðurskurðar á fjárframlögum sem embættið hefur þurft að sæta síðustu ár. Hefur niðurskurðinum meðal annars verið mætt með fækkun starfsfólks og verkefna. Lýsir Stefán þeirri skoðun sinni í ársskýrslunni að allt of langt hafi verið gengið í niðurskurðinum sem hafi fyrir vikið haft veruleg áhrif á ýmsa þætti starfseminnar.








**UPPREISNARMENN Í SÝRLANDI** Komnir með skriðdreka sem þeir hirtu af stjórnarhernum. NORDICPHOTOS/AFP

# Assad forseti hvetur herlið sitt til dáða

**Segir örlög Sýrlands ráðast í orrustunni um Aleppo. Amnesty International fordæmir framferði stjórnarhersins og lýsir mannréttindabrotum hans í nýrri skýrslu. Öryggisráð S.Þ. hvatt til að draga Sýrland fyrir stríðsglæpadómstól.**

**SÝRLAND** Bashar al Assad Sýrlandsforseti segir að örlög sýrlensku þjóðarinnar ráðist í orrustunni um Aleppo. Hann hefur ekkert tjáð sig opinberlega í hálfan mánuð, en sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem hann hvetur her sinn til dáða.

Herinn hefur síðustu daga haldið uppi hörðum árásum á Aleppo, fjölmennustu borg landsins, sem uppreisnarmenn höfðu að stórum hluta náð á sitt vald.

Sausan Gaulage, talskona Sameinuðu þjóðanna í Sýrlandi, segir að sýrlenskar herþotur hafi tekið þátt í árásunum á uppreisnarmenn.

„Í gær urðu eftirlitsmenn okkar í fyrsta sinn vitni að skothríð frá herþotum. Við höfum nú líka fengið staðfestingu á því að stjórnarandstaðan er komin með þungavopn, þar á meðal skriðdreka,“ hefur fréttastofan AP eftir henni.

Sameinuðu þjóðirnar hafa miklar áhyggjur af örlögum almennings í borginni, sem verður fyrir sprengjuárásum stjórnarhersins.

Þúsundir manna flýja borgina á degi hverjum en margir komast ekki burt og ástandið í borginni versnar dag frá degi: „Fólk skortir mat, eldsneyti, vatn og gas,“ segir Gaulage.

Mannréttindasamtökin Amnesty International sendu í gær frá sér skýrslu, þar sem lýst er mannréttindabrotum stjórnarhersins í Aleppo. Þar er fullyrt að bæði stjórnarherinn og alræmdar hrottasveitir á vegum stjórnarinnar hafi ítrekað beitt skotvopnum á friðsama mótmælendur og drepið og sært bæði þátttakendur í mótmælum og aðra nærstadda, þar á meðal börn. Einnig elti þeir uppi hina særðu og líka lækna og heilbrigðisstarfsfólk sem reynt hefur að líkna þeim. Þá hafi margir þeirra sem handteknir eru verið pyntaðir og þeim ógnað með ýmsum hætti.

„Ekki kemur á óvart að lömun alþjóðasamfélagsins undanfarna 18 mánuði hefur gert það að verkum að Sýrlandsstjórn telur sig geta haldið áfram brotum sínum, þar á meðal stríðsglæpum og glæpum gegn mannkyni, án ótta við refsingu,“ segir Donatello Rovera hjá Amnesty International. „Ástandinu í Sýrlandi ætti tafarlaust að vísa til Alþjóðlega sakadómstólsins.“

gudsteinn@frettabladid.is






Íslendingur þarf að dúsa í fangelsi í Bangkok þar til ákveðið verður um áfrýjun:

# Brynjar sýknaður af fíkniefnasmygli

**DÓMSMÁL** Brynjar Mettinisson, sem setið hefur í fangelsi í Taílandi í rúmt ár grunaður um fíkniefnabrot, var fundinn sýkn saka í undirrétti þar í landi á þriðjudag.

Saksóknaraembættið í Bangkok, höfuðborg Taílands, hefur nú mánuð til að ákveða hvort dómnum verður áfrýjað og ef það verður gert þarf Brynjar að bíða þess að málið verði tekið fyrir í yfirrétti. Þangað til þarf hann að sitja áfram í fangelsi.

DV greindi frá dómsniðurstöðunni í gær og ræddi við Borghildi Antonsdóttur, móður Brynjars, sem kvaðst fegin niðurstöðunni.



**BRYNJAR METTINISSON**

„Þetta er mikill léttir og þó að það sé smá skuggi framundan þá er það samt léttir að hann hafi verið sýknaður,“ sagði hún í samtali við blaðið.

Brynjar var handtekinn í Bangkok í byrjun júní í fyrra. Hann var talinn hafa ætlað að flytja lítra af metamfetamíni í vökvaformi til Japans ásamt áströlskum vini sínum. Sjálfur sagðist hann hafa haldið vökvinn væri lyfjablanda ætluð japönskum lækni.

Brynjar átti að fá jafnvirði tæpra 300 þúsund króna fyrir viðvikið en var handtekinn þegar hann réð burðardýr til verksins, sem reyndist vera dulbúinn lögreglumaður. Hann hefur síðan búið við dapran aðbúnað í fangelsi í höfuðborginni.

- sh




# TAX FREE DAGAR



## AFNEMUM VSK
ALLAR **ÚTILEGUVÖRUR**
ÁN VIRÐISAUKASKATTS*



## AFNEMUM VSK
ÖLL **GARÐHÚSGÖGN**
ÁN VIRÐISAUKASKATTS*



## AFNEMUM VSK
**SUMARLEIKFÖNG**
ÁN VIRÐISAUKASKATTS*





## AFNEMUM VSK
ÖLL **GRILL** ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 6. ágúst á meðan birgðir endast.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Í hvaða landi hefur rafmagnsleysi hrjáð hundruð milljóna íbúa síðustu daga?
2. Hvaða lið sigraði íslenska handboltalandsliðið örugglega á Ólympíuleikunum á þriðjudag?
3. Í hvaða tryggingafyrirtæki hefur hópur lífeyrissjóða keypt meirihluta?

**SVÖR**

1. Indlandi 2. Landslið Túnis 3. Tryggingamiðstöðinni

Viðskipti í kauphöllinni:

## Úrvalsvísitalan lækkaði í júlí

**VIÐSKIPTI Heildarviðskipti með hlutabréf í íslensku kauphöllinni námu 2.845 milljónum króna í júlí. Jafngildir það 129 milljónum á dag en til samanburðar voru meðalviðskipti á dag 62 milljónir í júlí í fyrra.**

**Úrvalsvísitalan OMXI6 lækkaði um 4,9% í júlí og stóð við lokun markaða á þriðjudag í 1.005 stigum. Mest viðskipti voru með bréf í Marels í mánuðinum en þau námu 872 milljónum. Viðskipti með bréf Regins námu 852 milljónum og með bréf Icelandair Group 564 milljónum.**

**Þá námu heildarviðskipti með skuldabréf í kauphöllinni 110 milljörðum króna sem samsvarar 5 milljörðum á dag. Til samanburðar var meðalvelta á dag í júlí í fyrra 8,8 milljarðar.**

- mþl

# Vefsíur gagnslausar í baráttunni gegn barnaklámi

**Félag um stafrænt frelsi á Íslandi er mótfallið upptöku vefsíu til að hamla umferð Íslendinga á vefsíður með efni sem sýnir börn á kynferðislegan hátt. Síur séu í besta falli gagnslausar og geti í raun gert ógagn.**

**TÆKNI** Vefsíur sem hamla eiga umferð inn á vefsíður með ólöglegu efni, þar á meðal efni sem sýnir börn á kynferðislegan hátt eða ofbeldi gegn börnum, eru gangslausar og gætu veitt falska öryggiskennd. Þetta segir Þröstur Jónasson hjá Félagi um stafrænt frelsi á Íslandi (FSFÍ) í samtali við Fréttablaðið.

Í síðustu viku var sagt frá norsku síunni CSAADF, sem lögregla hefur hannað í samstarfi við netfyrirtæki, og áhuga lögreglu á að setja síuna upp hér á landi. FSFÍ segja síuna hins vegar einungis bjóða heim hættu á ritskoðun á netnotkun landsmanna.

„Þetta er engin lausn,“ segir Þröstur. „Allir þeir sem vilja geta komist fram hjá síum eins og þessum og þannig eru þær engin hindrun. Hins vegar fá aðrir falska öryggiskennd um að í þessu felist vernd. Þá er dregin upp sú mynd að búið sé að gera eitthvað í málinu og það vinnur gegn því að eitthvað sé gert í hlutunum fyrir alvöru.“

Þröstur segir að til séu úrræði til að berjast gegn efni sem sýni börn á kynferðislegan hátt og þeim einstaklingum sem framleiða slíkt. Það útheimti hins vegar tíma, sérfræðiþekkingu og fjármuni.

„Það er mun gáfulegra að ráðast að rót vandans og þá sem eru að framleiða efnið og dreifa því. Til þess þarf að finna og greina efni sem sýnir brot á börnum og leita ofbeldisfólk uppi. Það er flókið og dýrt en skilar árangri eins og við höfum séð að minnsta kosti tvisvar síðasta ár þar sem tugir manna voru teknir í aðgerðum Interpol.“

> Allir þeir sem vilja geta komist fram hjá síum eins og þessum.
>
> **ÞRÖSTUR JÓNASSON**
> FÉLAG UM STAFRÆNT FRELSI Á ÍSLANDI

Einn þátta í þessari baráttu segir Þröstur felast í aukinni fræðslu þar sem almenningi sé bent á leiðir til að gera vart við vafasamt efni sem það rekst á. Sem dæmi nefnir Þröstur tilkynningarhnapp á vef Barnaheilla þar sem hægt er að gera lögreglu viðvart um síðurnar.

Þröstur segir annan flöt á þessu máli vera þann að ritskoðun á efni á Internetinu eigi ekki rétt á sér.

„Svona síur hafa átt það til að vinda upp á sig og þróast út í að verða að ritskoðun sem skemmir möguleika á samskiptum þrátt fyrir fullyrðingar um annað.“



**ÓVÆRA Á NETINU** Félag um stafrænt frelsi á Íslandi varar við upptöku síu sem lokar á vefumferð. Þótt tilgangurinn sé að vinna gegn dreifingu á efni sem sýnir börn á kynferðislegan hátt sé veruleikinn sá að sían sé gagnslítil og takmarki lögleg samskipti. NORDICPHOTOS/AFP

Þröstur segir norsku síuna vera gott dæmi um slíkt. Þrátt fyrir að því sé haldið fram að ekki sé verið að safna upplýsingum um þá sem rekast á vefsíður úr gagnagrunni síunnar hafi lögregla á hraðbergi upplýsingar um hversu oft viðvörunarsíða birtist þeim sem lenda í síunni, sem bendi til hins gagnstæða. Þá hafi gagnagrunnurinn innihaldið vefsíður sem ekki innihéldu ofbeldisefni gegn börnum.

„Þegar reynt er að ákveða hvað megi skoða og hvað ekki er verið að bjóða heim takmörkunum á frjálsum upplýsingum sem er brot á mannréttindum,“ segir Þröstur. „Þau lönd sem slíkt stunda eru ekki félagsskapur sem við Íslendingar viljum vera í.“

thorgils@frettabladid.is




50% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 12.495
6.245
BADMINTON, BLAK OG TENNISSETT
Frábært verð!
50% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 3.995
1.995
KRIKKETSETT
Frábært verð!
PÚTTSETT
pútter, motta, boltar og púttervél. Motta stærð: 120 x 26 sm.
50% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 5.995
2.995
50% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 12.495
6.245
BOXÆFINGASETT
Boxpúði og boxhanskar.
FULLT VERÐ: 29.950
14.950
50% AFSLÁTTUR
FÓTBOLTAMARK
Stærð: L366 x H183 sm. Stillanlegt niður í L244 x H183 sm.
50% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 6.995
3.495
ÆFINGAGRINDUR
Góðar æfingagrindur á frábæru verði! 6 stk. saman í pakka.
FULLT VERÐ: 9.995
4.995
50% AFSLÁTTUR
KÖRFUBOLTASETT
Sem inniheldur:
Körfuboltaspjald á fæti, bolta og pumpu.
Stillanleg hæð allt að 178 sm.
50% AFSLÁTTUR
PÚTTSETT
Settið inniheldur:
2 stk. flögg/holur, 3 stk. golf-boltar og 1 stk. pútter.
FULLT VERÐ: 3.995
1.995
50% AFSLÁTTUR
TENNIS-LEIKUR
2 spaðar ásamt stöng með bolta.
FULLT VERÐ: 6.995
3.495
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 4.495
1.995
56% AFSLÁTTUR
LIVERPOOL SESSUR
Fyrir stillanlegt bak.
50% AFSLÁTTUR
PORTO STÓLL
Stóll úr svörtu stáli með grænu netáklæði.
FULLT VERÐ: 2.995
1.495
ROYAL HARÐVIÐARBORÐ
Hægt að leggja saman. Stærð á borði: Ø110 sm.
FULLT VERÐ: 16.990
9.990
41% AFSLÁTTUR
60% AFSLÁTTUR
ALGHERO GARÐBORÐ
Stærð: B70 x L70 sm.
FULLT VERÐ: 24.990
9.990
81% AFSLÁTTUR
DERBY SETT
Flott sett úr lituðu plasti, fæst í 2 litum.
FULLT VERÐ: 6.995
1.295
50% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 9.995
4.995
PRISCA STÓLL
Staflanlegur armstóll.
MERIDA GARÐSETT
Borð ásamt sófa, 2 stólum og sessum.
50% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 399.990
199.990
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

**FRÉTTASKÝRING:** Rannsóknir á virkjanakostum

# Yfir tuttugu virkjanakostir í athugun

**Landsvirkjun stendur fyrir athugun á fjölda virkjanakosta, bæði hvað varðar jarðvarma- og vatnsaflsvirkjanir. Formaður Samorku segir eðlilegt að rannsaka virkjanakosti sem settir eru í biðflokk í rammaáætlun. Náttúruverndarsinnar gagnrýna boranir við Þjórsá.**

Nokkuð hefur verið rætt um rannsóknir Landsvirkjunar á svæðum sem eru sett í biðflokk í tillögu að rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Þar hefur verið horft á Þjórsá og Stóru Laxá, svo dæmi séu nefnd. Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hvaða rannsóknum fyrirtækið stæði fyrir og upplýsingafulltrúi þess vísaði til ársskýrslu fyrir árið 2011.

Samkvæmt henni er Landsvirkjun með 21 virkjanakost í athugun. Við það bætast rannsóknir á virkjun í Stóru-Laxá, þannig að kostirnir eru orðnir 22.

Alls eru 11 vatnsaflskostir til skoðunar og 9 jarðvarmakostir. Við það bætast vindaflstöðvar við Búrfell, sem eru til rannsóknar. Afl fyrirhugaðra vatnsaflsvirkjana er 675 MW, en úr jarðvarma á að fá 625 MW og 2 að auki úr vindaflsvirkjunum sem eru til rannsóknar. Það gera 1.302 MW.

### Jarðhiti á Norðausturlandi

Næstu verkefni Landsvirkjunar eru á jarðhitasvæðum í Bjarnarflagi og á Þeistareykjum. Í skýrslunni kemur fram að þau bjóði upp á mikla möguleika.

„Boranir hafa þegar sannreynt að unnt er að virkja um 100 MW og rannsóknir benda til allt að 400 MW aflgetu svæðanna samanlagt, að Kröflusvæðinu meðtöldu.“

Landsvirkjun bauð í júní út borun á allt að þremur háhitaholum við Bjarnarflag, þannig að verkefnið er komið vel á veg. Fyrirtækið hefur undanfarin ár unnið að undirbúningi þriggja til fjögurra virkjana á áðurnefndum háhitasvæðum á Norðausturlandi.

### Neðanverð Þjórsá

Landsvirkjun hefur um árabil unnið að rannsóknum að þremur virkjunum í neðanverðri Þjórsá; Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun.

Mati á umhverfisáhrifum virkjananna er lokið og hafa þær allar verið teknar inn á aðalskipulag viðkomandi sveitarfélaga. Virkjanirnar voru færðar úr nýtingarflokki yfir í biðflokk í vinnu við rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða.

Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að Landsvirkjun hefði haldið rannsóknum sínum áfram á svæðinu og meðal annars borað til að kanna gæði bergs á fyrirhugaðri stöðvarhúsalóð. Rannsóknirnar hafa leitt í ljós að hægt er að auka arðsemi virkjananna miðað við það sem áætlað var. Kostnaður við hverja orkueiningu við Hvamms- og Holtavirkjun getur lækkað um 8 prósent.

Umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, hefur biðlað til fyrirtækisins um að fara sér hægt þar til vinnu við rammaáætlun lýkur og eins og sést hér til hliðar eru skiptar skoðanir á rannsóknunum.

### Blönduleið og Hágöngur

Meðal þeirra virkjana sem eru til athugunar hjá Landsvirkjun er Skrokkölduvirkjun, en hún byggist á því að vatni verður veitt frá Hágöngulóni að Skrokköldu.

Árið 2010 hófst vinna við að skoða mögulegar virkjanir á veituleið Blönduvirkjunar og er stefnt að því að á árinu 2012 sé sú virkjanatilhögun sem hagkvæmust þykir þar verkhönnuð. Þá er stefnt að stækkun Búrfellsvirkjunar, en orkuútreikningar sýna að hægt er að auka orkugetu kerfisins um 208 gígavattsstundir á ári ef virkjunin er stækkuð um 70 MW.

Áætluð orkugeta jarðhitasvæðisins í Köldukvíslarbotnum við Hágöngur er talin vera 2.000 til 3.200 gígavattsstundir á ári. Djúpborun hefur farið fram á svæðinu.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is


## Virkjanakostir í athugun

| Vatnsaflsvirkjanir | Afl (MW) |
|---|---|
| 1. Skrokkölduvirkjun | 45 |
| 2. Bjallavirkjun | 46 |
| 3. Tungnárlón, 600 Gl | - |
| 4. Búrfellsvirkjun II | 70 |
| 5. Hvammsvirkjun | 82 |
| 6. Holtavirkjun | 53 |
| 7. Urriðafossvirkjun | 130 |
| 8. Hólmsárvirkjun Atley | 65 |
| 9. Skatastaðavirkjun | 156 |
| 10. Virkjanir í Blönduveitu | 28 |
| 11. Norðlingaölduveita | - |
| 22. Stóra-Laxá í Hreppum* | 25-30 |
| **Jarðgufuvirkjanir** | |
| 12. Krafla I stækkun | 40 |
| 13. Krafla II 1. áfangi | 45 |
| 14. Krafla II 2. og 3. áfangi | 90 |
| 15. Bjarnarflag I 1. og 2. áfangi | 90 |
| 16. Gjástykki | 45 |
| 17. Hágönguvirkjun 1. áfangi | 45 |
| 18. Hágönguvirkjun 2. og 3. áfangi | 90 |
| 19. Þeistareykir 1. og 2. áfangi | 90 |
| 20. Þeistareykir 3. og 4. áfangi | 90 |
| **Vindorka** | |
| 21. Vindaflstöðvar | 2 |

* RANNSÓKNARLEYFI FÉKKST Í SÍÐASTA MÁNUÐI OG KOSTURINN VAR ÞVÍ EKKI Í ÁRSSKÝRSLUNNI.




HEIMILD: ÁRSSKÝRSLA LANDSVIRKJUNAR 2011

## Landsvirkjun þrjóskast áfram

„Þetta er einhver ofboðsleg þrjóska að halda alltaf áfram, þrátt fyrir miklar deilur og andstöðu við þessar virkjanir þá er alltaf haldið áfram,“ segir Sigþrúður Jónsdóttir, einn stofnenda Sólar á Suðurlandi, samtökin sem hafa beitt sér gegn virkjunum í neðanverðri Þjórsá, um þá staðreynd að Landsvirkjun haldi rannsóknum á svæðinu áfram. „Þetta leggst auðvitað illa í okkur. Það er andstyggilegt að það sé alltaf verið að skottast í kringum mann endalaust að rannsaka eitthvað.“

Sigþrúður segir morgunljóst að rannsóknir séu upphaf einhvers stærra. „Þegar byrjað er að rannsaka eitthvað þá er vilji þar á bak við til að fara í eitthvað meira. Þú ferð ekkert að rannsaka eitthvað bara til að færa þjóðinni einhverjar upplýsingar, þannig er það ekki.“

Hún telur mikilvægt að bíða eftir rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða og að biðlund sé sýnd á meðan þingið lýkur henni. Hún segir leiðinlegt að heyra af rannsóknum Landsvirkjunar, en reglulega heyrist af rannsóknum af svæðinu.

„Maður verður alltaf var við þetta af og til og það er þá verið að undirbúa þessar virkjanir sem enginn ætlar sér að fara í nema Landsvirkjun. Við þurfum alltaf að hafa í huga þegar rætt er um rammaáætlun að það er búið að virkja mjög mikið á Íslandi án þess að það hafi farið í gegnum slíkt ferli. Við byrjuðum því ekkert á núllpunkti.“

## Á að rannsaka svæði í biðflokki

„Það er fullkomlega í anda laganna um rammaáætlun að það sé verið að gera rannsóknir á einhverjum kostum sem eru í biðflokki í rammaáætlun,“ segir Gústav Adolf Skúlason, aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku – Samtaka orku- og veitufyrirtækja. Hann minnir á að rammaáætlun sé ekki til, en hún hafi dregist úr hófi. Væri sú tillaga sem nú liggur fyrir hins vegar orðin að veruleika væru rannsóknirnar sjálfsagðar.

„Jafnvel þó að það væri búið að samþykkja þessa tillögu eða einhverja aðra, þá væri það fullkomlega eðlilegt að veita leyfi til þess að það séu gerðar einhverjar grunnrannsóknir á þeim svæðum sem búið er að flokka í biðflokk. Öðruvísi fást ekki frekari upplýsingar um þau, frekari gögn til þess að ákvarða hvort þau eigi að fara í verndarflokk eða nýtingarflokk.

Gústav segir litla samstöðu innan þings og ríkisstjórnar um rammaáætlun. Í tillögunni sem nú liggur fyrir hafi það ítrekað gerst að virkjanakostir hafi verið fluttir úr nýtingarflokki yfir í bið- og verndarflokk.

Ströng skilyrði eru um hvaða rannsóknir mega fara fram á svæðum í biðflokki rammaáætlunar, en Gústav segir að yfirborðsrannsóknir líkt og við Stóru-Laxá rúmist hæglega innan þeirra. „Hins vegar hafa menn svolitlar áhyggjur af því að það séu það ströng skilyrði varðandi jarðhitann að það geti verið erfitt að gera nógu góðar rannsóknir til þess að taka almennilegar ákvarðanir.“




# Dorma-gæði!

## Full búð af vönduðum vörum
## á Dorma-verði!

## Fyrir þínar bestu stundir!




Aðeins kr.
**34.754,-**
í 12 mánuði*

STÆRÐ 2X90X200

STILLAN-
LEGT




Aðeins kr.
**14.477,-**
í 12 mánuði*

STÆRÐ 160X200

HJÓNA-
RÚM

## Dorma-verð
### Shape dýnur

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 80x200 | 58.900,- | 83.900,- |
| 90x200 | 65.900,- | 97.900,- |
| 120x200 | 85.900,- | 121.900,- |
| 140x200 | 99.900,- | 143.900,- |
| 160x200 | 114.900,- | 163.900,- |
| 180x200 | 129.900,- | 181.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

**Heilsudýna sem:**
- Lagar sig fullkomlega að líkamanum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

## Milano hægindastóllinn fyrir notalega ólympíu-sigra!

Hægindastóll
**kr. 39.900,-**

FJÓRIR
LITIR



Hvítur   Latte   Svartur   Brúnn

OPIÐ
Holtagörðum
Virka daga frá kl. 10-18
Laugard. frá kl. 11-16

DORMA
– býður góða nótt

Pöntunarsími
☎ 512 6800
www.dorma.is

**FRÉTTASKÝRING:** Gjaldheimta í bílastæði og ástæður hennar

# Tryggja greitt aðgengi með gjaldskyldu

**Kaupmenn í miðbænum eru ósáttir við gjaldhækkanir í bílastæði borgarinnar. Gjaldskylda er notuð til að stjórna umferð um stæðin, segir rekstrarstjóri Bílastæðasjóðs. Aðrar lausnir eru of dýrar og flóknar.**

Mikil umræða hefur orðið um gjaldskrárhækkanir Reykjavíkurborgar í gjaldskyld bílastæði borgarinnar. Kaupmenn við Laugaveg eru ósáttir og segja að sér vegið.

Björn Jón Bragason, framkvæmdastjóri Samtaka kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg, segir að verðhækkanir á bílastæðum og lokun Laugavegar fyrir umferð bíla muni gera verslunarrekstur enn erfiðari. Kaupmenn við Laugaveg séu í samkeppni við verslun á öðrum verslunarsvæðum í höfuðborginni „Þessar hækkanir munu ekki hafa neitt annað í för með sér heldur en minni verslun," sagði Björn Jón í samtali við Fréttablaðið á laugardag.

Þá benda samtökin á að kaupmönnum við Laugaveg sé einfaldlega mismunað af hálfu borgarinnar með gjaldtöku í stæði í miðbænum. „Reykjavíkurborg á fjöldann allan af bílastæðum við önnur verslunarsvæði en innheimtir ekki bílastæðagjöld þar. Borgin gætir því ekki jafnræðis í þessum efnum," segir Björn Jón.

> Ef það væri engin gjaldskylda væri enginn hvati fyrir fólk til að færa bílinn sinn.
>
> **BJARKI RAFN KRISTJÁNSSON**
> REKSTRARSTJÓRI BÍLASTÆÐASJÓÐS

### Aðgengi þarf að vera greitt

Bílastæðasjóður sér um gjaldheimtu í bílastæði borgarinnar. Sjóðurinn er B-hlutastofnun í fullri eigu Reykjavíkurborgar. Það þýðir í raun að borgin á stofnunina en hún rekur sig með sjálfsaflafé. Skattfé rekur sjóðinn ekki og hagnaður sjóðsins rennur ekki til borgarinnar.

Bjarki Rafn Kristjánsson, rekstrarstjóri Bílastæðasjóðs, segir það hafa verið löngu tímabært að hækka gjaldið í bílastæðin. Það hafi ekki verið gert síðan 2000.

Spurður hvað liggi að baki vali á gjaldskyldum svæðum segir hann það í raun ekki flókið.

„Sem dæmi getum við tekið kjarna þar sem er verslun og þjónusta. Þar þarf fólk að komast að til að sækja þjónustuna en á þessu svæði er einfaldlega takmarkaður fjöldi stæða. Til þess að hafa stæði laus fyrir þá sem þurfa þjónustu og vörur þá þarf að stýra umferð á þessum svæðum. Það er yfirleitt gert með gjaldskyldu. Hér í miðbænum er gríðarlegt úrval af verslun og þjónustu en mjög takmarkaður fjöldi af stæðum miðað við fjölda af bílum."

Í miðbænum eru ásamt fjölmörgum verslunum helstu stofnanir ríkis og borgar sem veita ýmsa þjónustu. Aðgengi borgaranna að þeim þarf að tryggja og það er gert með gjaldskyldu. „Ef það væri engin gjaldskylda væri enginn hvati fyrir fólk til að færa bílinn sinn," segir Bjarki Rafn.

Fyrir gjaldhækkanir var bílastæðanýtingin í miðborginni orðin rúmlega 100 prósent því fólk lagði ólöglega upp á gangstéttir. Karl Sigurðsson, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur tjáði Fréttablaðinu að ásættanleg nýting væri 85 prósent.

Bjarki Rafn bendir á að ef klukkutími í stæði í miðborginni kostaði 2.000 krónur myndi fólk að öllum líkindum ekki nýta stæðin. „Á milli öfganna liggur einhvers konar jafnvægi. Gjaldið þarf að vera nægjanlega lágt til að fólk vilji koma en nægjanlega hátt til að það sé velta á bílum í stæðunum. Margir kaupmenn skilja þetta. Þeir sjá að ef ekki er flæði í stæðin þá kemst kúnninn ekki til þeirra. Það eru bara örfáir kaupmenn sem skilja þetta ekki."

Erfitt sé að bera Reykjavík saman við evrópskar borgir í þessum efnum. Þar sé einfaldlega önnur menning. „Það skekkir hugsanlega samanburð að einhverju leyti. Miðað við þær borgir sem við höfum verið að bera okkur saman við í Evrópu þá erum við með mun lægra verð. Í Skandinavíu hleypur gjaldið á 500-700 krónum."

### Umferð stjórnað í bestu stæðin

Við Háskóla Íslands og við Landspítalann við Hringbraut og í Fossvogi er gjaldskylda í „bestu stæðin". Það eru þau stæði sem eru næst aðalinngangi í þessar byggingar. Slíka gjaldskyldu stendur einnig til að taka upp við Háskólann í Reykjavík í haust. Í þessi stæði er gjaldskylda jafnvel þó nóg sé af lausum stæðum innan gjaldskyldunnar eða utan hennar.

Gjaldskylda við þessar stofnanir er að tilstuðlan þeirra sjálfra og er tilkomin til að bæta aðgengi þeirra sem þurfa á þeim að halda. Þeir sem eiga til dæmis erfitt með gang geta komið að stæðum í hæfilegri fjarlægð frá sjúkrahúsum.

Við háskólana er gjaldskylda í skammtímastæði, þar sem þarf að stjórna stöðutíma bifreiðanna, einfaldlega til að þjónusta nemendur og aðra viðskiptavini betur.

## Fjögur gjaldskyld svæði í Reykjavík – verðhækkun á tveimur




## Nýtingin er enn 100%

Bjarki Rafn bendir á að fyrstu athuganir eftir gjaldhækkanirnar á mánudag bendi til þess að bílastæðanýtingin í borginni sé enn 100 prósent. Það sé því ekki víst hvort gjaldhækkanirnar hafi skilað því sem ætlast var til.

„Við höfum ekki hækkað gjaldið síðan árið 2000 svo hækkunin var svolítið skot út í loftið," segir Bjarki Rafn.

Bílastæðasjóður hefur einnig kannað ánægju almennings með gjaldskylduna. Niðurstöðurnar eru nokkuð afgerandi því meirihluti fólks er jákvæður í garð gjaldheimtunnar.




### Önnur kerfi of flókin

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að nota gjaldskyldukerfið frekar en önnur kerfi eins og tímaskífur sem notaðar eru á Akureyri. Bjarki Rafn segir þær einfaldlega ekki henta í stærri borgum.

„Til þess verður að líta að í Reykjavík rekur Bílastæðasjóður sjö bílastæðahús. Það er því ekki hægt að bjóða upp á frístæði úti á götu enda myndu milljarða fjárfestingar eyðileggjast."

Nú þegar er boðið upp á klukkukerfið sé maður á sparneytnum bíl, bendir Bjarki Rafn á. Rekstur Bílastæðasjóðs yrði hins vegar dýrari ef einungis væri notast við tímaskífurnar. „Á endanum mundu stöðugjöldin hækka. Ég er ekki viss að fólk mundi vilja það."

**Birgir Þór Harðarson**
birgirh@frettabladid.is








LEYNIVOPNIÐ

# Heilsudagar! Betra bak leggur



12 mánaða vaxtalaus lán á stillanlegum rúmum*

* 3,5% lántökugjald

Charlotte Julien
30% afsláttur í ágúst



Vönduð heilsurúm á frábæru verði!

**C&J Gold**

| Dýna, botn og lappir | ÁGUST-TILBOÐ |
|---|---|
| 160x200 - kr. 202.800,- | 141.960,- |
| 180x200 - kr. 228.800,- | 155.900,- |

**C&J Gold Mattress**

- Pokagormakerfi - 2000 gormar í 180x200
- Vandaðar kantstyrkingar
- Latex heilsu- og hægindalag
- Laserskorið Conforma Foam tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mjúkt axlasvæði
- Silkimjúkt áklæði, hægt að taka efsta lag af

## Stillanlegt og þægilegt!

TEMPUR DYNUR OG KODDAR



Charlotte Julien

## Stillanleg heilsurúm!

Fyrir þínar bestu stundir.

TEMPUR® Orginal eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

**ÁGÚST-TILBOÐ Kr. 578.550,-**

Verð 749.875,- **Þú sparar 171.325,-**

Upplifðu þægindi, upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

25% afsláttur í ágúst

**Senseo** 2ja sæta svefnsófi

**ÁGÚST-TILBOÐ Kr. 309.000,-**

**Verð áður 412.000,-**



**Breidd:** 187 cm **Dýpt:** 95 cm
**Heilsudýna:** 140x200 cm
Fæst einnig breiðari og með tungu.



www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is • Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477

grunn að góðum degi.

TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR





McGREGOR

**Baðsloppar fyrir dömur og herra – ný sending!**

Fallegir og vandaðir baðsloppar, margar gerðir, litir og gott verð!

20% afsláttur í ágúst



**FLUFFY-DÚNSÆNGIN!**

**ÁGÚST-TILBOÐ**

Frábært verð kr. 41.900,-

Þú sparar 10.475 kr.

Ekta hlý og mjúk dúnsæng fyllt með 800 gr. af dúnmjúkum Síberíugæsadún



**SÆNGURVERASETT Í MIKLU ÚRVALI!**

15% afsláttur af öllum sængurverasettum!

15% afsláttur í ágúst

Betra BAK

• Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566 • Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# neytendur
hagur heimilanna

**6,4 PRÓSENTA** aukning hefur orðið á fasteignaviðskiptum á landinu öllu séu bornir saman fyrstu fjórir mánuðir þessa árs og síðasta árs. Fram kemur á vef Hagstofu Íslands að fasteignaviðskipti á fyrsta fjórðungi síðasta árs hafi numið tæplega 15,7 milljörðum króna miðað við tæplega 16,7 milljarða í ár.

■ **Hönnun**

## Framleiðsla á hönnun Arne Jacobsen færð til Póllands



Húsgagnaframleiðandinn Fritz Hansen hefur lagt starfsemi sína niður í Danmörku. Framleiðandinn er frægur fyrir framleiðslu á húsgögnum hönnuðum af Arne Jacobsen eins og Egginu, Svaninum og Sjöunni.

Framleiðsla húsgagnanna mun þó ekki hætta heldur færð til Póllands. Þessar dönsku hönnunarvörur verða því merktar „Made in Poland" í framtíðinni segir á vef Politiken. Forstjóri fyrirtækisins, Jacob Holm, segir að hærri laun til starfsmanna, hærri skattar og álögur á vatn í Danmörku hafi gert það að verkum að framleiðslan væri orðin of dýr til að halda henni í landinu.

**NEYTANDINN:** STEFÁN PÁLSSON SAGNFRÆÐINGUR

## Úkúlele bjargaði geðheilsu



Sagnfræðingurinn Stefán Pálsson stendur ekki á gati aðspurður um bestu kaup sem hann hafi gert. „Ég á þriggja ára strák sem vill endilega spila á hljóðfæri. Hins vegar gera þessi rafhlöðudrifnu plasthljóðfæri, sem fást í leikfangabúðum, hvert foreldri geðveikt með óhljóðum. Svo duttum við niður á skringilegu heimshljóðfærabúðina sem er á Klapparstígnum. Þar keyptum við alvöru úkúlele á lítinn pening. Drengurinn spilar sáttur á gripinn og geðheilsu okkar er borgið. Það voru mjög góð kaup."

Verstu kaup Stefáns tengjast einnig barnauppeldi. „Börn eru nú flensusækin og á tímabili var erfitt að fá að mæla dóttur mína. Við héldum okkur því sniðug að kaupa stafrænan eyrnahitamæli, sem kostaði fúlgur fjár í einhverju apóteki. Það tæki mátti hins vegar í besta falli nota sem gestaþraut til að sjá hvort einhvern tíma væri hægt að fá sömu mælingu tvisvar í röð. Það var aldrei sami hiti í hægra eyra eða vinstra og fullfrískt fólk mældist með bullandi hita og þar fram eftir götunum. Það var því lítið á því að græða."

## GÓÐ HÚSRÁÐ Táfýlu eytt úr íþróttaskóm

*Galdurinn er að nota matarsóda og frystinn*



Allir sem komið hafa nálægt einhverjum íþróttum eða líkamsrækt vita hversu gjarnir íþróttaskór eru á að safna í sig táfýlu. Skórnir fara eðlilega að lykta því í þeim myndast kjöraðstæður, bæði hiti og raki, fyrir bakteríurnar sem framkalla lyktina. Lyktarkúlur og sprey ná því ekki að vinna á nema hálfum vandanum því að raki getur setið víða í skóm sem samsettir eru úr mörgum lögum og svampi með krókum og kimum þar sem bakteríur og raki geta leynst. Ráðið er því að skemma fyrir bakteríunum með því að eyðileggja þessar kjörlendur þeirra. Raka má eyða úr skónum með því að láta standa í þeim matarsóda, en hann dregur í sig rakann. Síðan þarf að drepa bakteríurnar sem eftir sitja. Illmögulegt er að hita skóna til að drepa þær, því gúmmí og önnur efni í skónum þola illa slíka meðferð. Lausnin er því að fara alveg í hina áttina og drepa bakteríurnar úr kulda með því að láta skóna standa í frysti yfir nótt. Viðbúið er hins vegar að þessa meðferð þurfi að endurtaka nokkuð reglulega ef skórnir eru mikið notaðir.



**HÁLENDISFERÐIR** Sterklega er varað við því að halda upp á hálendi á fólksbíl og fólksbílar yfirleitt ekki taldir eiga erindi upp á hálendi. Mikilvægt er að þeir sem ætla í slíkar ferðir fari á fjórhjóladrifnum bílum. NORDICPHOTO/GETTY

# Lykillinn að góðri helgi er þrotlaus þolinmæði

**Búast má við þungri og hægri umferð um helgina, sérstaklega í kringum Selfoss. Fólk verður að sýna mikla þolinmæði í umferðinni. Einnig er mikilvægt að fólk haldi tengslum og láti vita af sér. Þetta á við um bæði þá sem ætla í langferðir og þá sem ætla eitthvað stutt. Eitt símtal til ættingja er oft nóg.**

„Það verður mikil umferð og því mikilvægt að menn gleymi ekki að pakka niður þolinmæðinni og taka hana með sér í ferðalagið," segir Dagbjartur Kr. Brynjarsson, skólastjóri Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar, um mestu ferðahelgina fram undan.

Dagbjartur bendir á að margir muni ferðast með aftanívagna um helgina, en einungis er leyfilegt að keyra á 80 kílómetra hraða með slíkan búnað í eftirdragi. Það er því viðbúið að ferðahraðinn verði í kringum 80 kílómetrana og mikilvægt er að fólk fylgi þeim ökuhraða sem er í gangi.

Umferðin verður líklega mun þyngri við Selfoss en fólk á að venjast þar sem Ungmennalandsmót UMFÍ hefst í bænum á föstudaginn. Þar er búist við tíu til tólf þúsund gestum. Þétt sumarhúsabyggð er nálægt bænum og að auki er viðbúið að stór hluti Þjóðhátíðargesta leggi leið sína í gegnum Selfoss.

„Það má því gera ráð fyrir gríðarlegri umferð á Suðurlandsvegi," segir Þóra Magnea Magnúsdóttir verkefnastjóri hjá Umferðarstofu. „Við höfum bent fólki sem fer frá Reykjavík á að fara Þrengslin og þeim sem ætla frá Suðurnesjum að aka Suðurstrandaveginn, til þess að dreifa álaginu."

Fyrir þá sem ætla upp á hálendið er áríðandi að kynna sér aðstæður á áfangastað áður en lagt er af stað og hafa jafnvel samband við landvörð eða skálavörð ef einhver vafamál eru uppi.

Það er svo góður vani að láta vita af sér áður en farið er í ferðalag, hvort sem förinni er heitið upp á hálendi eða í sumarhúsabyggðir. „Flestir Íslendingar eru aldir upp við þetta, en þetta er aðeins byrjað að gleymast en á við um öll ferðalög. Skiljið eftir ferðaáætlanir. Bæði er hægt að setja ferðaáætlun inn á heimasíðuna Safetravel.is og stundum er nóg að láta nánustu ættingja vita," segir Dagbjartur.

katrin@frettabladid.is

### Heilræði

- Gættu að kvöldsólinni og notaðu sólgleraugu, sólin fer að verða ökumönnum erfið.
- Gerðu hlé á akstri á eins til tveggja klukkustunda fresti.
- Aktu helst aldrei á tjaldsvæðum. Gakktu – keyrslan skapar slysahættu.
- Leyfðu áfenginu að fara alveg úr blóðinu áður en sest er við stýrið og mundu að það tekur lengri tíma en þú heldur.
- Láttu vita af ferðum þínum, líka þó leiðin sé stutt.
- Athugaðu hvort öll öryggisatriði í bifreiðinni og tengivagninum séu í lagi.
- Sýndu tillitsemi og fylgdu ferðahraða.


MYNDAVÉLATILBOÐ




Panasonic DMCGF3C

Panasonic
ideas for life

TILBOÐ 79.990
FULLT VERÐ kr. 109.990

ADOBE LIGHTROOM 3 AÐ VERÐMÆTI 20.000 FYLGIR.

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.




MIKIÐ ÚRVAL AF BARNA-FLÍSPEYSUM OG REGNGÖLLUM (STÆRÐIR 80-130) 20% AFSLÁTTUR

**CAMPINGAZ** KÆLIBOX 28 L
Með 12 v bílatengi
**11.490 KR.**
FULLT VERÐ 17.990 KR.

**DIDRIKSONS** IRMA JAKKI
KVK stærðir 36–46
**16.990 KR.**
FULLT VERÐ 23.990 KR.

MUND GÖNGUSOKKAR 30% AFSLÁTTUR

**DIDRIKSONS** BASE JAKKI
KK og KVK stærðir 130–170
**8.990 KR.**
FULLT VERÐ 12.990 KR.

**GÚMMÍTÚTTUR ÞESSAR GÖMLU GÓÐU!**
Stærðir 25–35
**3.432 KR.**
FULLT VERÐ 4.290 KR.
Stærðir 35–46
**3.992 KR.**
FULLT VERÐ 4.990 KR.

**COLEMAN** ÚTILEGUSTÓLL MEÐ ÖRMUM
Sterkur og samfellanlegur
**7.992 KR.**
FULLT VERÐ 9.990 KR.

**ABUMATIC** JUNIOR VEIÐISETT
**3.192 KR.**
FULLT VERÐ 3.990 KR.

**COLUMBIA** TALUS
KK stærðir 43–49
KVK stærðir 38–43
**24.990 KR.**
FULLT VERÐ 34.990 KR.

**COLEMAN** LOFTDÝNA
Einbreið
**3.990 KR.**
FULLT VERÐ 5.490 KR.

**COLEMAN** TAURI CONNECT X3 TJALD
Vandað tjald. Fljótleg uppsetning.
**24.900 KR.**
FULLT VERÐ 39.900 KR.

**DIDRIKSONS** GRIND SKEL
KK stærðir S–XXL
KVK stærðir 36–44
**17.990 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.

**PRIMUS** TJALDHITARI
Sígildur tjaldhitari sem hitar vel
**9.592 KR.**
FULLT VERÐ 11.990 KR.
(Gaskútur fylgir ekki)

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

! LOKAÐ LAUGARDAG, SUNNUDAG OG MÁNUDAG

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen – FULLT HÚS ÆVINTÝRA

MOUNTAIN HARDWEAR • DIDRIKSONS1913 • Columbia Sportswear Company • montrail • DEVOLD • VIKING • Coleman • TATONKA • CAMPINGAZ • SCOTT • Remington • WINCHESTER • HARDY • Abu Garcia FOR LIFE

PIPAR\TBWA • SÍA • 122093-0108

**MYNDASYRPA:** Ólympíuleikarnir í Lundúnum

# Augu heimsins hvíla á Lundúnum

**Viðburðir á borð við Ólympíuleika, þar sem þjóðir heimsins koma saman til að etja í vinsemd kappi í margvíslegum íþróttum, eru veisla fyrir augað. Hér hefur verið safnað saman nokkrum augnablikum sem fönguðu athygli ljósmyndara fréttaveitu AFP.**



**EINBEITINGIN LEYNIR SÉR EKKI** Bandaríska fimleikastúlkan Kyla Ross sýnir listir sínar á tvíslá í úrslitakeppni sem fram fór á þriðjudag. NORDICPHOTOS/AFP



**SUNDKAPPAR** Sjálfvirk myndavél á botni keppnislaugarinnar í Lundúnum fangaði þessa mynd af því þegar bandaríski sundkappinn Michael Phelps kom í mark í gær eftir 200 metra sund með blandaðri aðferð.



**GLEÐI** Bresku ræðararnir Helen Glover og Heather Stanning (liggjandi) fagna eftir að hafa landað gulli í parakeppni í róðrarkeppni kvenna.




**RÉTT MISSTI AF HONUM** Elsa Baquerizo, úr strandblakliði Spánar, rétt missir af boltanum í forspili í strandblaki kvenna gegn argentínsku keppniskonunum Önu Gallay og Mariu Virginiu Zonta á þriðjudag. Spánn vann hins vegar leikinn 2-0.



**FLÆKJA** Hwang Ye-Sul frá Kóreu (í hvítu) glímir við Ericu Barbieri frá Ítalíu (í bláu) í júdókeppni kvenna undir 70 kílóum í gær.



**REKNAR HEIM** Alþjóðlega Ólympíusambandið tók hart á badmintonspilurum í parakeppni sem reyndu að tapa leikjum til að fá auðveldari andstæðinga í næsta riðli. Fjögur lið í parakeppni voru rekin heim í gær. Þar á meðal er suðurkóreska parið hér fyrir ofan, Kim Ha Na (fyrir framan) og Jung Kyung Eun, sem sjást hér í leik sínum gegn Kanada í gær. Þá voru reknar heim Meiliana Juahari og Greysia Polii frá Indónesíu, Yu Yang og Wang Xiaoli frá Kína og Ha Jung-Eun og Kim Min-Jung frá Suður-Kóreu.



Sumargleði
Fjarðarkaupa
úr kjötborði
Svínalundir
1.598,kr./kg
verð áður 2.198,-/kg
úr kjötborði
úr kjötborði
Nauta Rib-eye
3.598,kr./kg
verð áður 3.998,-/kg
Svínahnakki úrb
1.198,kr./kg
verð áður 1.498,-/kg
Kjúklinga-bringur
Fjallalæri
1.498,kr./kg
Frosnar kjúklingabringur
2.068,kr./kg
Lúxus heiðarlamb
1.498,kr./kg
FK pylsur 10 í pk.
339,kr./kg
Fjallalambs skyndigrill
2.762,kr./kg
verð áður 3.069,-
Ali
Ali hunangs svínakótilettur
2.145,kr./kg
Egils Appelsín
Appelsín 2L
198,kr.
Kleinur
Kleinur 10 stk.
298,kr.
Capri-Sonne Orange
Capri-Sonne appelsinu 10 í pk.
498,kr.
verð áður 535,-
Coca-Cola
Coke 12x0,33ml
748,kr.
Mjúkís
Mjúkís ársins 2012
498,kr.
verð áður 598,-
Maryland
Maryland kex 4 teg.
132,kr./pk.
Hamborgarabrauð
XL
Hamborgarar 2x115g
420,kr./kg
verð áður 504,-/kg
Gleðilegt Sumar!
Tilboð gilda til föstudagsins 3. ágúst
Lokað laugardag, sunnudag og mánudag - frídag verslunarmanna
FK
FJARÐARKAUP
Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag - www.fjardarkaup.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Efnahagsbata fagnað og glatað frelsi grátið:

## Krónan styrkist

SKOÐUN


Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is




Eftir hrun hefur margt unnist í endurreisn hér á landi. Ekki er þó laust við að sumum merkjum um bættan efnahag fylgi blendnar tilfinningar. Þannig hefur krónan styrkst mjög síðustu daga og er það sjálfsögðu vel, svo fremi sú styrking skili sér í lægra vöruverði. Þess sjást þó ekki enn merki og er þá sama hvort horft er til nauðsynjavöru, neysluvarnings eða eldsneytisverðs. En þá er í öllu falli örlítið hagkvæmara að fara til útlanda.

Skuggi fellur þó á gleðina yfir styrkingu krónunnar við tilhugsunina um að hana megi að öllum líkindum þakka hertum tökum Seðlabanka Íslands á framkvæmd gjaldeyrishafta. Bankanum gengur, að minnsta kosti tímabundið, betur að takmarka flæði gjaldeyris út úr landinu. Þá er innstreymi gjaldeyris vitanlega með mesta móti núna, á háannatíma íslenskrar ferðaþjónustu.

Og hafandi reynsluna af sveiflum í gengi krónunnar þá hverfur gleðin yfir styrkingu hennar nú næstum alveg þegar upp rennur fyrir manni það ljós að vitanlega dragi úr gjaldeyrisinnstreyminu þegar líður á haustið og líklega verði þeir sem þannig eru þenkjandi ekki lengi að finna nýjar glufur í varnarmúr Seðlabankans til að stelast með peninga úr landi. Þá segir reynslan manni að tímabundin gengisstyrking hafi að mjög litlu leyti skilað sér í lægra vöruverði og líklegast sé að þeir sem selja okkur hinum innfluttar vörur noti næstu veikingu krónunnar sem fyrirslátt til að auka enn á dýrtíð í landinu.

Meirihluti landsmanna virðist hins vegar kunna ágætlega við þetta ástand og er það miður. Í öllu falli virðist ekki nema tiltölulega litlum hluta landsmanna hugnast að leita raunhæfra leiða úr úr þessari hringavitleysu gengissveiflna. Raunhæfu leiðinni fylgir nefnilega aðild að Evrópusambandinu, stuðningur við gjaldmiðilinn frá Seðlabanka Evrópu og upptaka evru þegar fram líða stundir.

Afar forvitnilegur var pistill Arthúrs Björgvins Bollasonar í Spegli Útvarpsins í fyrradag um hvernig evrunni hafi fylgt stöðugleiki í Þýskalandi. Benti hann á nýjar tölur efnahagsstofnunar Þýskalands um hvernig laun í landinu hafi síðustu tvo áratugi hækkað tveimur prósentustigum meira en almennt verðlag. Hér þekkjum við hins vegar ekki annað en sveiflur í efnahag og síhækkandi vöruverð.

Gjaldeyrishöftin kunna að hafa verið nauðsynleg til að forða skaða í miðju hruni. Núna, á meðan ekki hefur verið mörkuð raunhæf framtíðarstefna í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, eru þau hins vegar merki um viðleitni stjórnvalda til að handstýra aðstæðum. Heyrst hefur fleygt að ekki þurfi að furða sig á því að kínverskur fjárfestir skuli vilja hefja hér starfsemi. Líkur sækir líkan heim og líkast til eru kínversk stjórnvöld líka með puttana í smámáli heima fyrir, jafnvel viðskiptum einkaaðila. Fjárfesting á Grímsstöðum á Fjöllum og furðuleg framganga ráðamanna hér sem endurspeglar fullkomið vantraust á öllu lagaumhverfi öðru, er hins vegar smámál hjá óleystum gengisvandanum. Málin tengjast hins vegar því í báðum endurspeglast óstöðugleiki, annars vegar krónunnar og hins vegar pólitískur óstöðugleiki. Á þessum óstöðugleika þarf að ráða bót.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR

vísir - oft á dag


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hin mikla samstaða

Ólafur Ragnar Grímsson sór embættiseið í fimmta sinn í gær. Honum var tíðrætt um samstöðu, sem er vel, bæði innanlands og utan. Hann sagði norðurslóðir vera nýjasta vettvang norrænnar samvinnu, þar sem Norðurlandaþjóðirnar, ásamt Rússum, Kanada og Bandaríkjunum, mótuðu þar víðtækt samstarf. Þessi orð forsetans koma beint ofan í tilkynningu um danskan rannsóknarleiðangur á Norðurpólinn, en markmið hans er að gera pólinn að dönsku yfirráðasvæði. Þá hafa Rússar komið fána sínum fyrir á hafsbotni til að undirstrika sín yfirráð. Vonandi verður almenn samstaða sem forsetinn boðar ekki af þessum toga.



### Hvað með stjórnlagaráðið?

Ólafur sagði réttilega að það væri heilbrigt að störf forseta væru metin í kosningum reglulega. Hann sagði að þjóðin hefði frá bankahruni fimm sinnum fengið að kveða upp sinn dóm; í kosningum til Alþingis, sveitarstjórna, tveimur þjóðaratkvæðagreiðslum og forsetakjöri. Inn í þessa upptalningu vantar kosningar til stjórnlagaráðs, sem reyndar voru dæmdar ógildar.



### Hótað afnámi þingræðis

Þingmenn sátu margir hverjir í fínasta pússi sínu við innsetningu forsetans. Þar var Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, hins vegar ekki. Hann lýsti því yfir í pistli að fyrirkomulagið væri úrelt. Þá hefði Ólafur „nánast hótað því að afnema þingræðið á Íslandi þegar honum hentar" og því væri kaldhæðnislegt að halda athöfnina í þinghúsinu fyrir framan kjólfataklædda þingmenn.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ríkissjóður okkar og annarra

Ríkisfjármál




Steingrímur J. Sigfússon

efnahags- og viðskiptaráðherra


Alvarlegar horfur í efnahagslífi fjölmargra Evrópulanda eiga ekki síst rætur sínar að rekja til þungrar skuldabyrði og hallareksturs ríkissjóða. Margir telja að komið sé að ystu mörkum þess sem viðkomandi ríki muni ráða við og svigrúm þeirra til aðgerða gagnvart efnahagskreppunni að sama skapi takmarkað. Er svo komið meira að segja að þrefalt A lánshæfismat best settu ríkjanna er ekki lengur talið öruggt. Í samanburði við flest ef ekki öll lönd Evrópu voru áhrif efnahagsáfallanna 2008 mun svakalegri á hagkerfi okkar Íslendinga. Áhrifin á afkomu ríkissjóðs voru geigvænleg en þar varð viðsnúningur frá nokkurra prósenta afgangi í yfir hátt í 14% halla í einni andrá í lok árs 2008. Eins og allir þekkja munaði þar mest um gjaldþrot Seðlabanka Íslands upp á tæplega 200 mia. kr.

Frá hruni hefur gríðarmikið áunnist í rekstri ríkissjóðs, en fyrir því hefur vissulega verið haft. Á þessu ári gerir spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ráð fyrir að frumjöfnuður, rekstur ríkisins að undanskildum fjármagnskostnaði, verði orðinn jákvæður upp á 1,3%. Er viðsnúningurinn á frumjöfnuði þá orðinn á annan tug prósenta á fjórum árum. Þessi árangur hefur vakið umtalsverða athygli enda fáar hliðstæður að finna.

### Alvarleg staða í Bretlandi og Bandaríkjunum

Staða Íslands í alþjóðlegum samanburði er um margt athyglisverð. Ef horft er til stöndugra landa með sjálfstæðan gjaldmiðil eins og Bretlands og Bandaríkjanna þá er á árinu 2012 gert ráð fyrir halla á frumjöfnuði upp á 5,3% í Bretlandi og 6,1% í Bandaríkjunum en meðaltalshalli þróaðra hagkerfa er rúmlega 3% samkvæmt gagnagrunni AGS. Á evrusvæðinu er engu ríki spáð betri afkomu á ríkissjóði sínum en Íslandi en ríkið sem kemst næst því er Þýskaland sem er þekkt fyrir sinn agaða ríkisrekstur. Í samanburði við Norðurlöndin kemur Ísland líka vel út að þessu leyti. Noregur er að vísu í sérflokki í slíkum samanburði enda hafa þeir lítt orðið varir við kreppu en ef litið er til Svíþjóðar (-1,1%), Danmerkur (-5,5%) og Finnlands (-2%) þá er staða Íslands vænleg.

Umræða um ríkisfjármál á Íslandi virðist stundum lifa sínu eigin einangraða veruleika. Tvennt er þó ljóst. Hér hefur mikill árangur náðst og að það skiptir sköpum. Hallarekstur og skuldasöfnun er ávísun á minni velferð fyrir börnin okkar, reikningur sendur inn í framtíðina.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Skuldasöfnun Jóhönnu Sigurðardóttur

Stjórnmál
Bjarni Benediktsson
formaður Sjálfstæðisflokksins

Fyrir skemmstu birtist ríkisreikningur fyrir árið 2011. Samþykkt fjárlög höfðu gert ráð fyrir 46 milljarða halla. Niðurstaðan varð hins vegar 90 milljarðar.

Gagnrýni minni á þessa óstjórn svarar Jóhanna Sigurðardóttir með grein í vikunni og kýs þar að líta fram hjá því að hún hefur nú setið samfleytt í rúm fimm ár í ríkisstjórn, þar af hátt á fjórða ár sem leiðtogi hennar. Halli ríkissjóðs er öllum öðrum að kenna. Ekki er eitt orð um áhyggjur af því að þessir 90 milljarðar hafi bæst við aðrar skuldir þjóðarbúsins með tilheyrandi áhrifum á vaxtakostnað framtíðarinnar.

Í takt við það áhyggjuleysi ákvað ríkisstjórnin í fyrra að fresta markmiðum um hallalaus fjárlög til 2014, vegna „jákvæðrar framvindu efnahagsáætlunarinnar“. Það ár var farið um 50 milljarða fram úr fjárlagaheimildum.

Framúrkeyrsluna afgreiðir Jóhanna sem einskiptiskostnað vegna hrunsins og vísar frá sér allri ábyrgð. Frá inngripi ríkisins þar til Landsbankinn tók SpKef yfir töpuðust milljarðar í hverjum mánuði. Hver ber ábyrgð á þeirri ákvörðun að halda rekstrinum áfram með þessum afleiðingum fyrir ríkissjóð? Og hvað um alla hina milljarðana sem vantar upp á ríkisreikninginn?

### Aðhald AGS gaf jarðtengingu

Þegar stjórn efnahagsmála er gagnrýnd hrökkva bæði Jóhanna og Steingrímur J. Sigfússon af hjörunum og segja undirritaðan boða „taumlausa frjálshyggju“ og „miskunnarlausan“ eða „stórfelldan“ niðurskurð í velferðarmálum.

Það var annar tónn í Steingrími þegar hann mælti fyrir fjárlagafrumvarpi ársins 2011 og fullyrti að sjálfbær ríkisfjármál væru forsenda þess að ríkissjóður „hefði áfram bolmagn til að standa undir grunnþjónustu við samfélagið og velferðarkerfi fyrir þá þjóðfélagshópa sem mest þurfa á því að halda“.

Þarna örlaði á skilningi á því að forsenda þess að ríkið geti borið uppi velferðarþjónustu er að það eigi fyrir útgjöldum. Þess vegna þurfti aðhaldsaðgerðir. Ríkisstjórn Jóhönnu lagði upp með það fyrir árið 2011 að grunnfjárhæðir bóta myndu ekkert hækka. Með því átti að spara 5 milljarða. Hagræðingarkrafa var gerð á sjúkratryggingar, velferðarþjónustu, framhaldsskóla og löggæslu auk þess sem útgjöld voru lækkuð til vegaframkvæmda, fæðingarorlofs og barna- og vaxtabóta.

Í daglegu máli er framangreint nefnt niðurskurður í velferðarmálum og nú segir Jóhanna það „grímulausa frjálshyggju“ að flytja þann boðskap að það þurfi tekjuskapandi aðgerðir og aðhald þar til opinber rekstur kemst í jafnvægi. Var það þá frjálshyggjumaðurinn Steingrímur J. Sigfússon sem mælti fyrir niðurskurði í velferðarmálum í fjárlögum 2009, 2010 og 2011?

Það verður æ skýrara að aðhald AGS með efnahagsáætlun Íslands hefur skipt sköpum um lágmarksjarðtengingu stjórnvalda. Um leið og því aðhaldi var ekki lengur til að dreifa var áformum um hallalaus fjárlög slegið á frest með haldlausum rökum.

> En fjárfesting og hagvöxtur hér á landi hefur verið langt undir væntingum, ný störf verða ekki til, fólk flytur af landinu og hallinn á ríkissjóði er mun meiri en að var stefnt.

### Velja samanburð sem hentar

Forystu ríkisstjórnarinnar hentar ekki að bera efnahagsárangur sinn saman við AGS-áætlunina, sem gerði ráð fyrir 4,5% hagvexti 2011 og 2012, eða stöðugleikasáttmálann, sem gerði ráð fyrir mikilli fjárfestingu. Þá er gripið til þess ráðs að bera stöðuna á Íslandi í dag saman við meðaltal ESB-ríkja eða einstök ríki sem nú glíma við efnahagsþrengingar.

Gallinn við þennan samanburð er m.a. sá að grunnatvinnuvegirnir eru ekki í sókn í neinu samanburðarríkjanna, ólíkt því sem gerist hér á Íslandi.

Aldrei höfum við flutt út jafn mikil verðmæti sjávarfangs, meira af iðnaðarafurðum eða selt orkuna hærra verði og ferðamenn hafa aldrei verið fleiri. Ytri skilyrði hafa verið óvenju hagstæð.

Allt mælir því með því að við ættum að vera í mikilli uppsveiflu jafnvel þótt aðrir upplifi stöðnun. En fjárfesting og hagvöxtur hér á landi hefur verið langt undir væntingum, ný störf verða ekki til, fólk flytur af landinu og hallinn á ríkissjóði er mun meiri en að var stefnt.

### Best að horfast í augu við vandann

Í stað þess að horfast í augu við þetta er nú fluttur sá boðskapur að svigrúm sé til að bæta í ýmsa bótaflokka. Ríkisstjórnin birti langtímaáætlun í ríkisfjármálum, þar sem ekkert svigrúm er til að auka útgjöld til ársins 2015, rekur ríkissjóð með tugmilljarða framúrkeyrslu og boðar nú ný útgjöld!

Það er engin lausn að seilast sífellt dýpra í vasa skattgreiðenda. Halda ber sköttum og álögum í því lágmarki sem stendur undir góðri velferðarþjónustu, þjónustu sem veitt er á eins hagkvæman hátt og hægt er hverju sinni.

Mikill vöxtur ríkisútgjalda einn og sér undanfarin tíu ár, ekki síst eftir innkomu Samfylkingar í ríkisstjórn 2007, sýnir að það er vel hægt að hagræða í opinberum rekstri. Því verkefni verður í sjálfu sér aldrei lokið. Það er svigrúm án þess að farið sé í niðurskurð á viðkvæmum heilbrigðissviðum. Nærtækt væri að skila stærri hluta gjaldeyrislánanna, stöðva ESB-viðræðurnar líkt og allir flokkar virðast vilja utan Samfylkingarinnar og hætta við óþarfa kosningar í haust.

### Lærdómur Evrópuríkja

Í öllum Evrópuríkjum er verið að ræða og lögbinda, jafnvel í stjórnarskrá, afar strangar agareglur um opinber fjármál. Meginstefið í stjórnmálaumræðu Evrópu um þessar mundir er ábyrg ríkisfjármál. Djúpt virðist ætla að verða á slíkri umræðu hér á landi en þeim mun meira er vöngum velt um þörfina fyrir nýjan gjaldmiðil. Með því er verið að nálgast vandann frá röngum enda.

Á Íslandi eru þeir sem tala fyrir hallalausum fjárlögum og aðhaldi í opinberum rekstri nú úthrópaðir af leiðtogum stjórnarflokkanna. Engum athugasemdum er svarað efnislega, einungis notuð slagorð, upphrópanir og skætingur.

Það breytir engu hversu hátt er hrópað, eða hver kallar hvern hvað. Það hefur enginn hingað til unnið á halla ríkissjóðs með uppnefnum. Framtíðarkynslóðir okkar Íslendinga eiga betra skilið.

# Tækifæri framtíðarinnar

Atvinnumál
Einar Smárason
verkefnastjóri hjá Íslenska sjávarklasanum

Hvar liggja atvinnumöguleikar og tækifæri framtíðarinnar?

Þetta er spurningin sem fólk ætti að spyrja sig áður en það fer í nám eða út á atvinnumarkaðinn.

En hugsar ungt fólk nógu mikið út í þetta? Oftar en ekki eru ákvarðanir byggðar á upplýsingum í fortíðinni og má sem dæmi nefna „hvaða menntun hefur gefið vel af sér fyrir forfeður okkar“. Í rauninni ættu einstaklingar frekar að líta til þess hvaða möguleikar kunna að gefa vel af sér í framtíðinni. Veröldin er síbreytileg og hlutir þróast áfram. Menntun er slík auðlind (ólíkt öllum öðrum) að því meira sem þú notar hana því meira vex hún.

Nú kann þetta að hljóma eins og það sé ekkert mál að spá fyrir um framtíðina, sem er ekki raunin. Einstaklingar geta samt sem áður reynt að taka meðvitaðar ákvarðanir um hvað kann að verða og hvar tækifærin liggja.

Tækifærin munu líklegast liggja mjög víða og möguleikarnir eru óteljandi. En það er einn hluti af heiminum sem er líklegur til að bjóða upp á gífurlega möguleika í komandi framtíð og það er hafið. Hafið er einn minnst rannsakaði hluti jarðar en samkvæmt NOAA (The National Oceanic and Atmospheric Adminstration) þá eru um 95% af hafinu ókönnuð sem er áhugavert með tilliti til þess að hafið þekur um 70% af yfirborði jarðar.

Þetta þýðir bara eitt, að þarna úti liggja gífurleg tækifæri og ekki bara tækifæri fyrir vísindamenn og sjávarútvegsfræðinga heldur alla flóruna af fræðimönnum, viðskiptafræðinga, verkfræðinga, lögfræðinga, tölvunarfræðinga og svo mætti lengi telja.

Þetta eru tækifæri sem við ættum að hafa í huga og reyna nýta okkur eftir fremsta megni. Íslendingar eru meðal fremstu þjóða heims í haftengdri starfsemi og sjávarútvegurinn er einn af grunnatvinnuvegum þjóðarinnar. Því ætti það að vera okkur kappsmál að stefna á að vera best á þessu sviði og lykillinn að því er þekking, sem fæst einungis með menntun og reynslu. Við ættum að leggja áherslu á að fræða ungt fólk á þessu sviði og vekja athygli þess á þeim ónýttu tækifærum sem liggja í hafinu.

Íslenski sjávarklasinn hefur sett á fót öflugan hóp sem samanstendur af fulltrúum framhalds– og háskólum sem og aðilum úr atvinnulífinu til að stuðla að frekari menntun, skilningi og framþróun á þessu sviði. Vandamálið er að ungu fólki finnst haftengd starfsemi oftar en ekki hljóma frekar óspennandi, þegar staðreyndin er sú að það veit lítið sem ekkert um þessa starfsemi. Það þarf að breyta þessari ímynd með því að kynna unga fólkinu það sem hafið hefur upp á að bjóða og það þarf að gera það á áhugaverðan hátt. Ungt fólk getur verið erfiður markhópur, þar sem það verður fyrir ofgnótt upplýsinga á hverjum degi og þess vegna er ekki sama hvernig að þessu er staðið.

> Það hefur lengi verið sagt hér á Íslandi „annaðhvort ferðu í skóla eða þú endar í fiskinum“ […]

Það hefur lengi verið sagt hér á Íslandi „annaðhvort ferðu í skóla eða þú endar í fiskinum“ sem er í rauninni mjög röng hugsun og gefur mjög svarta ímynd af sjávarútvegi og annarri haftengdri starfsemi. Það ætti frekar að hvetja fólk til að fara í skóla og mennta sig í haftengdum greinum, á hvaða sviði sem er, til dæmis sjávarútvegsfræði, viðskiptafræði, líffræði og fleira. Ef það er einhver hluti af heiminum sem felur í sér mikla framtíðarmöguleika og tækifæri þá er það hafið.




ABU GARCIA FRAMLEIÐIR VANDAÐAR VEIÐIVÖRUR, VINNUR STÖÐUGT AÐ ÞRÓUN ÞEIRRA OG SLÆR HVERGI AF Í GÆÐUM.

ENDURSÖLUAÐILAR:
ELLINGSEN AKUREYRI
ELLINGSEN REYKJAVÍK
HÚSASMIÐJAN
OLÍS
KAUPFÉLAG BORGFIRÐINGA
VEIÐIFLUGAN REYÐARFIRÐI
VEIÐIPORTIÐ
VEIÐISPORT Á SELFOSSI
VESTURRÖST
VEIÐIVON

Abu Garcia
FOR LIFE.™

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# VERSLUNARMANNAHELGIN BYRJAR Í BÓNUS

## FERSKT EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI




**1359 KR. KG**

## FROSIÐ NAUTARIBEYE



ÞÝSKT FROSIÐ NAUTARIBEYE **2798 KR.KG**



**1398 KR. KG**

NORÐANFISKUR: FROSNI
ÍSLENSKIR BLEIKJUBITA
BEINHREINSAÐIR M.ROÐ




BÓNUS KORNBRAUÐ 500 GR. **98 KR. STK**




**398 KR. 2 STK.**

FERSKIR 2 X 140 GR. UNGNAUTA-HAMBORGARAR




OS GOUDA 26% OSTUR
**998 KR.KG**



FROSIN LÚÐA FRÁ NOREGI
**2798 KR KG.**

TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI !




BÓNUS HANGIÁLEGG
8 SN. Í PAKKA CA. 120 GR / CA. 359 KR. PAKKINN
**2998 KR.KG**

BÓNUS NÝBAKAÐIR KLEINUHRINGIR MEÐ SÚKKULAÐI EÐA KARAMELLU !



**198 KR. 2 STK.**

BÓNUS SAMLOKA MEÐ HANGIKJÖTI / RÆKJUSALATI EÐA TÚNFISKSALATI




**BÓNUS SAMLOKAN 198 KR.**




BÓNUS FLATKÖKUR
FIMM FLATKÖKUR Í PAKKA
**98 KR.**



MYLLU MÖNDLUKAKAN 420 GR / 1 + 1 AÐEINS **498 KR.**

BÓNUS EKKERT BRUÐL


Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# VERSLUNARMANNAHELGIN BYRJAR Í BÓNUS

**Bónus afgreiðslutími um verslunarmannahelgina**

Föstudagur 3.ágúst 10.00-19.30
Laugardagur 4.ágúst 10.00-18.00
Sunnudagur 5.ágúst 12.00-18.00
Mánudagur 6.ágúst
Frídagur verslunarmanna
Allar Bónus verslanir lokaðar
Þriðjudagur 7.ágúst 11.00-18.30

**HEIMA EINNOTA GRILL**
298 KR. STK

**DORITOS 165 GR POKI**
COOL AMERICAN -NACHO CHEESE - SWEET CHILLI PEPPER
195 KR.

**TOFFYPOPS KEX 125 GR**
119 KR. PK

**MARGSKONAR GLOW VÖRUR**
ÓMISSANDI Á KVÖLDIN

**BLÁ BAND BOLLASÚPUR** ÞRJÁR SÚPUR Í PAKKA
198 KR. PK

**HANDY SMOKKAR 18 STK**
HVER SKEMMTUN AÐEINS 16.5 KR.
298 KR.PK

**Maryland**
129 KR. PK 172 G

**KIT KAT 3 STK**
198 KR. 3 STK.

**ORKUDRYKKUR ENERGY DRINK**
250 ML & 500 ML
69 KR. 250 ML
95 KR. 500 ML

**ES SALTSTANGIR**
98 KR. 200 GR

**Pringles**
198 KR. 165 GR
98 KR. 40 GR

**GÓU-ÞRENNAN**
598 KR. 3 X 200 GR. KASSAR

98 KR. 1/2 LTR
198 KR. 2 LTR.

**Coca-Cola zero**
98 KR. 500 ML
59 KR. 330 ML

**COKE-KIPPA 1.5 LTR X 4**
698 KR. 6 LTR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Ingólfstorg – borgartorg – ekki byggingarlóð

Skipulagsmál
Egill Guðmundsson
arkitekt FAÍ



Mikil umræða er þessa dagana um nýafstaðna alþjóðlega arkitektasamkeppni á svæðinu í Kvosinni við Ingólfstorg og Kirkjustræti, sem haldin var á vegum Reykjavíkurborgar og eiganda fasteigna á svæðinu. Hann hefur hug á að byggja þar hótel. Skiptar skoðanir eru um verðlaunatillöguna úr samkeppninni, sem leggja á til grundvallar við væntanlegt deiliskipulag fyrir þennan reit í miðborg Reykjavíkur. Margir hafa þegar tjáð sig í ræðu og í riti og kallað er eftir málefnalegri umræðu um Ingólfstorg.

Ekki ætti að koma neinum á óvart að Reykvíkingar hafi skoðanir á þessu máli, því að skipulagsmál eru ekki einkamál borgaryfirvalda heldur varða borgarbúa alla. Svæðið sem um ræðir er hluti af elstu kaupstaðarmynd Reykjavíkur. Til fróðleiks þá er Aðalstræti elsta gata Reykjavíkur samkvæmt upplýsingum úr bókinni Kvosin eftir Guðmund Ingólfsson, Guðnýju G. Gunnarsdóttur og Hjörleif Stefánsson, og var upprunalega nefnd „Hovedgaden“. Ekki er þó rætt um Aðalstræti sem götu fyrr en við stofnun og uppbyggingu Innréttinganna undir forystu Skúla fógeta og fyrstu húsa sem þar voru byggð um 1750. Frá þeim tíma hefur byggð staðið við götuna. Eitt húsanna, Aðalstræti 10, er eitt af húsum Innréttinganna. Það stendur enn og myndar nú eitt af hornum Ingólfstorgs ásamt öðrum byggingum. Skúli gætir ennþá svæðisins í Fógetagarðinum, steyptur í kopar. Hvað skyldi honum finnast um hið nýja skipulag Ingólfstorgs?

Eðli allra borga er að þær þróast í tímanna rás og forsendur fyrri tíma fyrir skipulagi þeirra breytast. Miðborg Reykjavíkur hefur þannig þróast frá tíð Innréttinganna til okkar daga eins og má sjá á Ingólfstorgi, sem í raun er ekki upprunalegt torg í borginni, samkvæmt skipulagi hennar, heldur varð rými torgsins til þegar að Hótel Ísland brann árið 1944 og ekki byggt þar aftur, og síðan þegar að byggingar norðar á torginu voru fjarlægðar, ein af annarri. Torgið hefur síðan fest sig í sessi sem eitt af helstu opnu rýmum miðborgarinnar og er gott dæmi um hvernig borgarrými geta þróast, jafnvel án þess að gert hafi verið ráð fyrir því í skipulagi. Ingólfstorg er nú eitt af aðaltorgum borgarinnar samkvæmt samþykktu skipulagi Kvosarinnar. Sú hugmynd að byggja á torginu af því að Hótel Ísland stóð þar áður á varla við rök að styðjast í dag. Aðstæður í Reykjavík laust eftir 1900 þegar bygging hússins hófst voru allt aðrar en í dag auk þess sem þörf fyrir stórt almenningsrými er önnur en þá.

Ingólfstorg er í dag, að mínu mati, aðalborgartorg Reykjavíkur. Lækjartorg vantar þá afmörkun sem yfirleitt er notuð um torg, sem er a.m.k fjórar hliðar til afmörkunar rýmisins. Austurvöllur er blanda af torgi og garði og þess vegna ekki með sömu eiginleika og borgartorg, sem flest eru með hörðu undirlagi og henta því betur. Önnur torg eða svæði af svipaðri stærð og með eiginleika borgartorga eru ekki í miðborginni. Ingólfstorg er staður fyrir alla og þar hefur þróast mjög fjölbreytt mannlíf undanfarna áratugi, allt frá ungum borgarbúum á hjólabrettum til formlegra atburða á tyllidögum.

Í því liggur besta nýting torgsins fyrir Reykvíkinga, ekki síst í þessari margbreytilegu notkun og fjölnota möguleikum. Þetta mannlíf mætti eflaust styrkja með því að skipuleggja torgið betur, t.d. minnka þá miklu bílaumferð sem oft myndast við Aðalstræti vegna hótela sem þar eru. Núverandi stærð torgsins og afmörkun má hins vegar varla vera minni til þess að torgið standi undir nafni sem aðalborgartorg Reykjavíkur með fjölbreytilega nýtingarmöguleika og sem torg fyrir umtalsverðan fjölda fólks eins og þörf er á t.d. á þjóðhátíðardaginn. Ef byggt verður á Ingólfstorgi miðað við verðlaunatillöguna minnkar heildarstærð torgsins um ca. 40% frá því sem nú er. Það sem þá yrði eftir af torginu er að mínu mati orðið of lítið rými til þess að uppfylla eðli torgsins sem aðalborgartorgs Reykjavíkur. Skuggavarp af fyrirhuguðum nýbyggingum sem verða allt að 3 hæðir verður einnig umtalsvert á þann hluta sem eftir verður af torginu og opnar sig á móti sólu vegna þess að suðurhlið núverandi torgs færist til norðurs. Ekki verður heldur séð hvers vegna byggja þarf á torginu. Er vöntun á húsnæði fyrir þá starfsemi sem fyrirhuguð er byggingunni? Ef þétta þarf byggðina í miðborginni eða nágrenni vegna skorts á húsnæði eða af öðrum ástæðum, þá hlýtur að finnast annar staður en Ingólfstorg.

Eins og fram hefur komið hjá borgaryfirvöldum verður verðlaunatillaga samkeppninnar um fyrirhugað hótel og skipulag Ingólfstorgs notuð sem grunnur að gerð nýs deiliskipulags fyrir þennan reit. Ingólfstorg og umhverfi þess er mikilvægur staður í hjarta Reykjavíkur þar sem fjölbreytilegt mannlíf er vissulega til staðar í dag. Því er nauðsynlegt að vel takist til við endanlega uppbygginguna svæðisins og skipulag torgsins og einnig að sátt verði um heildarlausn. Enn eiga borgaryfirvöld eftir að fara yfir öll atriði þessa máls á nýjan leik og einnig að kynna þau fyrir hagsmunaaðilum á svæðinu og borgarbúum þannig að það verði ekki eingöngu hagsmunir eiganda fyrirhugaðs hótels sem aðallega ráða ferðinni. Ég vona að skipulagsyfirvöld í Reykjavík beri gæfu til að hlífa Ingólfstorgi við frekari byggð þannig að það geti staðið áfram sem aðal borgartorg Reykjavíkur í nútíð og framtíð.

> Núverandi stærð torgsins og afmörkun má hins vegar varla vera minni til þess að torgið standi undir nafni sem aðalborgartorg Reykjavíkur með fjölbreytilega nýtingarmöguleika […]

## AF NETINU

### Kjóll og hvítt



Þingmenn eru ekki of góðir til að vera viðstaddir innsetningu forseta Íslands – ef þeir eiga heimangengt. Það er engin ástæða fyrir þingmenn sem eru langt í burtu að koma til Reykjavíkur vegna þessa.

En það er rétt sem sagt er – það er út í hött að ætlast til þess að karlar séu klæddir í kjól og hvítt við þessa athöfn. Fæstir karlmenn eiga slík föt lengur, enda engin ástæða til – ekki nema maður syngi í karlakór. Kórfélagar klæða sig stundum svona fínt upp. Svo er líka beðið um heiðursmerki – það hefur víst tíðkast hjá hinu opinbera að veita slíkt fólki sem gerir ekki annað en að mæta í vinnuna, svona til að það verði gjaldgengt í veislur. [...]

eyjan.pressan.is/silfuregils

**Egill Helgason**

### Handóðir fræðingar



Gera ber forstjóra og verkfræðinga Landsvirkjunar og Orkustofnunar ábyrga fyrir tjóni og kostnaði, sem þeir valda. Eins og handóð börn ryðjast þeir með ýtur, bora og gröfur um viðkvæm svæði. Jafnvel þau, sem eru í biðflokki rammaáætlunar, svo sem neðri hluta Þjórsár. Eyða hundruðum milljóna króna í að spilla svæðum, sem ekki er víst að verði notuð. Yfirleitt fara þessir jarðvöðlar um eins og naut í flagi, án tillits til umhverfisins. Svo heimta þeir orkuver út á, að svo og svo mikill kostnaður sé útlagður. Þessi hegðun er gersamlega ábyrgðarlaus. Verður aðeins stöðvuð með persónuábyrgð þeirra.

www.jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

# Heft aðgengi leiðir til minni verslunar

Bílastæðasjóður
Björn Jón Bragason
framkvæmdastjóri Samtaka kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveg



Steinunn Stefánsdóttir ritaði forystugrein sem birtist í Fréttablaðinu 30. júlí sl. Þar gerði hún að umtalsefni hækkun bílastæðagjalda í miðborginni um fimmtíu prósent, sem nú hefur verið kynnt. Í grein sinni nefnir Steinunn að markmið hækkunarinnar sé að „auka flæði í stæðunum“ í miðborginni og tekur hún undir sjónarmið borgarstjórnarmeirihlutans í málinu.

Röksemdafærsla af þessu tagi gengur ekki upp, enda hafa hækkanir á bílastæðagjöldum ætíð haft slæm áhrif á verslunina, líkt og kaupmenn í miðborginni hafa bent á áratugum saman. Þá er mögulegt að takmarka þann tíma sem hver og einn leggur í stæði, án þess þó að innheimta gjald. Þannig er víða í borgum Evrópu notast við tímaskífur og sú aðferð hefur verið notuð um árabil í miðbæ Akureyrar með frábærum árangri, líkt og kaupmenn þar nyrðra hafa bent á.

Í þessu sambandi verður að gæta að því að borgin á fjöldann allan af bílastæðum í öðrum verslunarhverfum og innheimtir ekki gjald þar og þá hafa borgaryfirvöld skipulagt önnur verslunarhverfi þar sem byggð hafa verið stór bílageymsluhús með fjölda gjaldfrjálsra stæða. Viðskiptavinir miðborgarinnar þurfa því að taka á sig skatt sem ekki er innheimtur í öðrum borgarhlutum. Mjög skortir því á að jafnræðis sé gætt.

Steinunn vísar enn fremur til þess að bílastæðagjöld séu óvíða hærri en hér í borg. Í samtölum mínum við borgarfulltrúa meirihlutans hafa þeir til að mynda vísað í þessu sambandi til Kaupmannahafnar, þar sem bílastæðagjöld eru mun hærri en í Reykjavík. Samanburður af þessu tagi er vitaskuld ekki marktækur. Miðborg Kaupmannahafnar er staðsett í miðju þéttbyggðrar milljónaborgar, þar sem stór hluti almennings ferðast með reiðhjólum eða góðum almenningssamgöngum og þá er veðráttan þar allt önnur og mildari. Í þessu sambandi má nefna að meðalleiga á verslunarhúsnæði á góðum stað við Strikið í Kaupmannahöfn getur verið meira en tuttuguföld leiga við Laugaveg. Og þá er til þess að líta að leiga á verslunarhúsnæði er orðin mjög víða hærri annars staðar í Reykjavík en í miðborginni og sums staðar örðugra að finna stæði en þar.

Grundvöllur þess að verslun fái þrifist til frambúðar í miðborginni er greitt aðgengi. Höft og bönn borgaryfirvalda í þessum efnum, samfara stórhækkunum bílastæðagjalda, munu ekki hafa annað í för með sér en hnignun verslunar á svæðinu. Í Samtökum kaupmanna og fasteignaeigenda við Laugaveginn er fjöldi kaupmanna sem hafa fjörutíu og jafnvel yfir fimmtíu ára reynslu af verslunarrekstri í miðborginni. Sumir þessara kaupmanna eru úr fjölskyldum sem jafnvel hafa rekið verslanir í meira en öld. Það er hryggilegt til þess að vita að borgaryfirvöld nýti ekki þá miklu þekkingu og reynslu sem þessir kaupmenn búa yfir.

Rétt væri að borgaryfirvöld fylktu liði með kaupmönnum og leituðu leiða til að bæta aðgengi með lækkun bílastæðagjalda, niðurfellingu þeirra gjalda í útjöðrum miðborgarinnar og fjölgun stæða. Mikill meirihluti borgarbúa kýs að fara allra sinna ferða á fjölskyldubílnum og ef viðskiptavinir komast ekki að verslunum með góðu móti fara þeir annað. Það hlýtur að vera vilji borgaryfirvalda að verslun í miðborginni fái dafnað og eflst því án blómlegrar verslunar er engin miðborg.

> Sumir þessara kaupmanna eru úr fjölskyldum sem jafnvel hafa rekið verslanir í meira en öld. Það er hryggilegt til þess að vita að borgaryfirvöld nýti ekki þá miklu þekkingu og reynslu sem þessir kaupmenn búa yfir.

# Ríkisstjórnin hafnar nýsköpun og framförum

Stjórnsýsla
Jakobína Ingunn Ólafsdóttir
stjórnsýslufræðingur



Nýsköpun felur í sér lærdóm og kallar í mörgum tilvikum á ný viðmið þegar tekist er á um hvað sé skynsamlegt og eðlilegt. Eftir hrun gerðu margir Íslendingar sér vonir um að stjórnmálamenn myndu læra af hrakförum íslenska þjóðarbúsins og bæta starfshætti í stjórnsýslunni. Hrunið er talandi dæmi um það hversu klíkumenning stjórnmálaflokkanna er hættuleg almenningi.

En umbætur í íslenskri stjórnsýslu eru nýsköpunarverkefni sem krefst breytts hugarfars og að menn komi auga á mikilvægi annarra markmiða en þeirra sem stýrðu þjóðarbúinu í þrot.

Lágkúran í íslenskri stjórnmála- og stjórnsýslumenningu birtist vel í götusaltsmálinu þegar eftirlitsaðili heimilaði ölgerðinni að klára birgðirnar af salti sem ætlað er til iðnaðar og selja þær til matvælaframleiðslu. Þátttaka landlæknis í leyndarspili um gallaða brjóstapúða er annað dæmi um kæruleysi og fyrirlitningu gagnvart íslenskum neytendum.

Víðast hvar í hinum vestræna heimi er talið að þegar menn eru skipaðir í ráðherraembætti sé þeim falin ábyrgð á þeim stofnunum sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti. Það er viðtekið að þegar stjórnendur stofnana bregðast er það skylda ráðherra að sjá til þess að fjarlægja viðkomandi stjórnendur og skipa hæfa stjórnendur í þeirra stað. Þetta er þáttur í því að tryggja gæði stjórnsýslunnar, ásýnd um öryggi og mikilvægur þáttur í að skapa traust meðal almennings.

Á Íslandi bera innan við 10% almennings traust til Alþingis og traust til annarra stofnana fer þverrandi. Geðþóttavald og rassvasabókhald eru einkenni á íslenskri stjórnsýslu. Steingrímur Joð hefur talað um, í ræðum erlendis, mikilvægi þess að sannfæra almenning um nauðsyn. Taka ákvarðanir og sannfæra almenning um nauðsyn þeirra. Í þessu birtist hugsunarháttur forræðishyggjunnar.

Málflutningur Steingríms líkist í þessu málflutningi sérhagsmunaafla á borð við LÍÚ. Ef ákvarðanir ríkisvaldsins eru almennt vondar fyrir almenning en þjóna þröngum hagsmunum fjármálakerfis og einokunarhafa þá er eins gott að hafa sannfæringarkraftinn og friðþægja þjóðina.

Leyndarhyggjan styður geðþóttavaldið sem fylgir sérhagsmunagæslunni. Hentar það ekki ráðherrum að fara eftir eðlilegum sjónarmiðum um stjórnsýslugæði við embættisverk? Enda dregur það úr valdi ráðherrans sem þá þarf að lúta faglegum sjónarmiðum sem ekki samræmast endilega hans persónulegu þörfum.

Í þessum töluðu orðum er Steingrímur Joð að beita sannfæringarkraftinum við að réttlæta að farið sé á svig við gæði í ráðningarferli ráðuneytisstjóra. Hann reisir sjálfum sér stall og hlutgerir ríkið í sjálfum sér. Hann ætlar ekki að auglýsa starf ráðuneytisstjóra heldur að ráða hann á persónulegum nótum í gegnum „samninga“.

En ríkið er ekki Steingrímur Joð heldur þjóðin og það kerfi sem þjóðin vill að sé mótað til þess að framfylgja vilja hennar.


BBQ flame
Cooking with fire!
GRILL BOMBA
Í NETTÓ
BBQ FLAME COOKING WITH FIRE
GASGRILL
4 ryðfríir brennarar : 48.000 BTU
1 innfeld gas hliðarhella : 12.000 BTU
Rafstýrður kveikjari
Postulín grillgrind úr pottastáli, tvískipt
Hitamælir í loki
Ryðfrítt stál lok
Skápur úr stáli samlitaður loki
ásamt stálhöldum
4 hjól - 2 læsanleg
Slanga og tengi fyrir gaskút
Álbakki fyrir fitu
Gaskútur fylgir ekki
Afhent ósamsett
69.998 KR
LÆKKAÐ VERÐ!
NÚ:
39.998 KR
netto
KRÆSINGAR
& KOSTAKJÖR
www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Barnalögin brjóta mannréttindi

Barnalög

François Scheefer

fv. formaður félags um vináttu og nemendaskipti Frakklands og Íslands



Barnalögin eru gölluð og í þeim felast mörg mannréttindabrot. Eitt dæmi er hinn ógnarlangi vegur að réttlætinu skv. 50 gr. barnalaga þegar lögheimilisforeldri brýtur lög og réttindi barns og foreldris með því að tálma umgengni. Lögin gefa gerandanum heimild til þess að brjóta lög og réttindi annarra nánast út í hið óendanlega og án afleiðinga af nokkru tagi.

Lagaframkvæmd embættismanna tekur svo langan tíma að hún á þátt í að valda enn meiri skaða. Og þegar réttlætið nær loks fram að ganga fylgir því ekkert fordæmi eða styttra ferli, hvað þá refsing þótt lögbrjóturinn hafi sannarlega verið sekur fundinn. Því ef gerandinn heldur uppteknum hætti þarf að hefja allt ferlið upp á nýtt. Lögbrjóturinn stendur með pálmann í höndunum en fórnarlömbin fá engar bætur.

43. gr. barnalaga gerir það auk þess sáraauðvelt að hunsa óskir, vilja og skoðanir barns og að á það sé hlustað, eins og rannsóknir sýna að gerist oft hjá bæði sýslumönnum og barnaverndarstofnunum. Þetta er skýlaust brot á einstaklingsfrelsi barna.

**Refsingarlaus lögbrot**

Hvers vegna liggja engar refsingar við lögbrotum á þeim réttindum barns og foreldris að eiga saman fjölskyldulíf eftir skilnað þótt í 46 gr. barnalaga segi skýrum stöfum að báðir foreldrar skuli virða þennan rétt barnsins og hins foreldrisins til hins ýtrasta? Hvers vegna er í reynd nær ómögulegt að koma í veg fyrir slík lögbrot sem gerir það ómögulegt fyrir barnið og foreldrið að fá réttindi sín uppfyllt?

Hvers vegna þurfa fórnarlömbin að bíða frá einu og upp í þrjú ár til þess að stöðva glæpi vegna tálmunar? Og hvers vegna liggur engin refsing við því að lögheimilisforeldri hunsi úrskurð stjórnvalds þótt það geti tekið allt að þrjú ár að fá hann, heldur þarf að hefja allt ferlið upp á nýtt? Eru úrskurðir dómstóla og sýslumanna einskis virði á Íslandi?

> Hvers vegna þurfa fórnarlömbin að bíða frá einu og upp í þrjú ár til þess að stöðva glæpi vegna tálmunar?

Ferlið tekur allt frá einu og upp í þrjú ár. Og á meðan halda lögbrotin áfram refsingarlaus og óáreitt. Og ef barn fær að sjá umgengnisforeldri sitt í skamman tíma og brotin halda áfram strax eftir það, fellur allt ferlið niður og þarf að hefja það upp á nýtt. Þetta eru skýlaus brot á mannréttindum barna og foreldra. Hvers vegna eru öll þessi lögbrot gjörsamlega refsingarlaus?

Og hvers vegna leyfir 29 gr. barnalaga kærasta eða kærustu lögheimilisforeldris að fá forsjá yfir barni umfram raunverulegt foreldri barnsins? Hvers vegna gefur 30 gr. sambýlismanneskju sjálfkrafa sömu réttindi við dauða lögheimilisforeldris á meðan forsjárlausa foreldrið er enn réttindalaust gagnvart eigin barni?

**Hættulegt vopn?**

Hvers vegna gerist ekkert við lagningu dagsekta í 100 daga vegna ólöglegrar tálmunar lögheimilisforeldris skv. 48 gr. og brotin eru látin halda áfram óáreitt á meðan? Hvers vegna falla dagsektir strax niður ef barn hittir foreldri sitt í örskamma stund, jafnvel þótt brotin haldi áfram strax eftir það? Hvers vegna mega dagsektir ekki hefjast fyrr en eftir 8-10 mánaða bið eftir úrskurði sýslumanns og eftir 5-8 mánaða áfrýjunarferli hjá innanríkisráðuneytinu? Og hvers vegna eru engir vextir eða refsing við vanefndum á greiðslu dagsekta og þær dregnar af launum eins og meðlög, heldur eru þær afskrifaðar eftir eitt ár séu þær ekki greiddar?

Hvers vegna á meðlagsgreiðandi skv. 60 gr. að greiða sinn hluta kostnaðar vegna barns þótt foreldrið sé aldrei með í ráðum um slík útgjöld því þau eru öll ákveðin einhliða af lögheimilisforeldrinu? Og líka kostnað vegna t.d. skírnar og fermingar þótt foreldrinu og fjölskyldu þess og barnsins hafi ekki einu sinni verið boðið í athöfnina? Hvers vegna er réttur meðlagsgreiðandans enginn en hann á aðeins að borga peninga?

Barnalögin brjóta mannréttindi og eru hættulegt vopn í höndum glæpsamlegra foreldra sem geta notað þau til að ræna barn sitt eðlilegu lífi með fjölskyldu sinni og aðra manneskju eðlilegu lífi með eigin barni svo árum skiptir. Og í öllu þessu tekur embættismannakerfið fullan þátt vegna vítaverðra galla og mannréttindabrota í lögunum. Þessu þarf að breyta. Eftir hverju er verið að bíða?

## Evrópumál

# Kosið um aðild að ESB

**AF EVRÓPUVEFNUM**

Hafa öll aðildarríki ESB kosið í lýðræðislegri kosningu um aðild að ESB?

Bryndís Pjetursdóttir

alþjóðastjórnmálafræðingur



Kosið var um aðild að Evrópusambandinu í þjóðaratkvæðagreiðslu í fjórtán aðildarríkjum sambandsins af 27. Þessi ríki eru Danmörk og Írland árið 1972, Austurríki, Finnland og Svíþjóð árið 1994 og Eistland, Lettland, Litháen, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland árið 2003.

Í flestum ríkjum voru niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar afgerandi. Aðild hefur oftast verið samþykkt með 60-90 prósentum atkvæða og kosningaþátttaka hefur almennt verið góð. Nokkur ríki skera sig þó úr hvað þetta varðar. Þannig var aðild samþykkt með litlum meirihluta í Svíþjóð (52,3%), Möltu (53,6%) og Finnlandi (56,9%) en kjörsókn í þessum ríkjum var góð (70-90%). Í öðrum ríkjum var stuðningur við aðild að ESB hins vegar afgerandi en kjörsókn lítil. Þannig var aðild samþykkt í Ungverjalandi með 83,3% atkvæða en aðeins 45,6% kjörsókn, í Slóvakíu með 93,7% atkvæða og 52,1% kjörsókn og í Tékklandi með 77,3% atkvæða og 55,1% kjörsókn.

Bretar kusu ekki um aðild fyrir inngönguna í ESB árið 1973 heldur var kosið um áframhaldandi aðild að ESB í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1975, eftir að ný ríkisstjórn hafði tekið við völdum. Á Álandseyjum var haldin sérstök þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild að ESB árið 1994, þrátt fyrir að eyjarnar væru sjálfsstjórnarsvæði innan Finnlands. Eyjarnar gengu síðan í ESB sem hluti af Finnlandi árið 1995. Í Noregi hefur tvisvar sinnum verið haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild að ESB, árin 1972 og 1994, og var aðild hafnað í bæði skiptin.

Þau ríki sem efndu ekki til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild eða áframhaldandi aðild að ESB, fyrir utan stofnríkin sex, voru Grikkland, Portúgal, Spánn, Kýpur, Búlgaría og Rúmenía. Aðild Grikklands að ESB var samþykkt á gríska þinginu árið 1979. Skoðanakannanir frá árinu 1981 sýna að minnihluti Grikkja, 38%, var hlynntur aðild, 21% var andvígt, 28% voru hvorki hlynnt né andvíg og 13% voru óviss. Í Portúgal studdu um 56% landsmanna inngöngu í ESB, samkvæmt skoðanakönnun, en mikil samstaða var meðal stjórnmálamanna um kosti aðildar. Aðild Spánar að ESB var samþykkt einróma á spænska þinginu en kannanir frá árinu 1985 sýna að stuðningur almennings við inngönguna var um 71%.

Á kýpverska þinginu var inngangа í ESB samþykkt árið 2003 með öllum atkvæðum grísk-kýpverskra þingmanna en tyrknesk-kýpverskу þingmennirnir voru ekki viðstaddir atkvæðagreiðsluna. Fyrr á árinu hafði tillögu Kofi Annan, þáverandi aðalritara Sameinuðu þjóðanna, um sameiningu gríska og tyrkneska hluta Kýpur verið hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu vegna andstöðu grískra Kýpverja. Landið er þó allt aðili að ESB en lög og reglur ESB gilda ekki á tyrkneska hluta eyjarinnar. Í Búlgaríu sýndu kannanir árið 2004 að um 80% stuðningur væri við aðild að ESB og því var þjóðaratkvæðagreiðsla talin óþörf. Á búlgarska þinginu samþykkti 231 þingmaður af 234 aðildina, einn þingmaður kaus gegn aðild en tveir voru fjarverandi. Svipaðar aðstæður voru í Rúmeníu þar sem allir þingmenn rúmenska þingsins samþykktu aðild. Stuðningur almennings var einnig umtalsverður.

Í Króatíu var kosið um aðild að ESB í janúar 2012 og var hún samþykkt með um 66% atkvæða, kjörsókn var um 44%. Króatía mun formlega ganga í ESB í júlí 2013.

# Hvert skal stefna í ferðaþjónustu

Ferðaþjónusta

Steinar Frímannsson

leiðsögumaður



Vöxtur ferðaþjónustu er mikið í umræðu nú um stundir. Mest er talað um hversu mikinn hag við höfum og gætum haft af ferðaþjónustunni. Einnig hefur hið undarlega mál varðandi sölu eða leigu Grímsstaða á Fjöllum vakið talsverða umræðu.

Ferðaþjónustan á við vanda að stríða, sem getur átt eftir að koma niður á framtíðinni. Sá vandi er að það er engin raunveruleg stefna varðandi atvinnugreinina sem heild. Tíunda hvert ár er samþykkt á hinu háa Alþingi eitthvað sem kallast Ferðamálaáætlun. Hið síðasta árið 2004. Það plagg er með eindæmum. Þetta er rit með viðaukum og skýringum á meira en 100 blaðsíðum. En út úr þessu plaggi er ekki hægt að lesa neitt um það hvert beri að stefna, engin raunveruleg framtíðarsýn í þessum málum og ekkert til að fara eftir í því að byggja upp atvinnuveginn. Og í þessu plaggi er aðeins einu sinni minnst á hugtakið ferðamaður. Skjalið er samsuða úr alls konar klisjum og frösum sem hafa enga praktíska merkingu. Sennilega hafa þarna einhverjir snjallir fræðimenn fengið það verkefni að sjóða saman tóma steypu sem ekki gæti valdið ágreiningi.

En þarf einhverja stefnu í þessum málum? Er ekki best að láta atvinnuveg þróast eftir því sem tækifærin bjóðast og losna þannig við allar kvaðir sem stefnumörkun óneitanlega setur? Þetta sjónarmið er alveg gilt, en gallað. Ferðaþjónusta þarf að byggja á samspili svo margra aðila og svo margra þátta, að það gengur ekki að hafa engan ramma að fara eftir. Í því samhengi má benda á eftirtalin svið.

1. Umhverfismál. Náttúra landsins og menning eru helstu auðlindir ferðaþjónustunnar. Ef við misnotum náttúruna á einhvern hátt eða misbjóðum okkar menningararfi og okkar menningarlífi er hætt við að ferðaþjónustan, og þar með okkar efnahagslíf, skaðist varanlega.

Það er orðin alger nauðsyn að bregðast við varðandi umhverfismál, því segja má að það sé stunduð rányrkja í íslenskum ferðaiðnaði eins og hann er rekinn.

2. Nýting fjármagns. Ferðaþjónusta byggir á samspili fjölmargra atriða sem öll verða að vera til staðar. Það verður þess vegna að gæta þess að byggja upp þannig að allir þættir séu byggðir samhliða. Þetta á sérstaklega við um uppbyggingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Og það er aðeins tryggt ef ferðamenn koma á svæðið og greiða þeim sem þar eru fyrir þjónustu. En til þess að ferðamenn komi, verður þrennt að vera til staðar skammlaust. Gisting og veitingasala, flutningakerfi og afþreying. Ef einn þessara þátta er ekki til staðar, eða hann er í döpru ástandi, er erfitt að fá ferðamenn til að heimsækja viðkomandi svæði að einhverju marki. Og þá nýtist fjármagnið illa.

> Ferðaþjónusta þarf að byggja á samspili svo margra aðila og svo margra þátta, að það gengur ekki að hafa engan ramma að fara eftir.

3. Gjaldtaka af ferðamönnum til sameiginlegrar þjónustu. Á að taka gjald fyrir aðgang að ákveðnum svæðum? Á að taka fé til reksturs svæðanna af skattfé? Eða á að innheimta almennt gjald af ferðamönnum sem hér gista? Eða er einhver önnur leið heppilegust? Þessum spurningum þarf að svara.

4. Menntunarmál í ferðaþjónustu er nokkuð sem þarf að skoða. Eins og er, er stór hluti fagmenntunar í ferðaþjónustu greiddur að fullu af nemendum eða í vissum tilvikum þeirra vinnuveitendum. Aukið mikilvægi ferðaþjónustu hlýtur að kalla á námsframboð sem hentar.

5. Rannsóknir í ferðamálum. Þessi þáttur hefði e.t.v. átt að vera númer eitt í upptalningunni. Þetta er nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu. En ef ekki er stefna til staðar, þá er bæði erfitt fyrir rannsóknarstofnanir að fá fjármagn og einnig er forgangsröðun í rannsóknum ákaflega erfið. Rannsóknir geta gefið grunn undir stefnumörkun.

Það eru ýmis teikn á lofti í ferðaþjónustunni. Atvinnugreinin hefur verið á fljúgandi uppleið á síðustu árum. Að hluta til vegna þess að gengi krónunnar er hagstætt ferðamönnum og að hluta til vegna mikillar auglýsingaherferðar. En lítið sem ekkert hefur verið gert til að bæta innviðina, tryggja góða þjónustu og koma í veg fyrir neikvæð áhrif ferðamannastraumsins. Ef stefnan er ekki klár, er hætt við að atvinnuvegurinn þróist í óæskilegar áttir. Og hrun gæti orðið í atvinnugreininni ef ekki er skipulega tekið á málum. Það er líka auðveldara að taka afstöðu til mála eins og uppbyggingar á Grímsstöðum á Fjöllum, óska um að reisa spilavíti og slík mál sem ferlið virðist ekki hafa burði til að skoða í samhengi við heildina. En fyrst og fremst verður að koma í veg fyrir stórslys, umhverfisleg og markaðsleg. Það verður að gera með sammæli um hvernig við viljum sjá ferðaþjónustuna í framtíðinni.

Það mun vera einhver hópur í gangi sem er að sjóða saman nýja ferðamálaáætlun. Vonandi tekst betur til en síðast, þannig að til verði einhver heildstæð stefna í íslenskri ferðaþjónustu. Ekki einhver merkingarlaus moðsuða.

# Nýtingarhlutfall – byggingarréttur

Skipulagsmál

Gestur Ólafsson

fyrrverandi kennari í skipulagsfræðum við HÍ



Talsverð umræða um skipulagsmál hefur skapast að undanförnu í kjölfar samkeppni um hugsanlega frekari uppbyggingu við Austurvöll og Ingólfstorg. Þar hefur mönnum orðið tíðrætt um nýtingarhlutfall og hugsanlegan byggingarrétt sem hafi verið myndaður á þessu svæði og í öðrum gömlum hverfum borgarinnar.

Nú er það svo að nýtingarhlutfall er einungis ein mæliaðferð af mörgum sem m.a. hafa verið notaðar til þess að meta eða áætla hve mikið ákveðið landsvæði er nýtt (landnýting). Aðrar mælieiningar til að mæla þéttleika byggðar eru t.d. fjöldi íbúða eða íbúðarherbergja á flatareiningu.

Eitt og sér er nýtingarhlutfall ákaflega lélegt tæki til að stjórna gerð byggðar þar sem það mælir aðeins hlutfallið milli m² í byggingum og m² lóðar en segir ekkert um t.d. hæð bygginga, hugsanlega notkun eða gerð sem geta þó skipt höfuðmáli fyrir allt umhverfi á viðkomandi svæði. Samt er það eins með nýtingarhlutfallið og hnífinn í eldhússkúffunni að hægt er að nota það til margs konar verka. Þótt þessi mælieining hafi ekki verið hugsuð til þess sérstaklega að gefa ákveðnum lóðarhöfum verðmæti á kostnað gömlu hverfanna má hugsanlega nota hana til þess ef vilji er fyrir hendi.

Undanfarin ár hafa skipulagsvísindamenn borgarinnar diskað út hækkuðu nýtingarhlutfalli fyrir einstakar lóðir í gömlum hverfum Reykjavíkur sem hefur, eins og fyrir galdur, orðið að byggingarrétti sem borgaryfirvöld hafa orðið að kaupa til baka fyrir almannafé þar sem vilji hefur verið fyrir því að vernda fyrra svipmót byggðarinnar. Afleiðing þessa gæti verið sú að með þessu móti hafi verið stofnað til milljarða króna skaðabótaábyrgðar ef fólk vill nú halda í þéttleika og sérkenni þeirrar byggðar sem fyrir er.

Nú hljótum við, íbúar Reykjavíkur, að spyrja hvaða skipulagsvísindi voru þarna á ferðinni og hvaða einstaklingar bera á þeim faglega og pólitíska ábyrgð þannig að við getum a.m.k. forðast þetta fólk í næstu sveitarstjórnarkosningum.

Nútímaskipulag er talsvert alvörumál og mótar ramma fyrir líf okkar allra á fjölmörgum sviðum og það skiptir okkur öll miklu að þar sé bæði talað skýrt og öll tiltæk þekking notuð. Annars kemur það bara okkur sjálfum í koll.

# Europris

TILBOÐIN GILDA 2.8.–4.8. 2012
EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

ÓDÝRT FYRIR ALLA!



259
PRINGLES
190 gr



80 í pk
299
EINNOTA HNÍFAR, GAFFLAR OG SKEIÐAR



50 í pk
299
PAPPADISKAR
18 cm



50 í pk
299
PLASTGLÖS
50 í pk





59
33 cl
krónur dósin
Fylltu á skottið!



4590
ÚTILEGUBORÐ
80 x 60 cm
~~Verð áður: kr 6490~~



149
FAXE KONDI BOOSTER
Orkudrykkur
25 cl



99
TOPPUR SÍTRÓNU
0,5 ltr



2 kg
399
GRILLKOL



Veiðivörur á 25% afslætti

FISKISLÓÐ • KORPUTORGI • DALVEGI, KÓPAVOGI • AUSTURVEGI, SELFOSSI
WWW.EUROPRIS.IS

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!





20% afsláttur

1498 kr. kg

Verð áður ~~1889~~ kr. kg

Lambalærissneiðar, New York marineraðar



25% afsláttur

2998 kr. kg

Verð áður ~~4198~~ kr. kg

Kindafile

## LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!

Þú getur valið ókryddað, eða með kryddjurtum, New York, hvítlauk og rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja og eplamarinerað!

1398 kr. kg

Lambalæri, ókryddað eða kryddað



2 í pk.

399 kr. pk.

Ungnauta hamborgari 120 g, 2 í pk.



4 í pk.

698 kr. pk.

Grillborgarar með brauði, 4 stk.

## Spari-kassi



898 kr. kg

Frosnar grísakótilettur í kassa




699 kr. pk.

B4Y grillkol, 2,5 kg



30% afsláttur

1999 kr. stk.

Verð áður ~~2999~~ kr. stk.

Notebook ferðakolagrill




Stórsniðug kælitaska og kollur – hægt að brjóta saman!

2999 kr. stk.

Kælitaska og kollur, 3 litir



## Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

– komdu og gerðu frábær kaup!

# DÚNDURGOTT VERÐ




**1798** kr. kg
Krónu kjúklingabringur

## FRÁBÆRT á grillið



35% afsláttur

**2989** kr. kg
Verð áður ~~4598~~ kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent





30% afsláttur

**1189** kr. kg
Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísahnakki á spjóti í New York eða hvítlauks- og rósmarínmarineringu




**499** kr. stk.
Landmann einnota grill, 600 g




**399** kr. pk.
Samba kossar, 2 teg., 300 g




**79** kr. stk.
Pepsi, Pepsi Max, Appelsín, 7 Up, Mix og Mountain Dew, 33 cl dósir




12 dósir í kassa

**707** kr. kassinn
Coke og Coke light, 12 x 33 cl dósir

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Árangur hverra og fyrir hverja?

Stjórnmál

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
formaður Framsóknarflokksins



Umræða undanfarinna daga um stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði gefur tilefni til að benda á nokkrar staðreyndir. Umræðan er mikilvæg vegna þess að tækifæri Íslands eru líklega meiri en nokkurs annars lands en samt eigum við á hættu að glata þeim. Saga undanfarinna ára undirstrikar þetta.

Ríkisstjórnin, eða hluti hennar, leitast nú við að telja fólki trú um að stefna ríkisstjórnarinnar hafi skilað árangri í efnahagsmálum. Þetta hefur reyndar reynst mörgum ráðherrum nokkuð erfitt eftir að þeir hafa varið megninu af kjörtímabilinu í að reyna að sannfæra fólk um að Ísland ætti sér enga framtíð nema almenningur tæki á sig hundruð milljarða króna skuldir fallinna banka og landið gengi svo í Evrópusambandið.

### Á hverju byggist árangurinn?

Umræðan snýst einkum um að hagvöxtur hafi aukist, landið geti nú slegið lán á markaði (ólíkt mörgum evrulöndum) og atvinnuleysi hafi minnkað (þótt raunverulegt atvinnuleysi sé reyndar meira en tölur Vinnumálastofnunar gefa til kynna).

Þekktir erlendir hagfræðingar og blaðamenn hafa vakið athygli á árangri Íslands (það eru að miklu leyti sömu menn og helst hafa verði sammála framsóknarmönnum um Icesave og skuldir heimilanna). En á hverju byggir þessi árangur? Eins og sérfræðingarnir benda á byggir hann einkum á því að sveigjanleiki krónunnar dró úr atvinnuleysi hér á sama tíma og atvinnuleysi náði hámarki í evrulöndunum. Jafnframt skipti sköpum að Ísland skyldi ekki taka ábyrgð á skuldum gjaldþrota einkabanka.

Hagvöxtur er meiri á Íslandi en annars staðar vegna þess að gengi gjaldmiðilsins féll, útflutningsverðmæti jukust, ferðamönnum fjölgaði o.s.frv. Við það bættust óvæntar makrílveiðar og neysla almennings jókst eins og oft gerist á verðbólgutímum.

> Hvað í stefnu núverandi ríkisstjórnar hefur skilað efnahagslegum ávinningi?

Niðurgreiðsla ríkisskulda í góðærinu skipti að sjálfsögðu sköpum og forðaði landinu frá því að lenda í sömu stöðu og Grikkland. Loks hafa menn kynnst því að velferðarkerfið og innviðirnir sem byggðir voru upp á undanförnum áratugum voru þó það sterkir að þeir hafa að mestu staðið af sér hamfarirnar. Nú er heilbrigðiskerfið reyndar komið í talsverða hættu enda var niðurskurður í heilbrigðismálum mestur á Íslandi árið 2010 (auk Spánar). Það er það eina af ofantöldu sem beinlínis má þakka núverandi ríkisstjórn.

### Hvað hefur ríkisstjórnin lagt til?

Hvað í stefnu núverandi ríkisstjórnar hefur skilað efnahagslegum ávinningi? Hér hafa menn ekki nýtt það einstaka tækifæri sem verið hefur til að auka fjárfestingu og fjölga störfum. Þvert á móti, fjárfesting hefur verið í sögulegu lágmarki og störfin hafa einkum flust til Noregs.

Ríkisstjórnin hefur hins vegar lagt ofurkapp á að snúa við öllum þeim þáttum sem hafa búið til árangurinn sem hún státar sig af.

Öllum brögðum og öllu afli stjórnvalda hefur verið beitt við að færa skuldir gjaldþrota fjármálafyrirtækja yfir á almenning. Ráðherrar ráðast á gjaldmiðil eigin lands, einkum í viðtölum við erlenda blaðamenn, og berjast fyrir því að Ísland taki upp evru með aðild að evrópska seðlabankanum. Þar á bæ standa menn núna frammi fyrir heimssögulegri krísu og þeirri staðreynd að evran hefur aukið atvinnuleysi og mun á næstu árum rýra kaupmátt almennings (t.d. um yfir 40% á Írlandi). Við bætist að ef Ísland tæki upp evru í gegnum ESB þyrfti það að taka þátt í björgunaraðgerðum vegna ófremdarástandsins á evrusvæðinu. Danir reiknuðu nýverið út hvað þeir hafa sparað með því að taka ekki upp evru. Miðað við niðurstöður þeirra næmi kostnaður Íslendinga af þátttöku í evrunni um 400 milljörðum króna.

Vegið hefur verið að innviðum landsins og einkum að þeim atvinnugreinum sem staðið hafa undir aukinni verðmætasköpun. Til að fullkomna aðförina að þeim hlutum sem helst hafa tryggt hagsmuni Íslands á undanförnum árum er nú hafinn undirbúningur að eftirgjöf í makríldeilunni. Helsta samningamanni Íslands í sjávarútvegsmálum var skyndilega kippt út úr viðræðunum og líkur standa til að ríkisstjórnin gefi stórlega eftir í deilunni á fundum með ESB í haust til að greiða fyrir ESB-umsókn sinni.

### Heimilunum fórnað

Verst er þó að stjórnvöld skuli ekki hafa nýtt þau tækifæri sem voru til að rétta hlut íslenskra heimila. Þótt íslenska krónan hafi komið að gagni við að halda uppi atvinnustigi og auka útflutning hefur hún vissulega sína galla. Sá stærsti birtist í stökkbreytingu á skuldum íslenskra heimila vegna verðtryggingarinnar. Hins vegar gafst stjórnvöldum tækifæri til að vinna bug á þeim vanda á meðan þau réðu enn yfir þrotabúum bankanna. Það tækifæri var ekki nýtt. Tjónið af því fyrir heimilin og samfélagið allt nam hundruðum milljarða.

### Íslandi bjargað frá gjaldþroti og ríkisstjórninni

Ef Ísland hefði þegar verið orðið ESB-land með evru árið 2008 hefði bankahrunið sett landið á hausinn. Nokkrir hinna margumræddu erlendu sérfræðinga, t.d. Ken Rogoff, hagfræðiprófessor við Harvard-háskóla, hafa bent á þetta. En í raun þarf ekki að reiða sig á álit sérfræðinga í þessu tilviki. Það nægir að bera stöðu Íslands saman við Írland og reikna áhrifin af því ef Ísland hefði verið látið taka neyðarlán til að bjarga bönkunum og um leið hefði atvinnuleysi orðið tvöfalt meira en raun varð.

Nú er einnig ljóst að Ísland hefði orðið gjaldþrota ef ríkisstjórninni hefði tekist að koma í gegn fyrsta Icesave-samningnum. Framsóknarmenn voru oft sakaðir um að vera með málið á heilanum og eyða of miklu afli í að koma í veg fyrir Icesave-samninginn. En ef ekki hefði verið fyrir baráttu þingflokks framsóknarmanna og annarra hugsjónamanna, hefði stefna ríkisstjórnarinnar sett Ísland í þrot.

### Niðurstaðan

Er ekki tímabært að ríkisstjórnin hætti að slá sig til riddara vegna árangurs sem hún hefur fremur reynt að koma í veg fyrir með aðgerðum sínum en ýta undir? Enn betra væri þó ef hún einbeitti sér loks (betra seint en aldrei) að því að rétta hag íslenskra heimila og að í framtíðinni yrði byggt á styrkleikum Íslands og tækifæri þess nýtt. Verði það gert verður hvergi betra að búa en á Íslandi.




# Siðmenntun fylgir sú ábyrgð að taka afstöðu

Samfélagsmál

María Grétarsdóttir
gjaldkeri Samstöðu – flokks lýðræðis og velferðar

Rakel Sigurgeirsdóttir
formaður Samstöðu – flokks lýðræðis og velferðar

Við Íslendingar erum stillt og siðmenntuð þjóð og það er sú mynd sem við viljum viðhalda af okkur. Siðmenntun felur það meðal annars í sér að taka ábyrgð. Fylgifiskar ábyrgðarinnar eru meðal annars þeir að mynda sér skoðun um mikilvæg mál. Samfélagslegar aðstæður hafa þess vegna afgerandi áhrif á mynd siðprýðinnar. Sá sem vill telja sig til siðmenntaðra einstaklinga þarf með öðrum orðum að bregðast við því sem er að eiga sér stað í kringum hann.

Við lifum á furðulegum tímum þar sem samfélagið, sem meiri hluti okkar hélt að væri heilt, hefur verið rjúkandi rústir í að minnsta kosti fjögur undanfarin ár. Núverandi vanda má að stórum hluta rekja til þess hversu vel menn hafa rekist í hópum og til skorts á gagnrýninni umræðu, gagnsæi og heilbrigðu siðferði. Við þykjumst hins vegar vita að þeir eru þó nokkrir sem langar til að taka til hendinni við að byggja upp nýtt samfélag af því þeir eru meðvitaðir um að það er það sem þarf.

Fámenn þjóð sem býr saman á stórri eyju þarf að byggja upp þjóðfélag sem gerir ráð fyrir öllum. Fámennið og vegalengdirnar gera það að verkum að við ráðum ekki við það að hér búi tvær þjóðir. Það er fámenn valda- og eignastétt sem nýtur rándýrra fríðinda sem skattborgararnir bera kostnaðinn af á sama tíma og stærstur hluti landsmanna upplifir síversnandi lífskjör í gegnum niðurskurð á velferðarkerfinu, minnkandi atvinnumöguleika og aðrar kjaraskerðingar.

Eins og er stendur þjóðinni ógn af endurreisn þess kerfis sem olli því efnahagslega uppnámi sem er að grafa undan velferðarkerfinu og samfélaginu um leið. Samfélagið mun festast í eilífum vítahring eyðileggingarinnar ef áfram verður haldið á þeirri braut að samþykkja sérhagsmuni umfram almannahagsmuni. Í stað núverandi endurreisnar þarf uppbyggingu reista á grunni lýðræðis og velferðar. Til að byggja upp betra samfélag þarf að læra af reynslunni og opna á nýjar leiðir og lausnir.

> Til að byggja upp betra samfélag þarf að læra af reynslunni og opna á nýjar leiðir og lausnir.

Þeir sem byggja íslenskt þjóðfélag eiga val um það hvort þeir vilja heldur endurreisn þess kerfis sem tekur sérhagsmuni fámennrar eigna- og valdastéttar fram yfir almannahagsmuni eða uppbyggingu nýs samfélags sem byggir á jöfnuði, samvinnu og sjálfbærni. Grundvöllurinn að slíkum breytingum er samstaða þjóðarinnar. Með samstilltu átaki er nefnilega möguleiki að snúa við þeirri óheillaþróun sem er að eiga sér stað.

Þeir sem stofnuðu stjórnmálaflokkinn SAMSTÖÐU flokk lýðræðis og velferðar eiga sér þann draum að íslenskir kjósendur séu tilbúnir til að standa saman að uppbyggingu lýðræðislegs velferðarsamfélags sem hefur almannahag í forgrunni. Þeim sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum við að fullkomna þann draum er bent á að SAMSTAÐA er ákjósanlegur vettvangur fyrir alla sem vilja leggja því lið að gera hann að veruleika.


ÚTSALA
40%
politrattan
Stólar
Áður 16.900.-
útsöluverð
10.140.-
Borð
Áður 34.900.-
útsöluverð
20.940.-
sumarhúsgögn
3 litir
Hvít/Lime/Appelsínugul
50%
Borð og 2 stólar
Áður 49.900.-
útsöluverð
24.850.-
SUMARSMÁVARA
50-70%
valdir púðar
40%
Verð áður 3.990.-
útsöluverð 2.394.-
-50.000
Geymslupláss í botni
the PIER
Svefnsófi 3 litir
Rauður, fjólublár og grár
Verð áður 129.900.-
útsöluverð
79.900.-
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**56 BJÖRN BRYNJÚLFUR BJÖRNSSON** kvikmyndagerðarmaður á afmæli í dag.

*„Kreppan í dag er bara barnaleikur miðað við 18. öldina.“*

---



Elskulegur eiginmaður minn,

**SVERRIR BJARNASON**

lést þann 24. júlí á Hjúkrunarheimilinu Mörk. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Guðbjörg Jóhannsdóttir**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**AUÐUR PÉTURSDÓTTIR**
**Mýrarási 3,**

lést á deild 11E á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 30. júlí.

**Ríkharður Sverrisson**
**Pétur Kristmanns** **Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir**
**Ríkharður B. Ríkharðsson**
**Margrét Ríkharðsdóttir**
**Guðlaugur Geir Kristmanns**
**Ríkharður Kristmanns**

---



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**ELÍN SIGRÍÐUR JÓHANNESDÓTTIR**
**Borgarbraut 65a, Borgarnesi, áður til heimilis að Hvassafelli,**

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju fimmtudaginn 9. ágúst kl. 11.00.

**Gísli Þorsteinsson**
**Þorsteinn Gíslason** **Anna Bryndís Sigurðardóttir**
**Sigurlaug Gísladóttir**
**Ingibjörg María Gísladóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær móðir mín tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞORBJÖRG PÁLSDÓTTIR**
**Hjúkrunarheimilinu Mörk, Reykjavík, áður Nýbýlavegi 48, Kópavogi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk þann 29. júlí. Hún verður jarðsungin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 8. ágúst kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Hjúkrunarheimilinu Mörk í Reykjavík fyrir góða umönnun.

**Jóhann H. Jónsson** **Erla Stefánsdóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**LEIFUR JÓNSSON**
**Burknavöllum 21, Hafnarfirði,**

lést á krabbameinsdeild LSH föstudaginn 27. júlí. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði fimmtudaginn 9. ágúst kl. 15.00.

**Svala Markúsdóttir**
**Markús B. Leifsson** **Karen Erna Ellertsdóttir**
**Egill Hrafn Markússon**
**Sonja Leifsdóttir** **Sveinn Ómar Kristinsson**
**Ragnhildur Laufey Sveinsdóttir**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir afi og langafi,

**GUÐMUNDUR ÞORSTEINSSON**
**verkfræðingur,**

lést föstudaginn 27. júlí á Droplaugarstöðum. Útförin fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 2. ágúst kl. 13.00.

**Sigþrúður Guðmundsdóttir** **Birgir Guðjónsson**
**Kristján Guðmundsson** **Auður Andrésdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**MARGRÉT ÓLAFSDÓTTIR**
**Hörðukór 5, Kópavogi,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 29. júlí. Jarðsett verður frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 8. ágúst klukkan 13.00.

**Ólafur Þórðarson** **Sólveig Kristbjörg Vagnsdóttir**
**Ragnar Pétursson**
**Hlín Pétursdóttir** **Guðjón Rafnsson**
**Arnar, Elmar, Ylfa Nótt, Orri Hrafn, Jakob og Hlynur.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORSTEINN BERENT SIGURÐSSON**
**fv. flugumferðarstjóri, Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,**

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut þann 27. júlí sl. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 9. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Flugbjörgunarsveitina eða Karítas.

**Ingunn Sigurðardóttir**
**Sigrún Þorsteinsdóttir** **Ólafur Sigurðsson**
**Jón Ólafur Þorsteinsson**
**Þorsteinn Ingi Kristjánsson**
**Kristín Eva Kristjánsdóttir**
**Arnar Berent Sigrúnarson**
**Katla Dimmey Þorsteinsdóttir**
**Daníel Berent Rink**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**HJÖRTUR HJARTARSON**
**fyrrverandi sóknarprestur, Hlíðarvegi 11, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum v/Hringbraut 26. júlí. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju, þriðjudaginn 7. ágúst kl. 13.00.

**Unnur Axelsdóttir**
**Stefanía Hjartardóttir**
**Sveinn Hjörtur Hjartarson** **Sigurveig H. Sigurðardóttir**
**Þórunn Ingibjörg Hjartardóttir** **Sveinn B. Larsson**
**Axel Garðar Hjartarson** **Rannveig Sigurðardóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ANNA MAGNÚSDÓTTIR**
**frá Múlakoti í Lundarreykjadal, síðast til heimilis að Blesastöðum,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi þriðjudaginn 31. júlí. Útför hennar verður gerð frá Hrunakirkju laugardaginn 4. ágúst kl. 11.00.

**Anna Björk Matthíasdóttir** **Guðmundur Magnússon**
**Steinar Matthíasson** **Margrét Jóhannsdóttir**
**Magnús Matthíasson** **Þórdís Elísdóttir**
**Sigríður Matthíasdóttir** **Þorleifur Magnús Magnússon**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



**HALLDÓR JÓNSSON**
**ökukennari frá Ísafirði,**

lést af slysförum sunnudaginn 29. júlí. Kveðjuathöfn verður haldin í Fossvogskapellu fimmtudaginn 2. ágúst kl. 15.00. Jarðsett verður frá Ísafjarðarkirkju föstudaginn 10. ágúst kl. 14.00.

**Sasiprapha Udomsup**
**Ása Sigurlaug Halldórsdóttir** **Einar Óskarsson**
**Einar Halldórsson**
**Gunnar Þorsteinn Halldórsson**
**Fríður María Halldórsdóttir** **Þórður Marelsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



**LEIKLISTARLEIKSKÓLI** Hildur Lilja Jónsdóttir er leikskólastjóri leikskólans Laufskála. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## HILDUR JÓNSDÓTTIR: STÝRIR FYRSTA ÍSLENSKA LEIKLISTARLEIKSKÓLANUM

# LÆRA Í LEIK

„Við ætlum að einbeita okkur að leiklist og öll börn sem koma til okkar taka þátt,“ segir Hildur Lilja Jónsdóttir, leikskólastjóri Leiklistarleikskólans Laufskála í Grafarvogi. Fjöldi leikskóla nýtir listgreinina í kennslu en Hildur segir þau vilja taka þetta á annað stig. „Verkefnið heitir Leiklistarleikskóli og við áætlum okkur tvö ár. Það er frá vorönn 2012 til vorannar 2014 til að máta okkur áður en þetta fer inn í námskrána.“

„Hjá mannfólkinu er nauðsynlegt að geta lifað sig inn í ímyndaðar aðstæður líkt og börn gera gjarnan og læra í gegnum leik. Þetta viljum við virkja,“ segir Hildur um áform leikskólans. Hún segir skólann ekki stefna á að útskrifa leikara framtíðar heldur efla málörvun og félagsfærni. „Þú þarft bæði að bíða eftir að röðin komi að þér, taka tillit til félagans og sem áhorfandi þarftu að sýna þeim sem stendur á sviðinu virðingu. Svo er þetta fyndið og börnin hlæja með einhverjum sem þau hafa ekki hlegið með og skapa ný vináttutengsl,“ segir hún.

Hugmyndin fékk byr undir báða vængi skömmu eftir að Hildur hóf störf sem leikskólastjóri í september í fyrra. „Það var unnið mjög gott starf hér sem við erum ekkert að breyta heldur bæta við. Starfsmannahópurinn spurði mig hvort ég hefði nýjar hugmyndir og þá viðraði ég þessa, sem ég hef gengið með lengi í maganum, og henni var tekið svona vel,“ segir hún. „Allir voru mjög jákvæðir og vildu hrinda þessu í framkvæmd en það sem skipti máli í svona verkefni er jákvætt og opið hugarfar.“

Hafið var að innleiða leiklist í nám skólans í janúar og er lagt upp með að setja upp fimm stærri sviðsatriði á ári. Allan veturinn eru börnin látin koma fram en ekki endar vinnan alltaf á sýningu. Í sumar hélt leikskólinn þemaviku þar sem börnin léku á útisviði og nýttu náttúruna. „Við notum ekki aðeins okkur sjálf heldur erum við með brúðuleikhús og skuggaleikhús,“ segir hún og ræðir að spuni sé nýttur í bland við tilbúin handrit, sögur og ævintýri en einkar vinsælt er að leika ævintýri sem börnin þekkja.

Enginn leikaramenntaður kennari starfar við skólann en Hildur segir nám og reynslu starfsfólksins nýtast vel. „Ég hef ekki reynslu af leiklist sem fullorðin heldur úr æsku og bý vel að henni sem manneskja.“ hallfridur@frettabladid.is

---



**FJÓLA ÞORSTEINSDÓTTIR**
**frá Laufási, Vestmannaeyjum, Karfavogi 23,**

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík hinn 31. júlí.

**Gísli B. Björnsson** **Lena Margrét Rist**
**Martha Clara Björnsson** **Gunnar Már Hauksson**
**Ásta Kristín Björnsson** **Sverrir Guðmundsson**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**MAGNÚS ÓLAFSSON**
**skipasmíðameistari frá Skagaströnd,**

lést þann 23. júlí á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Við þökkum öllu því heilbrigðisstarfsfólki sem hlúði að honum í veikindum hans. Blessuð sé minning hans.

**Sigþrúður og fjölskylda**
**Hulda og fjölskylda**
**Ólafur og fjölskylda**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## GADDAR Á HVERRI FLÍK

**Gaddar hafa verið mikið í tísku síðustu tvö ár og virðist ekkert lát vera á því. Auðvelt er að bæta göddum á fötin sín og skó, en gaddana er hægt að nálgast í helstu vefnaðarvöruverslunum.**


Útsala
50-70% afsláttur




TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777




# GERA MYNDBÖND OG MYNDAÞÆTTI

**SKAPANDI TÍSKUBLOGG** *Rebekka Rut heldur úti tískublogginu Vanadís ásamt vinkonum sínum. Verkefnið byrjaði sem skapandi sumarstarf fyrir ári.*

Rebekka Rut Marinósdóttir er 19 ára stúlka sem er í Fjölbraut í Garðabæ. Hún heldur úti tískublogginu Vanadisin.blogspot.com ásamt Hönnu Margréti Arnardóttur og Kolfinnu Kristínardóttur, vinkonum sínum. Bloggið byrjaði sem verkefni hjá skapandi sumarstarfi og hafa þær haldið því úti í heilt ár. Á síðunni er sýnt hvernig breyta má fötum á einfaldan hátt. Þar er umfjöllun um tísku og einnig eru ljósmyndir og myndbönd eftir þær sjálfar.

Rebekka segir að hún hafi alltaf haft áhuga á tísku en að hún hafi ekki byrjað að spá alvarlega í fataskápnum fyrr en hún byrjaði í menntaskóla. „Ég kaupi næstum því öll mín föt erlendis, í hvert skipti sem það er eitthvað flott á Íslandi þá kostar það yfir 20.000 krónur,“ segir Rebekka, þó hún viðurkenni að hún eigi oft erfitt með að bíða eftir utanferðum og kíki þá í búðir hér heima.

Þegar Rebekka er spurð út í hausttískuna þá segir hún að líklegast munu gallajakkar halda áfram út í haustið, sérstaklega stórir, ásamt stórum og víðum fötum sem svipa til tíunda áratugarins. Henni þykir einnig líklegt að hipphopp- eða „svag“-tískan muni halda áfram.

Um verslunarmannahelgina ætlar Rebekka á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum og fer svo beint eftir það í útskriftarferð til Mallorca. ■ **gunnhildur@365.is**

**HIPP OG KÚL**
Jakkinn sem Rebekka klæðist er úr Primark. Buxurnar og bolurinn úr American Apparel og skórnir úr Bianco.
MYND/VILHELM


ÆÐISLEGUR í nýjum lit



Teg 42027 - fæst í C,D,E skálum á kr. 5.800,-
buxur í stíl á kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Lokað á laugardögum í sumar
Vertu vinur

Eirberg
Hnéhlífar
BAUERFEIND®



Opið virka daga í sumar frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

*3,5% lántökugjald
SUMAR ÚTSALA
12 mánaða vaxtalausar greiðslur*
Gerið gæða- og verðsamanburð
Svefn & heilsa
www.svefn.is

20-50%
AFSLÁTTUR
Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.

SAGA/FREYJA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA/FREYJA
Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX
2x80x200
339.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

# VAFASAMIR GESTIR Í ÞVOTTAVÉLINA

**HUGSIÐ YKKUR TVISVAR UM** *Vissulega þola margar flíkur að fara í þvottavél þrátt fyrir að mælt sé með að fara með hana í hreinsun. Vert er þó að hugsa sig vel um áður en nýju kasmírpeysunni er skellt í vélina ásamt skítugu sokkunum.*

Nú á dögum eru margar þvottavélar með sérstaka stillingu fyrir viðkvæman þvott. Margir freistast því til að skella hvaða flík sem er í vélina og spara sér þannig ferð í fatahreinsun. Engu að síður gerast mistökin enn og því er ágætt að meta það hverju sinni hvort áhættan sé þess virði.

Hver hefur ekki heyrt söguna um Stubb og stóru bræðurna Pétur og Óla? Þeir eldri fengu nýjar flíkur sem fóru í þvottavélina og pössuðu þá bara á hann litla Stubb. Foreldrar þeirra hefðu kannski átt að splæsa í hreinsun í þetta skiptið.

- Flíkur sem hafa tilfinningalegt gildi eða kostuðu morð fjár ættu ekki að fara í þvottavélina, ef ekki er víst að þær þoli það. Brúðarkjólar, smóking og þjóðbúningar ættu aldrei að veltast um í vélinni enda líklega ekki í stöðugri notkun. Það er vel þess virði að greiða fyrir hreinsun á þessum hátíðarklæðnaði.
- Það sama gildir um ullarjakka og vetrarkápur. Þegar að því kemur að þessar flíkur þurfa þvott er skynsamlegra að láta fagmenn í efnalaugum sjá um hreinsunina. Nema auðvitað þið eigið lítinn Stubb sem langar í ullarkápu.
- Silkiföt ættu alltaf að fara í hreinsun nema ef ykkur er annaðhvort sama um fötin eða vitið nákvæmlega hvað þið eruð að gera. Silkiföt eru yfirleitt dýr svo gott er að hugsa vel um hvað skal gera.
- Ullarfatnaður er vandmeðfarinn í þvotti. Ef þið eruð ekki viss um hvernig á að bera sig að skuluð þið leita ykkur hjálpar eða fara með flíkina í hreinsun. Ull þæfist gjarnan í þvottavélinni.
- Föt sem keypt eru notuð eru oft ekki með þvottamiða. Chanel-dragtir skuluð þið bara setja beint í fatahreinsun en bómullarboli er örugglega í lagi að skutla í þvottavélina með blandaða þvottinum.
- Vart þarf að minnast á skinn og feld en þetta ætti aldrei að laumast í þvottavélina undir neinum kringumstæðum.
- Einhverjir hugsa þá með sér að lausnin sé einfaldlega að þvo ofurviðkvæman þvott í höndunum og taka þannig enga áhættu. En athugið að handþvottur getur reynst vandasamur. Oft er erfitt að ná þvottaefninu úr fötunum og þau safna þá gjarnan í sig stöðuorku og límast við líkamann þegar þau hafa þornað.
- Þegar allt kemur til alls er best að meta hvert tilvik fyrir sig, reikna dæmið út frá hvað flíkin kostaði og hvaða tilfinningagildi hún hefur. Er áhættan þess virði?

halla@365.is



**VERÐMÆTUR HÁTÍÐARKLÆÐNAÐUR** Handsaumaður hátíðarklæðnaður er afar verðmætur og ætti aldrei að fara í þvottavél. Kjólföt og smókingar eru ekki í stöðugri notkun og vel þess virði að greiða fyrir hreinsun á þessum flíkum þegar þess þarf.




**LÁN Í ÓLÁNI** Stubbur datt aldeilis í lukkupottinn þegar mamma hans setti ný föt eldri bræðranna í þvottavélina.



# BENDIÐ Á BLETTINA

*Ekki er mælt með því að hella hvítvíni eða salti á rauðvínsbletti líkt og margir halda. Best er að fara með fötin beint í hreinsun.*

- Aldrei skyldi reyna að nudda bletti úr viðkvæmum fatnaði. Það getur skemmt efnið og skilið eftir sig enn verri blett. Þerrið aðeins blettinn og komið flíkinni sem fyrst í hreinsun.
- Hellið ekki hvítvíni eða salti á rauðvínblett. Þetta gerir starfsfólki fatahreinsana bara erfiðara fyrir og getur jafnvel orðið til þess að bletturinn náist ekki úr.
- Þegar farið er með föt í hreinsun ætti alltaf að benda starfsfólki fatahreinsunarinnar á bletti því þeir eru meðhöndlaðir sérstaklega. Annars gætu þeir farið fram hjá starfsfólkinu.
- Hátískufatnaður er oft framleiddur úr afar viðkvæmum efnum og skyldi varast að setja á sig svitalyktareyði og ilmvatn eftir að farið er í slíkan fatnað. Berið svitalyktareyðinn á áður en farið er í fötin og leyfið honum að þorna. Annars er hætt við að fatnaðurinn skemmist.
- Það er ekki hægt að ná öllum blettum úr fötum. Sum efni eru þannig að liturinn dofnar ef svæðið er mikið meðhöndlað. Því lengur sem dregst að fara með óhreina flík í hreinsun því meiri líkur eru á að erfitt sé að ná blettum úr.

# LIÐLEGHEITIN ERU FRAMAR ÖLLU

**SNÖGG FATAHREINSUN KYNNIR** *Persónuleg og góð þjónusta er einkenni fatahreinsunarinnar Snögg. Fyrirtækið veitir alhliða hreinsunarþjónustu.*

Fatahreinsunin Snögg hefur þjónað Reykvíkingum í rúmlega 45 ár og hefur alla tíð verið staðsett í verslunarkjarnanum Suðurveri, Stigahlíð 45-47. Persónuleg þjónusta hefur alla tíð verið einkenni hennar enda er viðskiptavinurinn ætíð í forgrunni, segir Jónína Shipp, framkvæmdastjóri fatahreinsunarinnar. „Eigendurnir vinna á gólfinu og eru í nánu sambandi við viðskiptavini sína alla daga. Við erum með gott gæðaeftirlit sem skiptir miklu máli enda erum við oft að hreinsa uppáhaldsflíkur viðskiptavina sem jafnvel kosta mikla fjármuni. Það er því óhætt að segja að við séum með puttana í nánast flestum verkefnum og reynum þannig að fylgja öllu eftir. Þannig sjáum við til þess að allir viðskiptavinir okkar séu glaðir og ánægðir.“

Jónína segir Snögg veita alhliða hreinsunarþjónustu varðandi fatnað en auk þess hreinsa þau ýmislegt annað eins og rúmteppi, gardínur, sængur og svefnpoka. „Síðan hefur færst mjög í vöxt skyrtuþvottur undanfarin ár sem karlmenn nýta sér mjög mikið enda þægileg og góð þjónusta.“

Undanfarin ár hefur Snögg veitt mörgum fyrirtækjum þá þjónustu að sækja óhrein föt frá starfsmönnum, hreinsa þau og skila þeim aftur til baka til fyrirtækjanna. „Þessi þjónusta hefur vaxið mikið hjá okkur og mælst mjög vel fyrir. Það mætti þó vera meiri vakning meðal fólks því þegar viðskiptavinir kynnast þessari þjónustu þá er vart snúið aftur. Þannig eru flíkurnar sóttar í vinnuna í stað þess að renna við hjá okkur eftir vinnu þegar tíminn er naumur. Þessi þjónusta á við allt sem við tökum að okkur, svo sem jakkaföt, skyrtur, kjóla, rúmteppi og fleira.“

Fatahreinsun hefur verið stunduð í fjölskyldu Jónínu í marga áratugi. Langafi hennar stofnaði efnalaugina Úðafoss árið 1933. Móðir hennar rak einnig fatahreinsun og síðar meir Jónína og systir hennar. „Það má segja að fatahreinsun sé í ættinni. Það er eitthvað sem fær okkur til að hreinsa fyrir aðra og þjóna öðru fólki. Þekkingin og þjónustulundin er eitthvað sem við erum alin upp við frá blautu barnsbeini.“

Snögg er opin alla virka daga frá kl. 8 til 18. Jónína segir marga nýta sér fyrstu klukkustund dagsins til að koma með föt í hreinsun. „Við bjóðumst líka til þess að koma heim til fólks og taka niður og setja upp gardínur ef fólk treystir sér ekki til þess. Liðlegheitin eru framar öllu hjá okkur og það skilar sér langt.“

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á Facebook-síðu fatahreinsunarinnar.




**GÓÐ ÞJÓNUSTA** „Eigendurnir vinna á gólfinu og eru í nánu sambandi við viðskiptavini sína alla daga,“ segir Jónína Shipp framkvæmdastjóri. MYND/DANÍEL

**OPNUNARTÍMI**

***Fatahreinsunin Snögg er staðsett í verslunarkjarnanum Suðurveri í Reykjavík.***

***Opið er alla virka daga milli kl. 8-18.***

SNÖGG
FATAHREINSUN
Suðurveri • Sími 533 1230

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

# FATAHREINSUN Í ÁRDAGA

**VAR BLÓMLEG ATVINNUGREIN** *Þvag úr dýrum og jafnvel mönnum var nýtt til fatahreinsunar á tímum Rómverja og var fatahreinsun blómleg atvinnugrein. Seinna meir voru fundin upp betri efni sem hjálpuðu starfsmönnum fatahreinsana við störf sín.*

Rómverjar til forna notuðu ammoníak úr þvagi og leir til að þvo ullarföt. Þvotturinn var þveginn í þar til gerðum þvottahúsum sem var að finna í flestum bæjum Rómarveldis á þeim tíma. Þvottahúsin, sem voru oft fjölmennustu vinnustaðir bæjanna, fengu þvag úr dýrum frá bændum úr nágrenninu eða frá almenningssalernum bæjarins. Rekstur þvottahúsa var blómleg atvinnugrein á þessum tíma og voru eigendur þeirra mjög valdamikill hópur í samfélaginu. Tekjur af greininni voru svo miklar að ríkisvaldið skattlagði sölu þvagsins.

Nútímafatahreinsun notar ýmis leysiefni til að þvo burt bletti og óhreinindi. Um miðja 19. öld var farið að nota bensín og steinolíu til hreinsunar. Frakkinn Jean Baptiste Jolly fann upp aðferðina eftir að þjónustustúlkan hans missti steinolíu á dúkinn hans. Hann tók þá eftir því að dúkurinn varð hreinni en áður. Hann þróaði vöruna og hóf rekstur fatahreinsunar fyrir almenning stuttu síðar.

Bandaríkjamaðurinn Joseph Stoddard þróaði síðar nýtt leysiefni. Sjálfum var honum umhugað um eldhættu af eldri efnum og þróaði terpentínu úr jarðolíu sem valkost til hreinsunar. Notkun leysiefna úr bensíni og steinolíu hafði fram til þessa valdið mörgum eldsvoðum og ljótum slysum sem leiddu til þess að ríkisvaldið setti lög varðandi fatahreinsanir. Eftir fyrri heimsstyrjöldina hófu fatahreinsanir að nota leysiefni úr klór. Af þeim stafaði bæði minni eldhætta en af eldri efnum auk þess sem þau hreinsuðu líka betur. Um miðjan fjórða áratug síðustu aldar hófu fatahreinsanir að nota tetraklóretýlen sem leysiefni. Efnið hreinsaði mun betur en eldri efni og var ekki eldfimt. Tetraklóretýlen varð síðar fyrsta efnið til að verða skilgreint sem krabbameinsvaldandi efni hjá yfirvöldum í Bandaríkjunum þótt sú skilgreining væri seinna felld úr gildi. Þar í landi var líka samþykkt reglugerð árið 1993 sem gekk út á að draga úr losun tetraklóretýlen frá fatahreinsunum í Bandaríkjunum.

Undanfarin ár hafa fatahreinsanir víða um heim verið að skipta út tetraklóretýleni fyrir önnur efni og aðrar vinnsluaðferðir.



**FATAHREINSUN FYRR Á ÖLDUM**
Miklar framfarir urðu á fyrri hluta 20. aldar í þróun leysiefna sem notuð voru við fatahreinsanir.
MYND/GETTY

# GÆÐI, ÞEKKING OG ÞJÓNUSTA

**EFNALAUGIN BJÖRG KYNNIR** *Efnalaugin Björg er ein elsta starfandi efnalaug landsins. Hún hefur verið starfrækt í næstum 60 ár og alltaf í eigu sömu fjölskyldunnar. Björg Háaleiti starfrækir einnig þvottahús.*



**REYNSLUMIKILL**
Kristinn hjá Efnalauginni Björg hefur mikla reynslu af rekstri efnalauga enda verið í þeim geira í 28 ár.
MYND/ERNIR

Efnalaugin Björg hefur verið starfrækt frá árinu 1953 og hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá upphafi. Önnur kynslóð fjölskyldunnar er við rekstur fyrirtækisins í dag. „Ég tók við af tengdaföður mínum og hef verið í þessu síðustu 28 árin þannig að ég er komin með nokkra reynslu af rekstri efnalauga,“ segir Kristinn Guðjónsson, eigandi Bjargar í Háaleiti.

„Við höfum alltaf lagt áherslu á að vera framarlega í því sem við gerum og tökum okkur fyrir hendur hverju sinni. Við erum með nýjustu tæki, tækni og efni og leggjum okkur fram um að vera með gæða þjónustu og vinnslu. Slagorðin okkar eru gæði, þekking og þjónusta og það skiptir okkur miklu máli að viðskiptavinir fari út frá okkur ánægðir og sáttir við vinnubrögð okkar og þjónustu.“

Kristinn segir reynslu skipta mjög miklu máli þegar kemur að rekstri efnalauga. „Fólki er ekki sama um hvert það fer með sparifötin sín í hreinsun. Það má líkja efnalaugum við hótel eða veitingastaði, fólk fer frekar á fimm stjörnu stað en á einnar stjörnu. Það er talsverður munur þar á.“

Til að halda stöðugri þekkingu þá hefur Kristinn verið í mörg ár í félagi sem heitir Drycleaning & Laundry Institute. Það er alþjóðlegur félagsskapur fyrir þvottahús og efnalaugar. „Þar get ég sótt námskeið, ég fæ mánaðarleg fréttabréf og vikulegar upplýsingar í tölvupósti. Mér finnst þetta nauðsynlegt til að halda þekkingunni við. Það er mikið breytt frá því sem áður var. Efnin sem notuð eru hafa breyst og eru orðin umhverfisvænni. Okkur finnst skipta verulegu máli að vera vistvæn og reynum að vera það.“

Tvær Bjargir eru starfræktar, önnur í Háaleiti en hin í Mjódd. „Rekstrinum var skipt upp árið 1999 en fyrirtækin eru innan sömu fjölskyldu samt sem áður. Þau í Mjóddinni hafa sérhæft sig í meðhöndlun á leðri og rúskinni en við hér í Háaleiti erum með þvottahús ásamt efnalauginni,“ segir hann.

Þvottahús Bjargar í Háaleiti þjónustar bæði einstaklinga og fyrirtæki.

„Við sjáum um að þvo kokkagalla fyrir veitingahús í miðbænum og leigjum þeim jafnframt servíettur. Með auknum ferðamannastraumi hefur starfsemi þvottahússins aukist mikið. Við erum í raun orðin jafnvíg á að vera þvottahús og hreinsun. Það er líka að aukast að einstaklingar eru að koma með heimilisþvottinn til okkar. Eftir hrun þá komu færri skyrtur í þvott en þetta er að breytast aftur. Fólk er að jafna sig og vill eyða frítímanum í eitthvað annað en að strauja skyrtur.“

# Nýjar haustvörur

30% afsláttur



Skokkar
st. 36-46
~~áður 16.990,-~~
nú 11.890,-

Túnika
st. 42-48
~~áður 14.990,-~~
nú 10.490,-

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Vertu vinur






**E! ENTERTAINMENT** ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS


# KJÓLAR OG KOSSAR Á SKJALDBREIÐ

**GÖNGUGARPAR** *Hjördís Alda Hreiðarsdóttir stofnaði gönguhópinn Franska kossa árið 2007. Hópurinn gengur á fjöll í nágrenni Reykjavíkur alla þriðjudaga á sumrin. Næsta þriðjudag verður kjólaganga.*

Gönguhópurinn Franskir kossar gengur á fjöll í nágrenni Reykjavíkur flesta þriðjudaga. Næstkomandi þriðjudag verður þó ekki hefðbundin fjallganga heldur svokölluð kjólaganga. „Kjólagangan er þannig tilkomin að einn meðlimur hópsins hefur alltaf verið í kjól í göngunum. Það smitaði svo út frá sér og seinasta sumar höfðum við í fyrsta skipti sérstaka kjólagöngu sem verður endurtekin næsta þriðjudag. Þá ætlum við að ganga upp á Skjaldbreið og allir eru hvattir til að ganga í kjól eða kjólfötum en þó vel útbúnir, í góðum gönguskóm og hlýjum fötum innanundir. Skjaldbreiður er rúmlega þúsund metra hár og því getur verið kalt á toppnum," segir Hjördís Alda Hreiðarsdóttir, stofnandi Franskra kossa.

Hjördís Alda stofnaði gönguhópinn árið 2007. Þá var hún nýkomin frá Frakklandi og fannst nafnið, Franskir kossar, því viðeigandi og hljóma vel. „Þegar við erum komin á toppinn í fjallgöngunum fáum við okkur alltaf súkkulaði og tökum mynd. Það væri því tilvalið að fá sér súkkulaðikossa á toppi Skjaldbreiðs," segir Hjördís Alda og hlær.

Hún hefur mikinn áhuga á íslenskri náttúru og fjöllum og ákvað að stofna hópinn til að fá einhverja útiveru á sumrin en hún er námsmaður og vinnur á sumrin og fær því lítið sem ekkert sumarfrí. „Í hópnum eru vinkonur mínar og vinir, ættingjar, vinnufélagar og svo hefur þetta stækkað og undið upp á sig. Þetta er opinn hópur og allir geta verið með. Við erum þó eingöngu áhugafólk sem gengur þekktar og minna þekktar leiðir án aðstoðar leiðsögumanns. Ég skipulegg göngurnar og athuga staðhætti, les mér til og kynni mér nýjar slóðir en ég er ekki leiðsögumaður og hef ekki alltaf farið áður leiðirnar sem við göngum. Þess vegna gengur fólk auðvitað á eigin ábyrgð en allir eru velkomnir svo framarlega sem þeir eru vel búnir og treysta sér á fjallið. Kjólagangan verður á margtroðnum slóðum en splunkunýjum fyrir Franska kossa og þetta er því jómfrúarferð fyrir okkur."

Nánari upplýsingar um gönguhópinn má finna á Facebook og eru öllum velkomið að slást í för með Frönskum kossum.

lilja.bjork@365.is





**MÓSKARÐSHNJÚKAR** Síðasta kjólaganga var farin á Móskarðshnjúka og var hún vel heppnuð. Í hópnum eru líka strákar en þeir þurfa ekki endilega að vera í kjól í göngunni en eru hvattir til að mæta í kjólfötum eða að minnsta kosti með slaufu. Hjördís Alda er stofnandi gönguhópsins Franskra kossa. Gönguhópurinn er opinn og öllum velkomið að koma með í fjallgöngu.
MYND/STEFÁN




# ÚTSALA

25-60% afsláttur
af öllum vörum

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is




# ÍTALÍA AÐ MISSA TÖKIN

*Muiccia Prada telur að Ítalía sé hæg og rólega að missa yfirhöndina yfir tískuiðnaðinum.*

Muiccia Prada, listrænn stjórnandi Prada-tískuhússins, segir að Ítalía eigi á hættu að missa stöðu sína sem eitt af leiðandi löndum í tískuheiminum.

Að undanförnu hefur sala á ítölskum fatamerkjum til annarra landa aukist og þannig eru Ítalir að missa yfirhöndina í tískuheiminum. Upprennandi tískuhönnuðir frá Ítalíu yfirgefa landið í von um að getað byrjað ferilinn annars staðar. Þekktasta dæmið er hönnuðurinn Raf Simons hjá Jil Sander sem færði sig yfir til Dior vegna þess að þá jókst virði hönnunarinnar. „Tískuiðnaðurinn flytur sig þangað sem best er að vera," segir Prada en hún hélt sjálf Miu Miu-tískusýningu í París í staðinn fyrir í Milano.



**PARÍS FREKAR EN MILANO** Sala á ítölskum fatamerkjum til annarra landa hefur aukist.

ARMBAND VEITIR VEGLEGAN AFSLÁTT
Á BAR ALLA HELGINA
Armband kr. 3500
Stakur dagur kr. 1500

# Dillon
WHISKEY BAR

# ROKK FESTIVAL 2012
## VERSLUNARMANNAHELGIN
03 - 05 ÁGÚST

Brain Police · Lay Low

Mínus · Leaves

Kiryama Family · The Vintage Caravan · Tilbury

Q4U · Dúkkulísurnar

Urban Lumber · The wicked strangers · Dorian Gray · Why not jack

The young and carefree · Finnegan · Two Tickets To Japan

...ásamt mörgum mörgum mörgum fleiri

Í MIÐBORG REYKJAVÍKUR
Í BAKGARÐI DILLON

THULE

Í SAMSTARFI VIÐ THULE LÉTTÖL

FÓÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA








**ÓHEFÐBUNDIN EFNI** Sunna vann meðal annars með hjólaslöngur í hönnun sinni í sumar.
MYND/MAGNÚS ANDERSEN

# HEILLUÐ AF HREYFINGUM LÍKAMANS

**LÆRIR Í DANMÖRKU** *Fatahönnunarneminn Sunna Ástþórsdóttir stundar nám við Designskolen Kolding í Danmörku. Í sumar tók hún þátt í Skapandi sumarstörfum í Kópavogi og rannsakaði virkni mismunandi efna í fötum.*

Sunna Ástþórsdóttir er 22 ára nemi í fatahönnun í Danmörku. Hún hefur nú lokið fyrsta ári sínu við virtan hönnunarskóla þar úti og líkar mjög vel. „Þetta er lítið samfélag þarna í bænum en það gerir skólann bara betri að mínu mati. Þá nýtum við tímann eftir skóla í að vinna áfram og sambandið milli nemendanna er náið. Þannig dýpkum við hönnunarvitundina stöðugt og fáum innblástur frá samnemendum okkar,“ segir Sunna.

Áður en hún hóf nám við hönnunarskólann í Kolding fór Sunna í lýðháskóla í sama landi. „Sumir lýðháskólar eru bara partý og skemmtanir en þessi er einn af fáum sem eru aðeins alvarlegri. Markmiðið er að undirbúa nemendurna fyrir frekara nám,“ segir Sunna. Áður hafði hún lokið stúdentsprófi úr Kvennaskólanum í Reykjavík og segir hún að námið í lýðháskólanum hafi hjálpað henni mikið: „Íslenskt skólakerfi byggist á miklu bóknámi. Og þótt ég hafi teiknað mikið þegar ég var krakki þá var svo gott að læra aðferðirnar, hvernig maður á að nota hæfileikana sína og nýta innblásturinn.“

Sunna er stödd á Íslandi í sumar og heldur sér við með því að gera tilraunir með óhefðbundin efni í fatahönnun. „Ég var að vinna hjá Skapandi sumarstörfum í Kópavogi. Verkefnið mitt breyttist mikið yfir sumarið. Oft gerist eitthvað í ferlinu sem verður meira spennandi. Þannig varð ég skyndilega upptekin af efnum og langaði til að prufa að nota óhefðbundin efni í fatnað,“ útskýrir Sunna og bætir við: „Ég bjó til dæmis til garn úr pappír og einnig prjónaði ég flíkur úr hjólaslöngum. Það tók mjög langan tíma að klippa niður fjölda hjólaslanga í strimla. Auk þess vann ég með pappa, jarðvegsdúk, límband og fleira.“

Innblásturinn segir Sunna koma úr ólíkum áttum. „Oft spretta upp hugmyndir þegar við vinirnir sitjum saman og ræðum heimsmálin. Ég fæ yfirleitt meiri innblástur frá umhverfinu heldur en listamönnum eða hönnuðum,“ segir Sunna, brosir og bætir við: „Ég er ótrúlega heilluð af hreyfingu og líkamanum og formum. Mér finnst spennandi að þurfa að hugsa um framhlið og bakhlið og alla hreyfinguna í kroppnum. Það skiptir svo miklu máli hvernig flíkin mun líta út á hreyfingu því það skapar svo mikla upplifun.“

■ halla@365.is



**INNBLÁSTUR FRÁ UMHVERFINU**
Sunna segir innblástur sinn koma frá vinum sínum og fólki sem hún umgengst.
MYND/ERNIR

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.
vísir

# ULLARPEYSA OG HLÝRABOLUR

*Ein stærsta ferðahelgi ársins er að renna upp. Mikilvægt er að vera rétt klæddur og með réttu hlutina með sér án þess að pakka of miklu.*

Það er nauðsynlegt að gera ráð fyrir alls kyns veðri þrátt fyrir að spáin sé góð. Við búum jú á Íslandi. Það er þó ekki gott að fara í útileguna með það hugarfar að það sé skylda að vera í nýju dressi á hverjum degi. Nokkrar vel valdar flíkur með mikið notagildi eru málið.

Ullarpeysa er skilyrði. Hún er hlý og hefur jafnframt verið nokkurs konar tískuflík undanfarin ár. Hafa skal í huga að aðsniðnar peysur þykja meira töff en þær víðu.

Það er ekki gott að klikka á regnkápunni ef það skyldi koma skúr. Skærir litir eru flottir og sniðugt fyrir vinahópa að taka sig saman og splæsa í eins litar kápur eða regnstakka svo auðveldara sé að finna hvert annað þegar dimma tekur. Gönguskór eða stígvél eru líka lykilatriði.

Ef hins vegar sólin skín og gott veður helst alla helgina þurfa hlýrabolirinn og stuttbuxurnar að vera með í för.

Góðir strigaskór eru líka góður ferðafélagi. Gallabuxur þurfa að vera í töskunni og stuttermabolir til skiptanna. Aukahlutirnir eru klútar, flott húfa eða hárband og sólgleraugu.

Til að líta vel út að öðru leyti en því sem snýr að klæðnaði skal hafa einfaldleikann að leiðarljósi. Tannbursti og tannkrem er það sem fer fyrst í snyrtitöskuna. Hreinsiklútar eru sniðugir til að strjúka framan úr sér ef vatn er ekki við höndina. Velja skal hárgreiðslu sem þarfnast lítillar vinnu, stelpur geta sett í sig fléttu eða tagl og strákar geta gripið í hatta eða húfur ef hinir svokölluðu slæmu hárdagar verða margir. Snyrtidót þarf að vera í lágmarki. Litað dagkrem, augnháralitur og gloss ætti að duga í útilegu enda ekki flott að vera uppstrílaður í stígvélum.

Með þetta í farteskinu ætti fólk að hafa nóg með sér en ekki of mikið. Svo þarf að sjálfsögðu að hafa góða skapið og brosið með í för.



**SKYNSAMLEGT**
Það er skynsamlegt að taka með sér góðan skófatnað í ferðalagið, það er ekki gott að vera blautur í fæturna.

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Hreingerningar

**Pawel ræstingar!**
Öll almenn þrif, flutningsþrif, gólfbónun, steinteppa, teppahreinsun og stigagangar. S. 842 6522

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Húsaviðhald

PVC - U PLAST GLUGGAR & HURÐIR
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Selhellu 13 Hafnarfirði
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Tröppuviðgerðir**
Múrviðgerðir, málun og tröppuviðgerðir (hitastrengur). Hinrik, s. 892 9499.

**Sólpallar, skjólgirðingar**
og öll almenn smíðavinna. Góð verð og vönduð vinna. Brynjar s:862-8621

**K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR.**
Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

## KEYPT & SELT

## Til sölu

Tómstundahúsið
SAVAGE XL



Aflmiklir fjarstýrðir bensín- og rafmagnsbílar í úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími: 5870600, www.tomstundahusid.is Finnið okkur á facebook.

Slökkvitækjaþjónusta



oryggi.is
Sími 570 2400
ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

ditto.is



**Kynningartilboð**
Náttúrulegar húð- og snyrtivörur frá Essential Care og Green People með 15% kynningarafslætti þessa vikuna. Ditto, Smiðjuvegi 4

Tómstundahúsið



Plastmódel til samsettninger í miklu úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími: 5870600, www.tomstundahusid.is Finnið okkur á facebook.

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**www.snarverk.is • Snarverk ehf**
Alhliða gröfuþjónusta • Garða og eiturúðun.
Gröfum fyrir sólpöllum, drenlögnum og skolpi.
Öll almenn jarðvegsskipti, fjarlægjum jarðveg og komum með nýjan.
Snarverk ehf • Sími 863 1291

**PALLAR.IS**
Ál hjólapallar / veggjapallar
Veðurnet / Öryggisnet
Áltröppur / stigar
SALA LEIGA
altrex
KVARNIR
Akralind 8
► www.kvarnir.is ► Sími: 564 6070

**Útsalan í fullum gangi**
af vörum frá Lauma



Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

**Rafstilling ehf**
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

**LP VERK ehf.**
BYGGINGAFÉLAG
Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar
Allar almennar húsaviðgerðir!
698 6738
www.lp-verk.is
Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

• Ættarmót • Garðveislur • Afmæli • Brúðkaupsveislur • Útisamkomur • Skemmtanir • Tónleikar • Sýningar • Fermingar • Kynningar o.fl.
**Viðrar vel til veisluhalda?**
Tjöld af öllum stærðum. Borð, bekkir, stólar ofl.
550 9800
Tjaldaleiga skáta
Hraunbær 123 • 110 Reykjavík • Sími 550 9800
Netfang: tjaldaleiga@skatar.is • www.skatar.is

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**BRA**
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Hellulagnir
• Jarðvegsvinna
• Öll almenn-verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN - BORUN - BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

**MARKMIÐ VERKTAKAR**
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Pípulagnir · Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir · Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

**Parketslípun**
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

**Allt á einum stað**

| | |
|---|---|
| BREMSUVIÐGERÐIR | HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA |
| BREMSUKLOSSAR | RAFGEYMAÞJÓNUSTA |
| SPINDILKÚLUR | OLÍS SMURSTÖÐ |
| ALLAR PERUR | BÓN OG ÞVOTTUR |

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 512 5407 | thjonusta@365.is

**UFO**
ÖFLUGIR RAFHITARAR
1200 – 3200 kw fyrir veröndina, svalirnar, sumarhúsið ofl. Umbreytir 96% orkunar í hita. 30 sek að full hitna. 3 ára ábyrgð. Fást með fjarstýringu og á standi.
SKELIN Smiðjuvegi 72, 200 Kópavogi. S. 578 6300, www.skelinehf, skelinehf@skelinehf.is

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf**
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

# Alla fimmtudaga og laugardaga

gunny@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

### ÓDÝR HEIMILISTÆKI

Þvottavélar, ískápar, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568

Til sölu lítið notuð rafskutla, selst mjög ódýrt Uppl. S. 891 8727.

### Ódýr heimilstæki

Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottavéla. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

Til sölu rúm, 129 cm á breidd, 2m lengd. Uppl. í s. 5613177 eða 8241747

## Fasteignir

LÖGMANNSSTOFAN EHF.
Árni Pálsson hrl. · Arnbjörg Sigurðardóttir hdl.
Strandgötu 29 · Pósthólf 530 · 602 Akureyri
Sími 464-9900 · Fax 464-9901

**Aðalgata 45, Raufarhöfn**



121,1 fm. einbýlishús auk 20,8 fm. frístandandi bílskúrs. Húsið skiptist í anddyri, gang, tvær stofur, eldhús, baðherbergi, þrjú svefnherbergi (þar af eitt í kjallara), kjallarahol og kyndiklefa. Fasteignamat er 2.650.000 og brunabótamat 23.460.000 kr. Eignin þarfnast endurbóta. Upplýsingar veitir Arnbjörg Sigurðardóttir hdl., Strandgötu 29, Akureyri, sími 464 9900, arnbjorg@logmannsstofa.is
**Tilboð óskast send á ofangreint netfang eigi síðar en kl. 16:00 8. ágúst næstkomandi.**

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

**Sumarhús Hvítársíða Borgarfirði**



Laust strax. Vinalegt og vel staðsett 57 fm. sumarhús í landi Fljótstungu í Hvítársíðu, Borgarfirði. Örstutt í Húsafell þar sem er sundlaug, golfvöllur o.fl. Húsið skiptist m.a. í stofu og eldhús, tvö svefnherbergi og baðherbergi. Stór timbur verönd á þrjá vegu kringum húsið. Stór lóð og víðsýni til allra átta.
**Verð 13,8 millj.**
**Uppl. um skoðun Runólfur á Höfða s. 892 7798.**

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR
Fasteignasalan Torg – Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ
Sími: 520 9595 – Fax: 520 9599 – www.fasttorg.is



Halla Unnur Helgadóttir
Löggiltur fasteignasali

**Er með ákveðinn kaupanda að stóru og vönduðu einbýlishúsi, stærð um 350-500 fm.**

Kostur ef möguleiki er að hafa 60-80 fm vinnustofu innan eignarinnar. Einnig þarf að vera gott skrifstofurými. Ákjósanleg staðsetning er í austurhluta borgarinnar. Staðgreiðsla.



**Upplýsingar gefur Edda Bjarnadóttir í síma 6-600-700 eða edda@fasttorg.is**

## Óskast keypt

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri



BRAVI PLATFORMS

Höfum til sölu og leigu tiltínslutæki. Hentar vel í þröngu sem og víðu rými. Kemst auðveldlega í gegnum hurðarop.

**Lyftihæð 3,4m**
**Tiltínsluhæð 5,3m**
**Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar**

Tæki til sýnis hjá Kraftvélum

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is
kraftvelar@kraftvelar.is

## Verslun



**Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ.**
Vinsælu þunnu og mjúku peysurnar til í öllum stærðum og 7 litum. Toppar og kjólar. Flottar vörur frá frá EIK design. Opið 13-18 þrið-föstud Velkomin í Beauty in Black. sími 695-6679




**ALLT FYRIR VERSLUNAR MANNAHELGINA:**
Hattar, gleraugu, kransar, skrautglös, plastborðbúnaður, rör, fánar, veifur, gló- og blikkvörur, o.fl. o.fl. Partýbúðin, Faxafeni 11, Opið 10-18 virka daga og 10-17 nk. laugardag.

**ÚTSALA 15-30% afsláttur**
BROOKS
2XU COMPRESSION
NIKE
CUBE
ZOOT SPORTS
CRAFT
TRI ehf.
Suðurlandsbraut 32
104 Reykjavík
www.tri.is

## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa. is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@ simnet.is.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HEIMILIÐ

## Dýrahald



Beagle hvolpar undan vel ættuðum foreldrum eru að leita að góðum heimilum. Verða afhentir heilsufarsskoðaðir, bólusettir, örmerktir og með ættbók frá HRFÍ. Uppl. í síma 663 2712.

Gullfallegur breskur bolabítur til sölu, 10 vikna. Ættbók og heilsufarsbók fylgir. Dökkbrúnn og smá hvítur. Sjón er sögu ríkari. S. 821 9809.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

Óska eftir að kynnast vel menntuðum manni um 70, með áhuga á andlegum málum. Svar sendist á srharalds26@ gmail.com á ensku.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

Til leigu 30 fm íbúð í 109 Rvk. Reyklesyi og reglusemi skilyrði. Laus strax. V. 60 þ. á mán. með hita og rafmagni. 2 mán. fyrirfram. S. 8440541

Herb. í miðbæ HFJ. Rólegir og reglusamir einstakl. koma til greina. S. 699-7287

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Traustur aðili óskar eftir einbýli eða parhúsi með skúr á höfuðborgarsvæðinu. Er í fastri vinnu, greiðslugeta 300 þ. S. 772 2229

Reglusamt par með kött, óskar eftir 2-3 herb. íbúð sem fyrst. Helst í Kóp. en annað kemur til greina. Hiti of rafmagn innifalið í leigu. S. 8676664

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Verð 8,9 - 9,9 m. S: 660-1060 og 661-6800 Facebook:/ Steinhella 14

## Geymsluhúsnæði

Til leigu bílskúr á seltjarnanesi 22fm, rafmagn, heitt og kalt vatn. uppl í s. 8944300

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna í boði

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

**Afgreiðslufólk óskast!**
**á virkum dögum í bakaríin okkar. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist með nafni, síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

Hressingarskálinn leitar að starfsfólki í ábyrgðarstöðu, fullt starf. Áhugasamir sendið ferilskrá á hresso@hresso. is eða fyllið út umsókn á staðnum, Austurstræti 20.

Sakebarinn Laugavegi 2 (önnur hæð) leitar að hressum og ófeimnum þjónum í fulla vinnu. Umsóknir sendist á brynja6777@gmail.com eða fyllið út umsókn á Kofanum Laugavegi 2



# ALLT FYRIR VERSLUNARMANNAHELGINA






**Lambalærissneiðar**
kryddlegnar, úr miðlæri




**Fabrikku svínarif**
forelduð, þarf aðeins að hita




**Kjúklingabringur**
ferskar




**GOTT kjúklingasteikur**
kryddlegnar að hætti Rikku

**FABRIKKU BORGARAR**
Í PAKKANUM ERU TVEIR FABRIKKUBORGARAR, TVÖ FERHYRND FABRIKKUBRAUÐ, FABRIKKUSÓSA, SALT OG PIPAR.



Gildir fimmtudag til mánudags

**Nammiland 50% afsláttur**

*með ferskum kryddjurtum!*




**TILBOÐ**
GRILL-LÆRI HAGKAUPS
**1.819** kr/kg.
Verð áður 2.598.-

**LAY'S SNAKK**
ÓMISSANDI FYRIR HELGINA!




**KIRSUBER**
AMERÍSK

FERSKT MEÐ FLUGI



**TILBOÐ**
HEILAR FLATKÖKUR
4 STK. Í PAKKA
**299** kr/pk.
Verð áður 339.-






COKE 2 LÍTRA
4 Í PAKKA
**799** kr/pk.




**NÝTT**
JÓI FEL HEILKORNA HAMBORGARA-BRAUÐ




**ANDRÉS ÖND**
GÓÐUR Í FERÐALAGIÐ!




*Ekta gráðostasósa*

**TILBOÐ**
BBQ & BUFFALO VÆNGIR
**449** kr/pk.
Verð áður 697.-

**OPIÐ** allan sólarhringinn
24 Hagkaup
Garðabær, Skeifan, Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 6. ágúst á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. niður, 6. líka, 8. skordýr, 9. rekkja, 11. verslun, 12. hella, 14. hljóðfæri, 16. hvað, 17. vel búin, 18. hylli, 20. í röð, 21. málmur.

**LÓÐRÉTT**
1. graspökur, 3. tveir eins, 4. land í Evrópu, 5. net, 7. bungast, 10. mánuður, 13. gifti, 15. truflun, 16. rámur, 19. nesoddi.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2. ofan, 6. og, 8. fló, 9. rúm, 11. bt, 12. flaga, 14. píanó, 16. ha, 17. fín, 18. ást, 20. aá, 21. stál.
LÓÐRÉTT: 1. torf, 3. ff, 4. albanía, 5. nót, 7. gúlpast, 10. maí, 13. gaf, 15. óháð, 16. hás, 19. tá.






# Homo sapiens og heimabankinn

**BAKÞANKAR Sifjar Sigmarsdóttur**



Þetta hófst allt fyrir nokkrum milljónum ára þegar forfaðir okkar mannanna stakk hina apana af og klöngraðist niður úr trénu sínu. Heilar stækkuðu og það réttist úr bökum. Verkfæri litu dagsins ljós og eldar voru tendraðir. Bóndinn leysti veiðimanninn af hólmi og fyrirrennarar okkar latte-lepjandi borgarpakksins hófu að rotta sig saman. Píramídar risu og Ford fann upp færibandið. Newton fékk þyngdaraflið í höfuðið en maðurinn hóf sig engu að síður á loft á þöndum stálvængjum. Henry Edward Roberts bjó til borðtölvuna, Tim Berners-Lee fann upp veraldarvefinn, Steve Jobs fékk mikilmennskubrjálæði og bamm: Allt varð þetta til þess að dag einn sat undirrituð á fjöldaframleidda Klippan Ikea-sófanum sínum með internetið í kjöltunni og kaffibolla jafnháþróaðan og homo sapiens í hendinni.

**ÞAR SEM ÉG** sötraði tvöfaldan low-fat soja frappuccino með auka karamelluskoti og þeyttum rjóma kynnti ég mér það nýjasta í hraðri framþróun mannsins. Um var að ræða afrakstur eins af mörgum spennandi sprotafyrirtækjum landsins. Hugbúnaðinn Meniga þekkja margir heimabankanotendur. Meniga er heimilisfjármálakerfi sem hjálpar nútímamanninum að hafa yfirsýn yfir útgjöld sín, gera fjárhagsáætlanir og standa við þær. Þar má auk þess bera sig saman við aðra. Ég lék mér að því að fikta í forritinu og skoða hve langt í land ég ætti með að tilheyra hinu rómaða fjárhagslega eina prósenti sem allir elska að hata en flestir vildu tilheyra. En skyndilega svelgdist mér á tvöfalda low-fat soja frappuccino-inu með auka karamelluskotinu og þeytta rjómanum.

**MAÐURINN** hefur gengið á tunglinu. Hann hefur ferðast hraðar en hljóðið. Hann hefur alið af sér Mozart, Da Vinci og Justin Bieber. Hann hefur beislað náttúruna og unnið bug á sjúkdómum. Hann hefur fundið upp jafnmargar samsetningar á kaffi og náttúran á genum mannsins.

**EIN ER** hins vegar sú áskorun sem manninum virðist ómögulegt að sigrast á. Hún blasti við mér inni í heimilisfjármálakerfinu. Ég hafði gefist upp á samanburðinum við eina prósentið – hann var of óhagstæður. Ég tók því að skoða hvar ég stæði miðað við aðra út frá hinum ýmsu breytum sem forritið stakk upp á: búsetu, fæðingarári. Í sakleysi mínu smellti ég á takkann „kyn“. Ég hefði átt að vita betur. Ískaldur veruleikinn var eins og blaut tuska í andlitið. Þegar meðallaun notenda forritsins voru einskorðuð við konur hrundu þau eins og illa bakað soufflé.

**AF HARÐFYLGI** hefur homo sapiens lifað af heila ísöld. Hann hefur útrýmt drepsóttum. Fundið upp heimabankann. En launamun kynjanna – nei, hann er of erfitt að laga.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
SKOÐAÐU NÝJASTA BÆKLINGINN Á WWW.TOLVUTEK.IS
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
8BLS BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Fimmtu-Föstudag
10:00 - 18:30
Verslunarm.helgi
Lokað
Vefverslun alltaf opin :)
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

TILBOÐIN GILDA **2. - 5.** ÁGÚST



-41%

RAUÐVÍNSKRYDDAÐAR GRÍSAKÓTELETTUR

ÁÐUR ~~2.198 KR/KG~~

**1.297kr/kg**



LAMBA-LÆRISSNEIÐAR FERSKAR

ÁÐUR ~~2.398 KR/KG~~

**1.894kr/kg**

# nettó

Kræsingar & kostakjör

**LOKAÐ Í NETTÓ**
Á MÁNUDAG

**OPIÐ Í NETTÓ SELFOSSI FRÁ 10-20**



BLÁBERJALEGIN HELGARSTEIK

ÁÐUR ~~3.109 KR/KG~~

**2.487kr/kg**



ÍTALSKAR GRILLPYLSUR
230 G

ÁÐUR ~~398 KR/PK~~

**338kr/pk**



GLÓALDINSAFI
1 L

ÁÐUR ~~225 KR/STK~~

**169kr/stk**



EMERGE ORKUDRYKKUR
250 ML

-42%

ÁÐUR ~~119 KR/STK~~

**69kr/stk**

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

GRÍSARIFJUR SMOKEY PAPRIKA




~~ÁÐUR 1.298 KR/KG~~

**999kr/kg**

KRYDDAÐUR GRÍSAHNAKKI ÚRB.




-32%

~~ÁÐUR 2.898 KR/KG~~

**1.971kr/kg**



MELÓNA CANTALOUP



-50%

~~ÁÐUR 298 KR/KG~~

**149kr/kg**

PECANHNETUSTYKKI BAKAÐ Á STAÐNUM*



-50%

~~ÁÐUR 198 KR/STK~~

**99kr/stk**

*Gildir ekki um Nettó Salaveigi

PEPSI PEPSI MAX 33 CL




-30%

~~ÁÐUR 99 KR/STK~~

**69kr/stk**

SNAKK 2 TEG. 300G




~~ÁÐUR 379 KR/PK~~

**299kr/pk**

DÓSAHJÁLMUR KIPPA AF GOSI FYLGIR FRÍTT MEÐ SPRITE COCA COLA COKE LITE FANTA ORANGE FANTA FRUIT TW.




**1.598kr**

LOKAÐ Í NETTÓ Á MÁNUDAG

OPIÐ Í NETTÓ SELFOSSI FRÁ 10-20

nettó



**TÍMINN Í NÁTTÚRUNNI** Ingiberg Magnússon myndlistarmaður opnar sýningu í sýningarsal Íslenskrar grafíkur Tryggvagötu 17 á laugardag. Yfirskrift sýningarinnar er: Tíminn í náttúrunni/náttúran í tímanum og vísar í árstíðabundnar breytingar náttúrunnar og samskipti lands og þjóðar. Sýningin er í meginatriðum fjórskipt: jarðlög, lífræn ummyndun, árstíðir og leikur að stráum. Hún stendur til 19. ágúst.

# LÝÐRÆÐISLEG TILRAUNASTOFA

**Fyrsti kennsludagur Róttæka sumarháskólans verður á miðvikudaginn í næstu viku. Þar verður boðið upp á fjölda námsstofa um pólitísk málefni þar sem áherslan er á róttæka réttlætisbaráttu. Viðar Þorsteinsson umsjónarmaður segir hina marxísku samfélagsgreiningu hafa gengið í endurnýjun lífdaga og eiga mikið erindi við ástandið í dag.**

Þetta er annað árið í röð sem Róttæki sumarháskólinn er starfræktur en um er að ræða sjálfboðaverkefni sem er öllum opið, óháð menntun og fyrri reynslu. Verkefnið er runnið undan rifjum Viðars Þorsteinssonar, sem hefur verið við doktorsnám í Bandaríkjunum undanfarin ár, en hann vildi stofna vettvang fyrir umræðu og fræðslu um aktívisma og pólitíska hugmyndafræði á Íslandi.

„Ég hef lengi verið virkur í aktívisma og haft áhuga á hvernig hann tengist pólitískri hugmyndafræði. Ég man hins vegar að þegar ég var í háskólanámi hér heima var lítið sem ekkert hægt að læra um þessi fræði; það var eitthvað um marxisma en nákvæmlega ekkert um anarkisma. Undanfarin ár hefur það einna helst verið í kynjafræði sem bólað hefur á róttækum samfélagsvísindum.

Ég fékk fyrir nokkru þessa hugmynd að Róttæka sumarháskólanum og ákvað að kýla á það. Ég vissi af mörgu fólki sem var að pæla í þessum hlutum, hafði lesið sér mikið til eða bjó einfaldlega yfir mikilli reynslu sem ekki gefst alltaf tækifæri til að miðla. Í aktívisma er oft verið að bregðast við einhverju sem er að gerast á stundinni en það þarf líka að gefa sér tíma til að setjast niður og formúlera hugmyndafræði. Róttæki sumarháskólinn er hugsaður sem vettvangur til þess.“

Sumum kann að finnast það hljóma eins og þversögn að bjóða upp á skólahald í aktívisma – að aktívismi gangi jú út á aðgerðir en ekki bollaleggingar. Viðar bendir hins vegar á að það sé lítið vit í aktívisma sem ekki búi skýr hugsun að baki.

„Þessi athugasemd afhjúpar þá skoðun, sem ég held að sé nokkuð algeng, að aktívistar séu óskipulagðir villimenn og ofbeldisseggir sem spretti fram svartklæddir með Molotov-kokteila. En þannig er það ekki og hefur aldrei verið. Þessar andófshreyfingar, sem sjást einna helst þegar það eru mótmæli og þess háttar, byggja á mjög sterkum hefðum hugsunar, hugmyndafræði og gagnrýni. Krítísk hugsun hefur alltaf verið stór hluti af aktívisma og ef maður talar við fólk sem lætur þessi mál sig varða, til dæmis anarkista, heyrir maður að þetta er yfirleitt fólk sem er búið að lesa sér vel til og spá mikið í þessi mál.“

## Endurnýjun marxismans

Í Róttæka sumarháskólanum er boðið upp á námsstofur sem fjalla um marxíska samfélagsgreiningu – kenningahefð sem hefur legið óbætt hjá garði um skeið, að minnsta kosti í orði kveðnu, en Viðar segir að hafi gengið í endurnýjun lífdaga að undanförnu.

„Á Íslandi sérstaklega held ég að sé mjög vaxandi áhugi á þeirri kenningarhefð – þá á ég við fræðilegan marxisma, samfélagsgreiningu sem Karl Marx lagði grunn að en hefur verið ótrúlega lífleg hefð allar götur síðan. Marxismi er í raun enn þann dag í dag ein af stoðum allra félagsvísinda, þótt það sé rétt að það hefur ekki verið í tísku að kenna sig við hann. En þetta er nálgun sem hefur augljóslega eitthvað fram að færa um þessar mundir, til dæmis í sambandi við efnahagskreppur. Viðtekin hagfræði hefur hreinlega ekki tök á að skýra svona kreppur; hagfræði eins og hún er kennd í skólum í dag gerir ávallt ráð fyrir einhvers konar jafnvægi. Það er eins og það verði skammhlaup í hausnum á hagfræðingum þegar kreppur koma upp því þeir vita ekki hvernig þeir eiga að skýra það út frá sínum kenningum.

Marxisminn gengur á hinn bóginn út á að fjalla um kapítalisma sem óstöðugt kerfi og fullt af mótsögnum. Þegar pólitísk ólga vex býður marxisminn líka upp á kenningar um stéttabaráttu og vald. Þannig ég held að marxismi eigi mikið erindi við það samfélagsástand sem blasir við okkur núna.“

## Róttæk undiralda

Mikil pólitísk gerjun varð í kjölfar efnahagshrunsins fyrir tæpum fjórum árum og birtist meðal annars í mótmælum og borgarafundum þar sem margir virtust reiðubúnir til að hugsa hlutina upp á nýtt og ráðast í r uppstokkun á samfélaginu. Viðar segir að sá eldmóður sem varð vart í kjölfar hrunsins hafi dottið niður.

„Margir virðast vera reiðubúnir að sætta sig við að hlutirnir fari aftur í sama farið. Það er til dæmis mín tilfinning gagnvart ríkisstjórninni; þótt hún hafi komist til valda á þeim forsendum að hún ætlaði að ráðast í breytingar hafa þær ekki verið miklar að mínum mati.

En það lifir þó áfram ákveðinn neisti, þótt hann sé ekki jafn áberandi og birtist ekki jafn skýrt og í götumótmælum. Ég nefni sem dæmi Lýðræðisfélagið Öldu en einn af þeim sem er virkur þar, Hjalti Hrafn Hafþórsson, ætlar að vera með námsstofu hjá okkur um svokallaða skilyrðislausa grunnframfærslu sem er mjög áhugaverð og róttæk pæling.

Þótt róttæknibylgjan sé ekki kannski jafn sterk og strax eftir hrun er enn þá talsverð undiralda. Það vakir meðal annars fyrir mér að hlúa dálítið að henni og stuðla að því fólk sé tilbúnara þegar næsta kreppa eða hrun ríður yfir, sem ég held að sé ekkert endilega svo langt að bíða.“



**VIÐAR ÞORSTEINSSON** Umsjónarmaður Róttæka sumarháskólans segir að þó sú róttæknibylgja sem gekk yfir landið í kjölfar hrunsins hafi að einhverju leyti fjarað út sé enn sterk undiralda til staðar.

MYND/JÓHANNES GUNNARSSON

> Markmiðið er að efla vitundina um að annars konar samfélag sé mögulegt; að berjast við þá sjálfsblekkingu að þetta kapítalíska samfélag stéttaskiptingar sé eðlilegt, og að við þurfum að sætta okkur við það sem eina valkostinn.

## Engin skýr uppskrift að draumasamfélagi

En hver væri besti hugsanlegi árangur Róttæka sumarháskólans, að mati Viðars?

„Markmiðið er að efla vitundina um að annars konar samfélag sé mögulegt; að berjast við þá sjálfsblekkingu að þetta kapítalíska samfélag stéttaskiptingar sé eðlilegt, og að við þurfum að sætta okkur við það sem eina valkostinn. Ég myndi vilja sjá skólann hjálpa okkur að komast undan þeirri sjálfsblekkingu og leiða okkur heim í sanninn um að það eru endalausir möguleikar á því hvernig mannleg samfélög eru samsett.“

Andófshreyfingum 21. aldar er stundum legið á hálsi fyrir að bjóða ekki upp á skýran valkost við samfélagsgerðina sem þær gagnrýna – annað módel.

„Það er tiltölulega ný tegund af gagnrýni. Þetta var auðvitað ekki þannig áður þegar kommúnistahreyfingin var og hét; þá var nokkuð skýrt fyrir hverju var barist. En þetta er alveg rétt upp að vissu marki, það er ekki endilega til einhver skýr uppskrift að draumasamfélagi. Ég held hins vegar að það sé allt í lagi. Baráttan fyrir nýju samfélagi þarf ekki endilega að ganga út á það að menn séu með tilbúnar og fullmótaðar hugmyndir um hvernig allt eigi að vera. Margar aktívistahreyfingar leggja meiri áherslu á að vera sjálfar lýðræðislegar og opnar fyrir skoðanaskiptum og tilraunamennsku. Þannig komumst við að því hvað virkar og hvað ekki.”

bergsteinn@frettabladid.is

## UM RÓTTÆKA SUMARHÁSKÓLANN

Róttæki sumarháskólinn vinnur út frá því leiðarstefi að árangur í réttlætisbaráttu náist ekki nema með grundvallarbreytingum. Hann kallar sig „háskóla“ vegna þess að hann tekur menntun alvarlega.

Kennsla í Róttæka sumarháskólanum fer fram í svokölluðum „námsstofum“, sem skipt er upp í fyrirlestra og umræður. Alls eru þrettán námsstofur í boði í ár. Þær eru öllum opnar. Ekkert þátttökugjald þarf að greiða en tekið er við frjálsum framlögum. Námsstofurnar eru haldnar í Samkomusal ReykjavíkurAkademíunnar í gamla JL-húsinu við Hringbraut. Nánari upplýsingar um námsstofurnar og dagskrána má finna á Sumarhaskolinn.org og Facebooksíðu skólans.

www.norraenahusid.is – 551 7030
Pikknikk tónleikar
í dag kl. 16.30
Hellvar spilar
Fuglaskoðun laugardaga kl. 14.00.
Pikknikkveitingar fást í móttökunni.
NORRÆNA HÚSIÐ

# Kjarval

Matvöruverslunin þín

# Opnunartími yfir Verslunarmannahelgina

## Kjarval Hellu
Suðurlandsvegi 1

**Fimmtudag - mánudags: 9 - 20**

## Kjarval Hvolsvelli
Austurvegi 4

**Fimmtudag - mánudags: 9 - 21**

## Kjarval Vík
Víkurbraut 5

**Fimmtudag - mánudags: 9 - 20**

## Kjarval Klaustri
Klausturvegi 13

**Fimmtudag - mánudags: 9 - 20**

## Kjarval Þorlákshöfn
Selvogsbraut 12

**Fimmtudag - föstudags: 10 - 20**

**Laugardag - mánudags: 12 - 18**

## Kjarval Vestmannaeyjum
Goðahrauni 1

**Fimmtudag: 11 - 22**

**Föstudag - sunnudags: 11 - 20**

**Mánudag: 13 - 18**





**ÚTGÁFU FAGNAÐ Í CRYMOGEU** Path – Journey to the Centre er samstarfsverkefni Elínar Hansdóttur myndlistarkonu og Rebeccu Solnit rithöfundar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Kjarni innsetningar fangaður í bókverki

Útgáfu bókverksins Path – Journey to the Centre var fagnað í Bókaútgáfunni Crymogeu í gær, en bókin er samstarfsverkefni myndlistarkonunnar Elínar Hansdóttur og bandaríska rithöfundarins Rebeccu Solnit. Upphaf samstarfsins má rekja til þess þegar Rebecca var stödd hér á landi árið 2009 og sá og heillaðist af samnefndu verki Elínar í Listasafni Íslands. „Við Rebecca hittumst fyrir tilviljun hér á Íslandi það ár. Hún lýsti yfir áhuga á að skrifa um sína reynslu af verkinu og við ákváðum að gefa út lítið bókverk í kjölfarið,“ segir Elín, sem stödd er hér á landi til að fagna útgáfu bókarinnar, en hún hefur verið búsett í Berlín í nær áratug.

Bókin samanstendur af ljósmyndum af verki Elínar og texta eftir Rebeccu. Hún er á ensku, enda ekki síður ætluð alþjóðlegum markaði en þeim íslenska, en texti bókarinnar er jafnframt stutt útgáfa af broti úr næstu bók Rebeccu, sem kemur út á næsta ári.

Elín segir það hafa verið áhugaverða reynslu fyrir hana að horfa á verk sín út frá nýju sjónarhorni í miðli sem hún hefur ekki áður unnið með. „Þetta var ómetanlegt, því ég hef mikinn áhuga á því að vita hvernig fólk upplifir það sem ég geri. Það er svo sjaldan sem maður fær að heyra reynslu fólks. Ég geri myndlist sem er hverful, stórar innsetningar sem eru uppi í nokkrar vikur og svo teknar niður. Með þessu bókverki gerðum við tilraun til þess að fanga kjarna verksins í öðrum miðli.“ **- hhs**

# ÓHEIMILISLEGT Á HEIMILI

Myndlist ★★★★☆

**Óheimilislegur**

Ýmsir listamenn. Sýningarstjóri Julia Wirxel.

**Gallerí Gangur**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í ensk-íslenskri orðabók á vefbókasafninu Snöru eru eftirfarandi skýringar gefnar á enska orðinu uncanny: furðulegur, kynlegur, yfirnáttúrulegur. Ekkert þessara orða þótti samt nógu viðeigandi þegar kom að því að búa til íslenska þýðingu á sýningunni Uncanny í Gallerý Gangi við Rekagranda í Reykjavík, sem sýningarstjórinn Julia Wirxel hefur sett saman. Orðið sem var valið sem íslenskt heiti var því nýyrðið óheimilislegt.

Það er þó ekki endilega tilfinningin sem maður fær við að ganga inn á sýninguna, enda er Gallerý Gangur staðsett inni á heimili Helga Þorgils Friðjónssonar myndlistarmanns og fjölskyldu hans að Rekagranda í Reykjavík. Íslenski titillinn býr yfir ákveðnum galdri og spyr spurninga ekki bara um innihald hvers verks heldur líka um heildina, það hvað er heimilislegt og hvað ekki þegar kemur að sambandi myndlistar og umhverfis.

Verkin, 42 að tölu, falla vel að umhverfinu í Galleríinu, eins og gamlir heimilisvinir. Þeim er komið fyrir með mjög hversdagslegum hætti úti í glugga, framan á skáphurð, framan við bókahillur, uppi á skrifborði og við hliðina á baðspeglinum, svo dæmi séu nefnd.

Á sýningunni kennir ýmissa grasa, enda listamennirnir 37 talsins, íslenskir og útlenskir. Sum verk eru gerð sérstaklega fyrir sýninguna, og eru þar af leiðandi ferskari. Höggmyndir, teikningar, málverk, innsetningar, hljóðverk og ljósmyndir eru meðal þeirra miðla sem listamennirnir nota. Stíllinn er allt frá því að vera nútímalegur yfir í að vera sígildur. Verk Michaels Zheng er af nútímalega taginu og heitir einfaldlega Uncanny, en þar hefur hann sett hvíta grímu ofan á lyklaborð fartölvu og hallað svo skjánum niður þannig að skjábirtan leikur um hana. Úr hátalara tölvunnar heyrist svo andardráttur. Eldri stílbrögð, í ætt við Rembrandt og samtímamenn, eru hins vegar á ferð í flottu portrettmálverki Andrea Lehman af eldri manni sem er blindur á öðru auga, sem gefur verkinu kynlegan blæ.

Kolbeinn Tumi notar krónur úr heimilisbókhaldinu og staflar upp á borði eftir útgáfuári, og út kemur heimilislegt (eða hrollvekjandi) súlurit og viti menn; 2007 krónurnar mynda stærsta staflann, en 2012 þann lægsta. Álíka yfirbragð er yfir ljósmyndum Christina Chirulescu af yfirgefnum húsum í Detroit í Bandaríkjunum. Þar bjó líklega einhver árið 2007, en enginn nú.

Tilvistarkennd verk eru einnig á sýningunni, þar sem áhorfandinn er ávarpaður með einhverjum hætti. Hekla Dögg Jónsdóttir sýnir speglakúlu á gólfi og á hana er skrifað: You Are Here og svo kemur rauður punktur þar á eftir. Með þessu notar hún speglunina til að innlima áhorfandann inn í rýmið sem saman hverfast inn í kúluna. Anna Guðjónsdóttir notar einnig spegil, sem hún hefur hulið að mestu með hvítri málningu, og skrifar svo me? í miðjuna. Er sjálfsmyndin óskýr, falin eða týnd?

Í stigaganginum hangir nagli sem hefur verið bræddur saman við reipi með hugvitssamlegum hætti sem svo aftur hangir á öðrum nagla. Hang nail heitir verkið. Karllægt verk að vissu leyti, og kallast á við fínlegra verk Andrea Winkler inni á baði, Untitled frá árinu 2012, en verkið er eitt af þessum ofboðslega látlausu nær ósýnilegu verkum sem geta ruglað mann svo ánægjulega í rýminu. Verkið er einfaldlega fremur dauflegur rauður úði á veggnum. Sami tónn er svo í verki Stefanie Meyer, Takeover. Gipsklessur á gólfi fyrir framan bókahillur sem enda svo ofan í bréfpoka með dóti eins og gleraugu, gervihári o.fl. Furðulegt verk þar á ferð.

**Þóroddur Bjarnason**

**Niðurstaða:** Myndlistin flæðir með hversdagslegum hætti um hólf og gólf. Heimilisleg furðuveröld sem gaman er að skoða.


# GÓÐ AFÞREYING
TILVALIN Í FERÐALAGIÐ!




Gildir til 12. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 02. ágúst 2012**



### Tónleikar

**16.30** Hljómsveitin Hellvar leikur fyrir gesti á næstu tónleikum í Pikknikk tónleikaröð Norræna hússins. Frítt er á tónleikana sem haldnir eru í gróðurhúsi Norræna hússins.

**20.00** Bergmálshópurinn 2012 heldur kammertónleika í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Miðaverð er kr. 2.000 en ókeypis fyrir 16 ára og yngri.

### Uppákomur

**20.00** Borgarbókasafn Reykjavíkur býður upp á kvöldgöngu þar sem augum verður beint niður á við og neðanjarðarstarfsemi í skáldskap, sögu og sagnagerð rannsökuð. Einar Ólafsson, skáld og bókavörður leiðir gönguna. Þátttaka er ókeypis og lagt er upp frá Grófarhúsi í Tryggvagötu 15.

### Tónlist

**17.00** Perlur íslenskra einsöngslaga fluttar af Hönnu Þóru Guðbrandsdóttur sópran, Sigríði Ósk Kristjánsdóttur mezzósópran og Matthildi Önnu Gísladóttur píanóleikara í Kaldalóni Hörpu.

**20.00** Boðið verður upp á Transevrópskan kontrapunkt í Þorláksbúð. Leikið er á hljóðfæri Charles Riché. Uppákoman er hluti af sumartónleikum í Skálholtskirkju.

**20.30** **Sudden Weather Change** heldur hlustunarpartý í Netagerðinni/Kongóbúðinni að Nýlendugötu 14.

**21.00** Hljómsveitin Árstíðir leikur á Café Rosenberg.

**21.00** Kontrabassaleikarinn Tómas R. Einarsson og gítarleikarinn Ómar Guðjónsson spila á tónleikum á Hótel Eddu, Laugum í Sælingsdal.

**22.00** Þór Breiðfjörð leikari og söngvari verður gestur Bítladrengjanna blíðu á Þjóðhátíðinni í Obladal, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Hvanndalsbræður spila á tónleikum á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.000.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# FORD **MONDEO** Trend **frá 3.990.000 kr.**
# FORD **MONDEO** Titanium **frá 4.310.000 kr.**

Nú fæst Ford Mondeo á frábæru verði. Kauptu í dag Ford Mondeo. Hann er rúmgóður, ríkulega útbúinn, bensín eða dísil og fæst bæði sjálfskiptur og beinskiptur. Veldu sparneytinn Ford Mondeo. Hagkvæmur í rekstri. Ávalar og fallegar línur. Grípandi hönnun. Framúrskarandi aksturseiginleikar. Lipur, þægilegur og sparneytinn. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Veldu Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **MONDEO** TREND
FRÁ
**29.191 kr./mán.***

Ford

* Ford Mondeo Trend 5 dyra 1,6TDCi dísil, 115 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 2.300.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,73%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is



**Í BLÓMABREKKUNNI** með Mannakorn er plata vikunnar ★★★★
*„Fleiri frábær lög og textar frá Magga Eiríks og Pálma Gunn.“* tj



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**



**SKEMMTILEG OG TILKOMUMIKIL** Tónlistin frá opnunarhátíð Ólympíuleikanna er komin út.

# *Ofursvöl Ólympíutónlist*

Opnunarhátíð Ólympíuleikanna í London var bæði skemmtileg og tilkomumikil. Maður hefur oft ekki nennt að hanga yfir þessum opnunarhátíðum, en Danny Boyle stóð undir öllum væntingunum. Á meðal þess sem var flott var tónlistin. Plata með tónlist frá hátíðinni var fáanleg stafrænt um leið og hátíðinni lauk og er nú komin út á geisladisk líka.




Platan nefnist Isles of Wonder og er tvöföld. Á fyrri disknum er tónlist frá hátíðinni sjálfri. Á meðal flytjenda eru Frank Turner, Underworld, Mike Oldfield, Dizzee Rascal, Emeli Sandé og Arctic Monkeys. Á seinni disknum er svo tónlistin sem hljómaði undir þegar íþróttamennirnir gengu inn á leikvanginn og hún er ekki síðri.

Eins og áður hefur komið fram hafði Rick Smith úr hljómsveitinni Underworld yfirumsjón með tónlistinni. Á seinni disknum er danstónlistin ráðandi, en takturinn sem íþróttafólkið gekk inn á völlinn undir voru 120 slög á mínútu. Lög með danspoppsveitum eins og Underworld, High Contrast og Chemical Brothers eru mest áberandi, en þarna er líka nýtt High Contrast remix af Where the Streets Have No Name með U2 og Olympians með Fuck Buttons, auk laganna West End Girls með Pet Shop Boys og Heroes með David Bowie.

Isles of Wonder er flott plata, enda eiga sennilega fáir jafn mikið af góðri tónlist og Bretar. Salan á plötunni fór líka vel af stað. Hún fór beint á toppinn hjá iTunes og seldust yfir tíu þúsund eintök á fyrsta sólarhringnum sem hún var í sölu …

## Í SPILARANUM



Cat Power - **Sun**



Micachu and the Shapes - **Never**



Þórunn Antonía - **Star Crossed**


# Farangursbox



30% afsláttur

Vandað farangursbox til að setja á þakið - 450 l.
**Verð aðeins: 45.430 kr.**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Vagnhöfði 23
Sími: 590 2000
www.benni.is

**Opnunartími:**
Opið virka daga frá kl. 8:00 til18:00





**NÝTT NAFN** Snoop Dogg heitir nú Snoop Lion og hyggst senda frá sér reggíplötu á næstunni.

# VOFFINN VERÐUR LJÓN

**Rapparinn Snoop Dogg kom öllum á óvart á dögunum þegar hann sagðist vera búinn að breyta nafni sínu í Snoop Lion. Ekki nóg með það, þá er hann hættur í rappinu og hyggst senda frá sér reggíplötu.**

„Snoop Dogg er dáinn. Lengi lifi Snoop Lion!“

Svona hefst umfjöllun breska dagblaðsins Guardian um nýjasta útspil rapparans Calvin Cordozar Broadus Jr, sem hefur kallað sig Snoop Dogg í gegnum tíðina. Hann breytti nafni sínu á dögunum í Snoop Lion og hyggst snúa sér að reggítónlist.

Snoop Lion sendir frá sér plötuna Reincarnated í næstu viku. Platan er sú tólfta frá listamanninum en vitanlega sú fyrsta sem inniheldur einungis reggítónlist. Fyrsta smáskífa plötunnar, La La La, kom út í júlí og leggur línurnar fyrir plötuna. Lagið er nokkuð hefðbundið reggílag en athygli vekur að Snoop nýtur augljóslega aðstoðar autotune-hugbúnaðar til að halda lagi, enda ekki vanur söngvari.

Í viðtali um útspilið sagði Snoop Lion að rapptónlist væri ekki lengur áskorun fyrir sig. „Það stendur mér enginn á sporði í rapptónlist – með fullri virðingu fyrir öðrum röppurum,“ rumdi ljónið, kokhraust að vanda. „Ég er búinn að gera allt sem hægt er að gera í rappi. Ég er kallaður Snoop frændi í rappinu. Þegar maður er kallaður frændi þá er kominn tími til að breyta til. Ég vil vera krakki á ný.“

Ákvörðun Snoop kann að hljóma undarlega en honum er engu að síður dauðans alvara. Hann segist hafa endurfæðst sem listamaður á Jamaíka þar sem nýja platan varð til en rastafaraprestur veitti honum innblástur í vali á nýju nafni. „Ég fór í hof þar sem presturinn spurði mig að nafni,“ sagði Snoop. „Ég svaraði „Snoop Dogg“ og hann horfði á mig og sagði „ekki lengur. Þú ert ljósið. Þú ert ljónið“. Frá þessu augnabliki byrjaði ég að skilja hvers vegna ég var þarna.“

Snoop Lion vann reggíplötuna í samstarfi við upptökustjórann Diplo, sem stýrði upptökum á plötunni undir nafninu Major Lazer. Hann segir lög á plötunni vera á meðal bestu laga Snoop. „Hann vildi gera alvörureggí,“ sagði hann á blaðamannafundi á dögunum. „Hann vildi syngja og finna nýja rödd. Það var algjör draumur að fá að vinna með honum heila plötu. Það er sjaldgæft í dag.“

Snoop hefur fengið misjöfn viðbrögð við nafn- og stefnubreytingunni. Margir hafa nýtt samskiptamiðla til að gera grín að honum og þar á meðal er hin síunga Betty White sem tísti: „Snoop Dogg uppfærði nafnið sitt í Snoop Lion. Snoop Lion?! Haaa!? Var hann skakkur, eða? Ahh, já.“

atlifannar@frettabladid.is

## LAGALISTINN
Vikuna 25. júlí - 31. júlí 2012

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Jón Jónsson | *All, You, I* |
| ▼ | 2 | Lykke Li | *I Follow Rivers* |
| ▼ | 3 | Helgi Júlíus & Valdimar Guðmundsson | *Þú ert mín* |
| ▲ | 4 | Ásgeir Trausti | *Leyndarmál* |
| ▶ | 5 | Tilbury | *Tenderloin* |
| ▼ | 6 | Fun | *Some Nights* |
| ▲ | 7 | Retro Stefson | *Fram á nótt* |
| * | 8 | Jónas Sigurðsson | *Þyrnigerðið* |
| ▶ | 9 | Helgi Björns & reiðmenn vindanna | *Ég er kominn heim í heiðardalinn* |
| ▼ | 10 | Flo Rida | *Whistle* |

## TÓNLISTINN
Vikuna 25. júlí - 31. júlí 2012

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▲ | 2 | Mannakorn | *Í blómabrekkunni* |
| ▼ | 3 | Helgi Björns & reiðmenn vindanna | *Heim í heiðardalinn* |
| ▶ | 4 | Sigur Rós | *Valtari* |
| ▶ | 5 | Ýmsir | *Pottapartý með Sigga Hlö* |
| ▶ | 6 | Brimkló | *Síðan eru liðin mörg ár* |
| ▲ | 7 | Ýmsir | *Hljómskálinn* |
| ▲ | 8 | Tilbury | *Exorcise* |
| ▲ | 9 | Ýmsir | *Hot Spring: Landamannalaugar* |
| ▼ | 10 | Mugison | *Haglél* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is







24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 9. ágúst.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

bio@frettabladid.is



**EFTIRLÝSTUR** Leikarinn Cuba Gooding Jr. er eftirlýstur af lögreglunni í New Orleans eftir að hafa kýlt barþjón tvisvar í andlitið. Atvikið átti sér stað snemma á þriðjudagsmorgni. Konan sem varð fyrir árásinni segir Gooding Jr. hafa veist að henni þegar hún bað hann um að róa sig niður eftir rifrildi við aðdáanda.

# Vinsæl leikkona

Leikkonan Emma Stone fer með hlutverk í næstu kvikmynd leikstjórans Cameron Crowe. Stone er önnum kafin um þessar mundir og mun leika í kvikmynd Crowe áður en hún fer í tökur á framhaldsmynd The Amazing Spiderman.

Crowe er þekktur fyrir að leikstýra fallegum og ljúfum kvikmyndum á borð við Jerry Maguire, Almost Famous og We Bought a Zoo. Hann leikstýrði einnig myndunum Vanilla Sky og Elizabethtown sem skartaði Orlando Bloom og Kirsten Dunst í forgrunni.

Stone sló í gegn í kvikmyndinni Superbad og hefur á síðustu árum fest sig í sessi sem ein vinsælasta leikkona Bandaríkjanna enda er hún með eindæmum geðþekk og skemmtileg.



**VINSÆL** Emma Stone mun leika í næstu kvikmynd leikstjórans Cameron Crowe. NORDICPHOTOS/GETTY

# *Sótti innblásturinn til vinapara sinna*

Leikkonan Rashida Jones skrifar handritið og fer með annað aðalhlutverkið í rómantísku gamanmyndinni Celeste and Jesse Forever. Mótleikari hennar er gamanleikarinn Andy Samberg og Lee Toland Krieger leikstýrir myndinni.

Jones, sem skrifaði handritið ásamt Will McCormack, segist hafa sótt innblásturinn til vina sinna sem hafa margir verið í samböndum frá unglingsaldri og eiga erfitt með að skilja við æskuástina. „Þetta var nánast eins og menningarlegt fyrirbæri. Fólk kynnist í menntaskóla og trúir því að það muni eyða ævinni saman. En svo tekur lífið við og fólk breytist en maður getur ekki hugsað sér að hætta saman,“ sagði Jones um kjarna myndarinnar.



**SKRIFAÐI HANDRIT** Rashida Jones skrifaði handritið og leikur aðalhlutverkið í gamanmyndinni Celeste and Jesse Forever. NORDICPHOTOS/GETTY








**LEGGJA Á RÁÐIN** Emile Hirsch og Matthew McConaughey í hlutverkum sínum sem smákrimminn Chris Smith og leigumorðinginn Killer Joe Cooper.

# Illt ráðabrugg smákrimma

**Killer Joe var frumsýnd í kvikmyndahúsum í gær. Myndin skartar Matthew McConaughey í aðalhlutverki og er frá leikstjóra The Exorcist.**

Spennumyndin Killer Joe skartar Emile Hirsch, Matthew McConaughey og Juno Temple í aðalhlutverkum og segir frá Chris Smith sem ræður leigumorðingja til að myrða móður sína svo hann komist yfir líftryggingu hennar.

Chris skuldar glæpamanninum Digger Soames háar fjárhæðir og getur ekki greitt skuldir sínar. Hann ákveður því að ráða lögreglumanninn og leigumorðingjann Killer Joe Cooper til að myrða móður sína svo hann komist yfir líftryggingu hennar. Chris hefur þó ekki heldur efni á að greiða Killer Joe fyrirframgreiðsluna sem Joe setur sem skilyrði og verða þeir ásáttir um að Joe taki Dottie, systur Chris, í gíslingu sem eins konar tryggingu fyrir að upphæðin verði greidd að verkinu loknu. Með Joe og Dottie tekst þó undarleg vinátta og verður lögreglumaðurinn eins konar draumaprins fyrir Dottie. Á meðan virðist ráðabrugg Chris þó ætla úr böndunum verði ekki tímanlega í taumana gripið.

Leikstjóri myndarinnar er William Friedkin sem er líklega þekktastur fyrir kvikmyndirnar The French Connection, The Exorcist og Rules Of Engagement. Hann vann handrit myndarinnar í samstarfi við leikskáldið Tracy Letts, en myndin er byggð á samnefndu leikriti Letts frá árinu 1993. Þeir höfðu áður unnið saman við gerð hrollvekjunnar Bug sem kom út 2009 og er byggð á samnefndu leikverki Letts. Killer Joe hefur fengið ágæta dóma og voru 75 prósent ritaðra ummæla á vefsíðunni Rottentomatoes.com góð.

Matthew McConaughey þykir standa sig vel sem ógeðfelldur sadisti með herramannslegt yfirbragð og vilja sumir meina að þetta sé besti leikur hans til þessa. Aðrir gagnrýnendur segja söguþráðinn missa marks og að persónurnar séu lítið annað en lágkúrulegar og að myndin sé í besta falli dramatískari og lengri útgáfa af sjónvarpsþættinum The Jerry Springer Show.

sara@frettabladid.is

## VILL HELST VERA BERFÆTTUR

- Matthew McConaughey lék í fjórum kvikmyndum sem koma út á þessu ári og í tveimur sem frumsýndar verða á næsta ári. Hann lék meðal annars í myndunum The Paperboy, Mud, Magic Mike og True Detectives sem komu út í Bandaríkjunum í ár. Næsta ár koma myndirnar The Dallas Buyer's Clu og Thunder Run út.
- McConaughey er hrifinn af því að ganga um berfættur og tekur gjarnan að sér hlutverk þar sem hann fær að vera skólaus.
- Leikstjórinn William Friedkin sá kvikmyndina Citizen Kane eftir Orson Welles þegar hann var strákur og vakti hún áhuga hans á kvikmyndagerð.
- Friedkin hlaut heimsfrægð í kjölfar The French Connection sem sló í gegn árið 1971 og skartaði meðal annars Gene Hackman og Fernando Rey.

# Statham og Franco leika saman

Jason Statham og James Franco munu að öllum líkindum leiða saman hesta sína í kvikmyndinni Homefront sem byggð er á handriti Sylvester Stallone.

Framleiðslufyrirtækið Millennium Films mun framleiða myndina ásamt Stallone og mun Gary Flender leikstýra verkinu. Homefront segir frá fyrrum fíkniefnalögreglumanni sem leikinn er af Statham, sem ákveður að segja skilið við fyrra líferni og taka því rólega. Hann flyst í bæ þar sem stórglæpamaðurinn Gator, leikinn af Franco, heldur til og brátt færist hiti í leikinn.

Flender hefur áður leikstýrt kvikmyndum á borð við Runaway Jury og Things to Do in Denver When You're Dead. Franco og Statham hafa báðir verið iðnir við kolann undanfarið og mun Statham einnig hafa tekið að sér hlutverk í Expendables 2, Parker og Hummingbird sem allar eru væntanlegar innan skamms. Franco fer með hlutverk í Oz: The Great And Powerful, The Iceman, Lovelace og Spring Breakers.



**ÁFRAM Í HASARNUM** Jason Statham fer með hlutverk í kvikmynd byggðri á handriti eftir Sylvester Stallone. James Franco leikur á móti honum. NORDICPHOTOS/GETTY

# EITT ÞAÐ BESTA FRÁ Panasonic




**Panasonic TXL42E5Y**

## ÖRÞUNNUR IPS LED HÁGÆÐA SKJÁR

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum**

**159.990**

ÁÐUR **189.990**

**150Hz Backlight scanning**
Clear Panel myndsían fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum sem tryggir bjartari og meiri myndgæði. 150Hz tæknin skilar allri hreyfingu frábærlega til áhorfandans.

**VIERA Connect**
Viera Connect færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum mismunandi formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og vera í sambandi gegnum Skype. Einnig er hægt að spila leiki án þess að nota tölvu.

**VrealLIVE örgjörvi**
Velkomin í veröld SmartTV með VIERA og Vreal Live. Myndvinnsluörgjörvinn er hannaður til að tryggja bæði hraða og nákvæma netvirkni ásamt bestu mögulegu myndgæðum.

**V-Audio Surround**
V-Audio Surround er fjölrása hljóðstilling sem skilar Surround hljómgæðum úr innbyggðum hátölurum tækisins.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða smartsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**VIERA Remote App Support**
Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort tækið er byggt á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið.

IPS LED · BRILLIANT CONTRAST · 150Hz Back Light Scanning · Vreal LIVE · CLEAR PANEL · social networking TV · USB x2 · HDMI x4 · FULL HD 1920X1080p

V-Audio Surround · dlna CERTIFIED · Media Player · SMART VIERA · Made for iPhone · WiFi Ready

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner
Panasonic

# lífsstíll
lifsstill@frettabladid.is



**EINLÆGT BROS** getur minnkað streitu. Séu munn- og augnvöðvar virkjaðir getur það róað hjartslátt fólks og um leið minnkað streitueinkenni. Það bætir því heilsuna að brosa breitt og innilega.



**EFNAÐUR** Ralph Lauren er í fjórða sæti yfir ríkustu menn innan bandaríska tískubransans. NORDICPHOTOS/GETTY

## Efnaðasta tískufólkið

**TÍSKA Vefsíðan WWD.com birti nýverið lista yfir 67 forstjóra innan bandaríska tískuiðnaðarins sem hafa hvað hæstar tekjur. Efst á listanum er Ron Johnson, forstjóri J.C. Penny-verslunarkeðjunnar, sem þénar um 6,5 milljarða króna á ári.**

**Michael Jeffries, forstjóri Abercrombie & Fitch, er annar á listanum með 5,8 milljarða króna í árslaun. Í þriðja sæti er Neil Cole, forstjóri Iconix-samsteypunnar, sem á meðal annars verslanirnar Kmart, Sears, Macy's og Target, með rúma 4,5 milljarða í árslaun. Næstur er fatahönnuðurinn Ralph Lauren með tæpa 4,3 milljarða króna í laun og í fimmta sæti er Mark Parker, forstjóri Nike, með 4,2 milljarða í laun.**

# Taubleiuheimurinn er frumskógur

**Taubleiur eru lífsstíll ef marka má þann mikla fjölda vefsíðna sem tileinkaður er vörunni. Soffía Ösp Bæringsdóttir segir taubleiuheiminn vera frumskóg fyrir þá sem ekki þekkja til.**

**LÍFSSTÍLL** „Ætli svarið við spurningunni sé ekki það að bleiurnar verða eins og hver annar fatnaður eða fylgihlutur. Það þykir ekkert skrítið að ræða hönnun og þetta á kannski svolítið skylt við það," segir Soffía Ösp Bæringsdóttir um hið líflega netsamfélag sem hefur skapast í kringum taubleiur. Ótal vefsíður og spjallþræðir hafa sprottið upp í kringum áhuga foreldra á vörunni og einnig má finna fjölda síða á Facebook.

Soffía segir taubleiuheiminn vera hálfgerðan frumskóg fyrir nýbakaða foreldra og því sé gott að geta sótt upplýsingar til þeirra sem reyndari eru. „Það eru til margar ólíkar útgáfur af taubleium og á þessum torgum getur fólk deilt reynslu sinni. Taubleiur kosta mismikið, eru úr ólíkum efnum og svo skiptir líka máli hvernig snið þú notar þegar barnið er farið að hreyfa sig meira."

Innt eftir því hvað það er sem fær fólk til að nota heldur taubleiur í stað einnota bleia segir Soffía margar ólíkar ástæður liggja að baki því. Sjálf kusu hún og maður hennar að nota taubleiur vegna umhverfissjónarmiða en fljótlega áttuðu þau sig á því að mikill sparnaður fælist í taubleiunotkun.

„Maðurinn minn var harður á þessu frá upphafi vegna umhverfissjónarmiða. Fljótlega komumst við svo að því að við gátum sparað heilmikinn pening á þessu, við spöruðum okkur allt að 100 þúsund krónur með því að vera skynsöm í bleiukaupunum. Þetta varð fljótlega hálfgert áhugamál hjá manni, maður valdi bleiuna á morgnana í stíl við fötin og við áttum meira að segja sparibleiur," segir Soffía en báðar dætur hennar hafa gengið með taubleiur.

Hún segir ekki mikla aukavinnu liggja að baki því að nota taubleiur og að mesta vinnan felist í því að skipta á barninu og ekki sleppi maður við það. „Maður þvær eina vél þriðja hvern dag. Langmesta vinnan er að skipta á barninu."

sara@frettabladid.is



**SÉRFRÆÐINGAR Í TAUBLEIUM**

**Soffía Ösp Bæringsdóttir** segir taubleiur verða mikið áhugamál hjá þeim sem þær nota. Á netinu má finna ótal vefsíður sem tileinkaðar eru vörunni. Taubleiur ganga kaupum og sölum á netinu. Á Facebook er til sérstakt taubleiutorg þar sem foreldrar skiptast á upplýsingum um vöruna. Soffía segir síðurnar nokkuð líflegar og að margir séu mjög virkir á þræðinum. „Sumir hafa jafnvel búið til myndbönd um hvernig sé best að setja bleiurnar á. Sumir verða algjörir sérfræðingar í þessu og pæla mikið í sniði, gæðum efnisins og litum og munstri."






**EKKI LEIÐARVÍSIR** Klámmyndir eru tilbúningur rétt eins og aðrar kvikmyndir.

# Unglingar og klám

**KYNLÍF** Unglingar horfa á klám. Það er staðreynd. Margir vita að klám er óraunverulegt en reyna samt að draga einhvern lærdóm af því. Þekkingin til að greina á milli hvað sé raunhæft og hvað ekki er ekki til staðar sökum reynsluleysis í samskiptum og kynlífi.

Klámið kennir börnum ekki samskipti því þar eru einungis geltar skipanir og svívirðingar. Við fullorðna fólkið vitum að sú tækni dugar skammt í raunverulegum kynmökum en þeir sem hana hafa prófað hafa oftar en ekki sármóðgað bólfélagann með tilheyrandi leiðindum. Þá kennir klámið heldur ekki tækni, þarna eru atvinnumenn á ferð og leikmenn sem ætla að herma eftir geta slasað sig og aðra.

Mín leið til að tækla klámumræðuna er ekki að banna áhorf, enda vitum við að það dugar ekki. Unglingar vilja vita meira um kynlíf og þegar varir foreldranna eru heftaðar saman þá munu þeir leita á alla miðla til að afla sér upplýsinga. Í gamla daga voru það bækur, í dag er það netið. Þetta er gömul saga í nýjum búningi.

Ég kýs að koma fram við börn af heiðarleika og hreinskilni og bendi þeim á staðreyndir málsins. Ég útskýri fyrir þeim að klámmynd sé í raun ekkert annað en klúr og allsber útgáfa af Hringadróttinssögu. Tæknibrellum er beitt, sviðsmynd smíðuð, ljósin stillt og undir farðanum og búningunum er raunverulegt fólk sem fær greitt fyrir þessa vinnu. Þetta er jú vinna og það skal enginn halda að þetta geri fólk sér eingöngu til skemmtunar. Það er einnig handrit og leikararnir fá pásur á milli atriða. Þau fara í slopp, fá sér kaffi og kleinuhring og spjalla um nýjasta appið, eða eitthvað svoleiðis.

Þá klikka líka hlutir í klámmyndum. Stundum prumpar einhver svo hátt að það heyrist í hljóðnemanum og þá þarf að gera hlé á tökum, áhorfandanum þykir prump ekki sexí þó leikararnir springi úr hlátri. Stundum brotna gervilimir, fólk fær krampa í fótinn, sæði upp í nefið og bítur óvart viðkvæmt kynfærið. Mistökin gerast en við sjáum það sjaldnast. Það er klippt til, allir í pásu, svo er haldið áfram þar sem frá var horfið. Það eru mjög fáir sem hamast samfleytt í inn-út lengur en þrjár mínútur í senn og beinar samfarir vara sjaldnast lengur en 7 mínútur. Klám er því framleiddur tilbúningur í sýndarheimi.

Klám er ekki efni frá Námsgagnastofnun og því ekki leiðarvísir að góðu kynlífi. Þennan pistil megið þið, kæru foreldrar, eigna ykkur og endursegja börnunum ykkar, oft og mörgum sinnum.

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**

Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.

kynlif@frettabladid.is



# STJÖRNU-BÆKUR

★★★★★

PBB/FRTM




*„Koch er afhjúpandi höfundur ... nöturlega fyndinn ... kann að búa til spennu sem heldur lesanda á nálum. Hér er ekkert sem sýnist."*

PBB/FRTM




★★★★

ALÞ/MBL




★★★★

SL/MBL




★★★★

PBB/FRTM




★★★★

PBB/FRTM

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*



**60 MILLJÓN** facebook-notendur eru nú aðdáendur Eminem á samskiptasíðunni. Rapparinn er þar með vinsælasti tónlistarmaðurinn á Facebook þó svo að Rihanna fylgi fast á hæla hans með 59 milljón aðdáendur.

# FRÆG FRAMHJÁHÖLD

**Tímaritið US Weekly ljóstraði upp um framhjáhald Kristen Stewart og leikstjórans Ruperts Sanders í síðustu viku. Fréttirnar komu mörgum í opna skjöldu enda var Stewart í sambandi með Robert Pattinson og Sanders kvæntur og tveggja barna faðir. Fleiri Hollywood-stjörnur hafa þó orðið fyrir því að misstíga sig svo opinberlega og í kjölfarið orðið fyrir álitshnekki.**





**SANDRA BULLOCK OG JESSE JAMES** Bullock giftist mótorhjólasmiðnum Jesse James árið 2005. Í mars árið 2010 hélt Michelle „Bombshell“ McGee því fram að þau James hefðu átt í ástarsambandi og í kjölfarið stigu fleiri konur fram. Hinn 18. mars sendi James frá sér tilkynningu þar sem hann staðfesti orðróminn og bað Bullock afsökunar. Bullock sótti um skilnað í apríl sama ár.

NORDICPHOTOS/GETTY





**TIGER WOODS OG ELIN NORDEGREN** Fátt annað komst að í fjölmiðlum eftir að Woods varð uppvís að því að hafa haldið fram hjá eiginkonu sinni með meira en tylft kvenna á meðan á hjónabandinu stóð. Woods fór í kjölfarið í kynlífsmeðferð og Nordegren sótti um skilnað árið 2010.





**JENNIFER ANISTON OG BRAD PITT** Aniston og Pitt voru draumapar Hollywood þegar þau giftu sig árið 2000. Fimm árum síðar tilkynnti þau að þau ætluðu að skilja og veltu margir fyrir sér hvort það væri vegna mótleikkonu Pitts, Angelinu Jolie. Jolie viðurkenndi nokkrum árum síðar að hún hefði orðið ástfangin af Pitt þegar þau unnu saman árið 2005.



**LEANNE RIMES OG EDDIE CIBRIAN** Rimes og Cibrian voru bæði gift þegar þau hófu samband sitt árið 2009. Rimes var gift dansaranum Dean Sheremet og Cibrian var kvæntur fyrirsætunni Brandi Glanville. Parið sótti um skilnað frá þáverandi mökum sínum þegar upp um þau komst og gifti sig tveimur árum síðar.





**MARYLIN MANSON OG DITA VON TEESE** Söngvarinn giftist dansaranum Von Teese í leynilegri athöfn árið 2005 en ári síðar sótti hún um skilnað sökum ágreinings. Manson hafði þá verið í sambandi með hinni 19 ára gömlu leikkonu Evan Rachel Wood og varði það af og á allt til ársins 2010.

USB SKJÁR




Philips
221S3LSB LED

NÝJUNG FRÁ PHILIPS !

21,5“ skjár sem tengist aðeins með USB. W-LED háskerpuskjár með frábærri upplausn. Kemur á stillanlegum standi þannig að hægt er að snúa honum í 90°.

SÉRSTAKT KYNNINGARVERÐ

34.990

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

PHILIPS

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR



**ÚR HUNGURLEIKUNUM** Vinsældir þrautagöngu Katniss Everdeen njóta mikilla vinsælda á Íslandi en síðasta bók þríleiksins, Hermiskaði, er væntanleg innan skamms.

# Sumar Hungurleikanna

Fyrstu tvær bækurnar í þríleiknum um Hungurleikanna eru mest seldu kiljurnar á Íslandi það sem af er sumri. Rannsóknarsetur verslunarinnar tók saman fyrir Fréttablaðið lista yfir tuttugu mest seldu kiljurnar á Íslandi frá 20. maí til 28. júlí.

Ekki þarf að koma á óvart að þorri verkanna á listanum er þýddar bækur, mestmegnis reyfarar og spennubækur. Eldar kvikna, annar kaflinn í þríleiknum um Hungurleikana, er mest selda kiljan en samkvæmt upplýsingum frá Forlaginu hefur hún selst í sex þúsund eintökum hingað til. Á hæla hennar kemur fyrsta bókin í bálknum. Þrjár nýjar íslenskar skáldsögur eru þó á listanum: Í sjötta sæti er Leikarinn eftir Sólveigu Pálsdóttur, Það kemur alltaf nýr dagur eftir Unni Birnu Karlsdóttur er í því sjöunda og Korter eftir Sólveigu Jónsdóttur er í því ellefta. Allar þessar bækur komu út snemma í sumar. Þrjú önnur íslensk verk rata inn á listann: 55 sannar íslenskar lífsreynslusögur sem Guðríður Haraldsdóttir safnar saman úr Vikunni er í tólfta sæti; Hetjur og hugarvíl, sálgreining Óttars Guðmundssonar á fornköppunum er í sautjánda sæti og túristabókin Little Book of Icelanders er í því átjánda.

Af útgáfufyrirtækjum ræður Forlagið lögum og lofum á kiljumarkaðnum í sumar; þrettán af tuttugu vinsælustu kiljunum koma út á vegum þess á tímabilinu sem um ræðir, fjórar frá Uppheimum, tvær frá Bjarti og Birtíngur gefur út eina.

Listann má finna í lengri útgáfu á vefsíðunni Visir.is.

## MEST SELDU KILJURNAR Í SUMAR

| | BÓK | HÖFUNDUR | ÚTGÁFA |
|---|---|---|---|
| 1 | **Eldar kvikna** | Suzanne Collins | Forlagið - JPV útgáfa |
| 2 | **Hungurleikarnir** | Suzanne Collins | Forlagið - JPV útgáfa |
| 3 | **Dauðadjúp** | Åsa Larsson | Forlagið - JPV útgáfa |
| 4 | **Konan sem hann elskaði áður** | Dorothy Koomson | Forlagið - JPV útgáfa |
| 5 | **Sumarhús með sundlaug** | Herman Koch | Forlagið - JPV útgáfa |

*Miðað við tímabilið 20. maí til 28. júlí. Listinn byggir á upplýsingum frá flestum bókaverslunum landsins og öðrum verslunum sem selja bækur, svo sem stórmörkuðum, bensínstöðvum og fleirum.*



SKÓSPRENGJA
Í FULLUM GANGI
ásamt öðrum tilboðum
50% - 90%
AFSLÁTTUR
Opið mánudaga - föstudaga
milli kl. 11 og 18
laugardag milli kl. 11 og 16
sunnudag milli kl. 13 og 17
VÖRUR FRÁ:
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND
ecco
Kringlan - Smáralind
Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind
skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
Nýtt kortatímabil
Þú finnur okkur á: facebook
Toppskórinn
Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT RISES | | | |
| kl. 4:30 - 5:30 - 6 - 8 - 9 - 10 - 10:20 | | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES VIP | kl. 6 - 10 | 2D | VIP |
| MAGIC MIKE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 3:40 | 3D | L |
| UNDRALAND IBBA ísl. Tali | kl. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES | kl. 7 - 10:20 | 2D | 12 |
| LOL | kl. 6 | 2D | 12 |
| DREAM HOUSE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES | 1:40 - 3:50 - 4:50 | | |
| - 5:50 - 7 - 8 - 9 - 10:10 - 11:10 | | 2D | 12 |
| TED | kl. 5:40 - 10:30 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE | kl. 8 | 2D | 12 |
| ÍSÖLD 4 ísl. Tali | kl. 1:40 | 3D | L |
| ÍSÖLD 4 ísl. Tali | kl. 1:40 - 3:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 1:40 - 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES | kl. 5:30 - 6 - 9 - 10 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES | kl. 10:30 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is


# LEONCIE VILL Í EUROVISION

Leoncie tekur ekki í mál að taka þátt í undankeppni Eurovision. Hún er afar sigurviss ef hún fær tækifærið en Páll Magnússon bendir henni á að senda lag í keppnina eins og aðrir.





# Hafnar amerískum þætti en vill syngja í Eurovision

**Leonice hefur sent frá sér nýtt lag. Þá biðlar hún til RÚV að fá að fara fyrir Íslands hönd í Eurovision.**

„Ég þarf ekki að stefna ferli mínum í hættu til þess að vera fræg," segir söngkonan Leoncie hneyksluð á samningi sem framleiðendur bandarísku þáttanna Off Beat vildu láta hana undirrita í síðustu viku fyrir að birta myndbönd hennar í þættinum.

„Þeir vildu fá höfundarrétt á lögunum mínum og öllu því sem ég myndi gera í framtíðinni. Þetta var hættulegur samningur," segir Leoncie en miklir annmarkar voru á samningnum og neitaði hún að skrifa undir. „Ég mátti ekki fara með Viktor með mér. Þeir vita að ég hef verið gift í þrjátíu ár og fyrst ég get ekki farið með Viktor fer ég ekki," segir hún.

Off Beat sýnir fyndin og hneykslandi tónlistarmyndbönd og er einn aðalframleiðandinn Vin Di Bona, hugmyndasmiður American Funniest Home Videos. „Þátturinn er blanda af tónlist og gríni og þeir vildu sýna öll myndböndin mín af Youtube," segir Leoncie. „Ég myndi verða þræll fyrir þá til framtíðar ef ég væri fáviti eins og margir sem fara til Bandaríkjanna og fórna eiginmönnum fyrir frægð. Guði sé lof að ég er ekki svona örvæntingarfull," segir hún um áhrif samningsins.

Framleiðendurnir tjáðu henni að allir sem kæmu í American Funniest Home Videos hefðu skrifað undir samninginn. „Þeir sögðu að ég væri fyrsta manneskjan af milljónum til að neita að skrifa undir."

Myndband við nýtt lag hennar, Gay World, kom út í vikunni og gaf hún út samnefnda plötu á dögunum. „Ég samdi Gay World því ég hef spilað fyrir fólk í London sem er hamingjusamt eða „gay" og þá hefur verið troðfullt og allir kunnað textana mína," segir hún glöð.

Leoncie hefur hug á að verða næsti fulltrúi Íslands í Eurovision. „Ég sendi bréf til Páls Magnússonar. Ég hef samt ekki áhuga á að einhver dæmi mig því ég er alþjóðlegur fyrsta flokks skemmtikraftur. Af hverju þurfa skattgreiðendur að borga fyrir keppni þegar hægt er að velja eina manneskju og það er skýrt að ég mun sigra?" segir hún.

Páll Magnússon, útvarpsstjóri, sá vefpóstinn frá Leoncie í fyrradag. „Ég sagði að það væri meira en sjálfsagt að hún tæki þátt í forkeppninni og hvatti hana til þess." Hann kannaðist þó ekki við að Leoncie hefði beðið um að vera valin án þátttöku í Söngvakeppni sjónvarpsins. **hallfridur@frettabladid.is**

Tónlist ★★★☆☆

**Smashing Pumpkins**
Oceania

**EMI**



## Billy Corgan í fínu formi

Oceania er fyrsta stóra plata Smashing Pumpkins síðan endurkomuplatan Zeitgeist kom út fyrir fimm árum. Í millitíðinni ætlaði Billy Corgan að hætta að búa til stórar plötur og gefa þess í stað eitt og eitt lag út í einu og safna svo saman eftir á, en eftir nokkur lög sem safnað var saman á tvær EP-plötur ákvað Billy að hverfa frá hugmyndinni og vinna nýja plötu upp á gamla mátann.

Billy Corgan er einn eftir af gömlu Smashing Pumpkins-meðlimunum á Oceania, en samt hljómar platan alveg eins og alvöru Smashing Pumpkins-plata, nokkuð sem ekki var hægt að segja um sólóefnið hans eða hljómsveitina Zwan. Oceania er nokkuð sannfærandi plata. Lagasmíðarnar eru margar fínar og platan hefur ágætt heildaryfirbragð. Þetta er ekkert meistarastykki, en gamlir aðdáendur ættu ekki að hika við að bæta Oceaniu í safnið.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Besta Smashing Pumpkins-platan í langan tíma.

# Væri til í að giftast aftur

Bandaríska söngkonan Katy Perry er forsíðustúlka septemberheftis Elle og í viðtali við tímaritið útilokar hún ekki að gifta sig aftur.



**KATY PERRY**

„Ég er kona sem vill stefnumót. En ég býst við að maður eigi aldrei að segja aldrei. Ég mun leyfa ástinni að ráða för," sagði söngkonan þegar hún var spurð hvort hún mundi gifta sig aftur ef svo bæri undir.

Um feril sinn sagði hún: „Ég elska það sem ég geri en um leið og það breytist þá mun ég breyta til. Ég verð ekki sætindadrottningin að eilífu."





| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES | KL. 4.30 - 5.30 - 8 - 9 | 10 |
| DARK KNIGHT RISES LÚXUS | KL. 4.30 - 8 | 10 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.3.20 - 5.50 | L |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |
| TED | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 5 - 8 - 10.50 | 10 |

HLUTI AF HVERJUM SELDUM BÍÓMIÐA ALLAN JÚLÍ - rennur til Barnaheilla

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| KILLER JOE | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.5.50 | L |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 6 - 9 | 10 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 6.30 - 8 - 9 - 10.30 | 12 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| KILLER JOE | KL. 6 - 8 - 10.10 | 16 |
| ÍSÖLD 3D | KL. 6 | L |
| TED | KL. 10.10 | 12 |
| INTOUCHABLES | KL. 8 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT RISES | 3.50, 7, 10.20 | 12 |
| KILLER JOE | 8, 10.20 | 16 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 3.50, 6, 8, 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 4: HEIMSÁLFUHOPP 3D | 4, 6 | L |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

FIMMTUDAGUR: STARS ABOVE 18:00, 20:00, 22:00 ■ RED LIGHTS 17:40, 20:00, 22:20 ■ BERNIE 17:50, 20:00 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ TÓNLEIKAR: BOOGIE TROUBLE OG CATERPILLARMAN (FRÍTT INN) 22:00 ■ *BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)* 22:00

TÓNLEIKAR: BOOGIE TROUBLE OG CATERPILLARMAN kl. 22 (FRÍTT INN)

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# ÚTSÖLULOK

## ENN MEIRI AFSLÁTTUR

## ÚTSÖLUNNI LÝKUR LAUGARDAGINN 4.ÁGÚST

40% Afsláttur

30% Afsláttur

70% Afsláttur

50% Afsláttur

60% Afsláttur

INTERSPORT

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16. LOKAÐ SUNNUDAG BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. LOKAÐ SUNNUDAG

SELFOSSI SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16. LOKAÐ SUNNUDAG LINDIR SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. LOKAÐ SUNNUDAG

EXPO • www.expo.is

# sport

sport@frettabladid.is



**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON** og hans menn í Grindavík taka á móti KR í undanúrslitum Borgunarbikars karla í knattspyrnu í kvöld. Tæp átján ár eru síðan Guðjón stýrði KR til sigurs í bikarúrslitum gegn Grindavík sem batt enda á 26 ára titlalausa tíð karlaliðs Vesturbæinga. Leikurinn hefst á Grindavíkurvelli í kvöld klukkan 19.15 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.



**ÁNÆGÐ** Hrafnhildur veifar hér til foreldra sinna eftir sundið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hrafnhildur Lúthersdóttir:

## Ólýsanlegt að sjá foreldrana

**ÓL 2012** Hrafnhildur Lúthersdóttir keppti í sinni fyrstu grein á Ólympíuleikum í gær er hún synti 200 m bringusund. Hún kom í mark á 2:29,60 mínútum, um tveimur og hálfri sekúndu frá Íslandsmeti sínu.

Hrafnhildur átti að keppa í 100 m bringusundi á sunnudag en hætti við vegna meiðsla í olnboga sem hún varð fyrir þegar hún datt í síðasta mánuði.

„Ég er nefnilega alveg ánægð með þetta miðað við að þetta skuli vera morgunsund og vegna meiðslanna. Að komast undir 2:30 var betra en ég bjóst við. Ég er því alveg sátt við þetta,“ sagði hún en sagðist aðspurð ekki vilja greina nákvæmlega frá því hvers eðlis meiðslin eru.

Hún viðurkenndi að hafa verið stressuð fyrir sundið og að keppa á Ólympíuleikum sé ólíkt öllum öðrum mótum. „En svo þegar ég kom í bakkann og leit upp í áhorfendastúku þar sem foreldrar mínir öskruðu og klöppuðu varð ég ótrúlega glöð. Það var ólýsanleg tilfinning,“ sagði hún og brosti. - esá

## Íslendingar á ÓL 2012

**FIMMTUDAGINN 2. ÁGÚST**

**09.09: 50 m skriðsund karla**
Árni Már Árnason, 5. riðill

**10.48: 200 m baksund kvenna**
Eygló Ósk Gústafsdóttir, 5. riðill

**20.15: Handbolti karla**
Ísland-Svíþjóð, A-riðill

Grillaðu!
Pylsu meistarinn
við Laugalæk

# Ég veit að ég á rétta kastið inni

**Óðinn Björn Þorsteinsson keppir strax á fyrsta degi frjálsíþróttakeppninnar á Ólympíuleikunum í London þegar hann tekur þátt í kúluvarpi karla á morgun. Hann segir dagsformið og hugarfarið munu skipta öllu.**

**ÓL 2012** Á morgun hefst frjálsíþróttakeppnin á Ólympíuleikunum í London og á Ísland fulltrúa strax á fyrsta degi. Kúluvarparinn Óðinn Björn Þorsteinsson verður þá í eldlínunni og mun freista þess að komast í úrslit þeirra tólf bestu.

Fréttablaðið hitti á þennan hrausta og hógværa kappa í Ólympíugarðinum í gær en þá var hann nýkominn úr þriggja daga æfingaferð til Bournemouth á suðurströnd Englands. „Mér líður vel,“ sagði hann. „Það gekk vel að æfa í Bournemouth og ég er í góðu líkamlegu formi.“

Hann er fyrsti íslenski kúluvarparinn sem keppir á Ólympíuleikum í 20 ár en þá keppti Pétur Guðmundsson sem komst ekki í úrslit. Síðast gerðist það árið 1980 en þá komust bæði Hreinn Halldórsson (10. sæti) og Óskar Jakobsson (11. sæti) í úrslit í kúluvarpi. Óskar er einmitt föðurbróðir Óðins.

Íslandsmet Péturs í greininni var sett árið 1990 og stendur enn. Það er 21,26 metrar en Óðinn á best 20,22 metra.



**TILBÚINN** Óðinn Björn stendur hér meðal fólksfjöldans sem var í Ólympíugarðinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Ánægður með æfingaköstin

Óðinn segir að það sé nánast fullur kraftur í köstum á æfingum. „Kúluvarparar eru oftast að kasta af 90 prósenta krafti á æfingum svo skömmu fyrir mót. Við þurfum að gera það til að hafa taugakerfið tilbúið og líkamann undirbúinn fyrir átökin í keppninni.“

Óðinn fékkst ekki til að gefa upp neinar tölur en sagðist vera ánægður með æfingaköstin sín. „Ég er ánægður með lengdirnar og nú vonast ég bara til þess að færa það yfir í keppnina sjálfa.“

### Þarf að ná mínu besta

Óðinn Björn er ekki einn þeirra sem tala af sér í viðtölum við fjölmiðla. Hann er hrifnari af því að láta verkin tala inn á vellinum og stefnir auðvitað að því að gera það á morgun.

„Það getur allt gerst. Ég hitti ýmist á góðan eða slæman dag á æfingum og það sama á við um keppnina sjálfa – dagsformið skiptir miklu máli. En allur undirbúningur hefur miðað að því að ég nái mínu besta fram og ég vonast auðvitað til þess.“

Besta kast Óðins til þessa hefði dugað í úrslit á minnst síðustu tveimur Ólympíuleikum. „Kúlan er að vísu sterkari nú en á síðustu leikum. Þar fyrir utan er ómögulegt að spá fyrir um hvað gerist. Það er þá nánast fullvíst að ég þurfi að vera nálægt mínu allra besta til að eiga möguleika. Og ég veit að ég á rétta kastið inni.“

Einn af þeim þáttum sem Óðinn hefur verið að glíma við á sínum ferli er að ná sínu besta fram á stærstu augnablikunum. Hann segir að það muni hafa gríðarlega mikið að segja um frammistöðu sína á morgun.

### Vinn í hugarfarinu daglega

„Ég hef verið að vinna mikið í hugarfarinu enda mun þetta fyrst og síðast velta á því,“ segir hann en Óðinn hefur unnið náið með Hafrúnu Kristjánsdóttur sálfræðingi síðustu daga og vikur.

„Við höfum hist daglega og það er mjög gott að vinna með henni. Allt okkar starf miðar við að útiloka utanaðkomandi áreiti og er ég nú með nokkrar aðferðir til þess sem ég fer í gegnum daglega. Þetta hefur hjálpað mér mikið og ég vona að þessi vinna skili sér í keppninni sjálfri.“

Keppni í kúluvarpi karla hefst klukkan níu í fyrramálið og er fyrsta greinin á dagskrá frjálsíþróttakeppninnar. Hann fær þrjú köst og þeir tólf bestu komast áfram í úrslitin sem fara fram um kvöldið.

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Valgarður Gíslason**





fjalla um ÓL 2012
eirikur@frettabladid.is - valli@frettabladid.is

Guðmundur Guðmundsson segir að tíðindin af gjaldþroti AG muni ekki hafa áhrif á strákana:

# Eru nógu sterkir til að takast á við þetta

**ÓL 2012** Tíðindin af gjaldþroti AG Kaupmannahafnar munu ekki trufla einbeitingu íslensku landsliðsmannanna, sér í lagi Snorra Steins Guðjónssonar og Arnórs Atlasonar, á Ólympíuleikunum í London. Þetta segir Guðmundur Guðmundsson, landsliðsþjálfari.

AGK tilkynnti um gjaldþrot sitt á heimasíðu sinni á meðan á leik Íslands og Túnis stóð á þriðjudagsmorgun. Íslensku leikmennirnir fengu því tíðindin eftir að þeir gengu af velli.

Snorri Steinn og Arnór eru báðir samningsbundnir félaginu en samningar þeirra Ólafs Stefánssonar og Guðjóns Vals Sigurðssonar runnu út í lok tímabilsins. Óvíst er með framtíð Ólafs en Guðjón Valur er genginn til liðs við Kiel.

„Þetta var mikið sjokk fyrir þá leikmenn sem þetta snertir. En ég er sannfærður um að þeir munu sjá að í öllum slíkum stöðum felast ákveðin tækifæri fyrir þá,“ sagði Guðmundur við Fréttablaðið í gær. „Þessu verður ekki breytt úr þessu og menn verða því að gera það besta úr sinni stöðu. Þeir eru þess utan það góðir leikmenn að ég er viss um að þeir muni fá tækifæri annars staðar.“

Guðmundur hefur ítrekað á leikunum hversu mikilvægt það er að leikmenn haldi fullri einbeitingu og séu með rétt hugarfar. Hann óttast ekki að þessi tíðindi slái landsliðsmennina út af laginu.

„Ég hef enga trú á því. Þeir eru það miklir fagmenn og nógu sterkir til að takast á við þetta. Þeir munu vinna sig út úr þessu,“ sagði hann.

Ísland er með fjögur stig í A-riðli handboltakeppninnar af fjórum mögulegum, rétt eins og Svíþjóð. Sigurinn glæsilegi á Túnis á þriðjudaginn þýðir að liðið er svo gott sem komið í 16-liða úrslit keppninnar.

„Svíþjóð er með betra lið á öllum sviðum, þó svo að Túnis hafi verið með frambærilegt lið. Svíar eru öðruvísi – eru með betri taktík, spila betri varnarleik og betri menn í öllum stöðum. Það eru miklir kraftakallar í miðri vörninni, þeir Magnus Jernemyr og Tobias Karlsson, og öfluga leikmenn í sókn eins og Dalibor Doder og Kim Andersson. Þetta verður hörkuverkefni.“



**HRESSLEIKI** Það var létt yfir Snorra Steini Guðjónssyni á bekknum í tíu marka sigrinum gegn Túnis á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrstu tveir leikir Íslands í keppninni hafa farið fram að morgni til en leikurinn í kvöld hefst klukkan 21.15 að staðartíma. „Við höfðum mikið fyrir því að laga okkur að morgunleikjunum en nú er þetta aftur gjörbreytt. Það verður því mikilvægt fyrir okkur að hvílast vel í kvöld,“ sagði Guðmundur. - esá



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** Er í framtíðarplönunum hjá Lars Lagerbäck en þarf að finna sér lið. NORDICPHOTOS/GETTY

Lars Lagerbäck tilkynnti í gær landsliðshópinn sinn fyrir vináttulandsleik á móti Færeyjum 15. ágúst:

# Eiður Smári og Grétar verða að finna sér lið

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck, þjálfari íslenska karlalandsliðsins, tilkynnti í gær 22 manna hóp fyrir vináttulandsleik á móti Færeyjum. Þetta verður fyrsti leikur landsliðsins á heimavelli undir stjórn Svíans og fer fram á Laugardalsvelli 15. ágúst næstkomandi.

Athygli vekur að Lagerbäck velur hvorki Eið Smára Guðjohnsen né Grétar Rafn Steinsson í hópinn að þessu sinni en þeir eru báðir án félags. Eiður Smári gekk nýverið frá starfslokasamningi við gríska félagið AEK Aþenu og samningur Grétars Rafns og Bolton rann út í sumar.

Lagerbäck talaði um það á blaðamannafundi í gær að báðir leikmennirnir væru inn í myndinni hjá sér og að hann muni kalla þá inn í hópinn fyrir Færeyjaleikinn verði þeir búnir að finna sér félag.

Lagerbäck ræddi við Eið Smára í vikunni og þar sagðist Eiður Smári vera jákvæður á að finna sér nýtt félag á næstunni og halda áfram að spila með íslenska landsliðinu.

Ingvar Jónsson, markvörður úr Stjörnunni, er eini nýliðinn í hópnum en þeir Sölvi Geir Ottesen og Emil Hallfreðsson koma báðir aftur inn í hópinn eftir að hafa misst af leikjunum á móti Frakklandi og Svíþjóð. Allir þrír markverðir hópsins spila í Pepsi-deildinni en aðrir nítján leikmenn hópsins eru atvinnumenn erlendis.

Hallgrímur Jónasson hefur verið fastamaður í fyrstu leikjunum undir stjórn Lars en er meiddur á hné. Lars sagði einnig á fundinum í gær að Hjörtur Logi Valgarðsson sé ekki inni í myndinni og hann velur því frekar Ara Frey Skúlason inn í hópinn sem bakvörð.

Leikurinn er sá síðasti í undirbúningi íslenska liðsins fyrir undankeppni HM 2014 þar sem Norðmenn verða fyrstu mótherjarnir 7. september.

Lars er þegar búinn að stýra íslenska liðinu í fjórum vináttulandsleikjum en þeir hafa allir tapast á móti þjóðum sem eru mun ofar en Ísland á styrkleikalista FIFA. Færeyjar eru 26 sætum neðar en Ísland.

- óój

## HÓPURINN

| | |
|---|---|
| **Markmenn** | |
| Gunnleifur Gunnleifsson | FH |
| Hannes Þór Halldórsson | KR |
| Ingvar Jónsson | Stjarnan |
| **Varnarmenn** | |
| Ragnar Sigurðsson | FC Kaupmannahöfn |
| Sölvi Geir Ottesen Jónsson | FCK |
| Ari Freyr Skúlason | Sundsvall |
| Indriði Sigurðsson | Viking |
| Kári Árnason | Rotherham |
| Birkir Már Sævarsson | Brann |
| Bjarni Ólafur Eiríksson | Stabæk |
| **Miðjumenn** | |
| Aron Einar Gunnarsson | Cardiff City |
| Helgi Valur Daníelsson | AIK |
| Emil Hallfreðsson | Hellas Verona |
| Jóhann Berg Guðmundsson | AZ Alkmaar |
| Rúrik Gíslason | OB |
| Eggert Gunnþór Jónsson | Wolves |
| Arnór Smárason | Esbjerg |
| **Sóknarmenn** | |
| Birkir Bjarnason | Pescara |
| Kolbeinn Sigþórsson | Ajax |
| Alfreð Finnbogason | Helsingborg |
| Gylfi Þór Sigurðsson | Tottenham |
| Björn Bergmann Sigurðarson | Wolves |



**KATRÍN JÓNSDÓTTIR** Er frá vegna meiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Katrín Jónsdóttir:

# Missir af fyrsta leiknum í sex ár

**FÓTBOLTI** Katrín Jónsdóttir, fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins, verður ekki með landsliðinu í vináttulandsleik í Skotlandi 4. ágúst. Katrín er meidd og því kallaði landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson á Stjörnukonuna Hörpu Þorsteinsdóttur í hennar stað.

Katrín mun þarna missa af fyrsta landsleik sínum í sex ár eða síðan hún sat á bekknum í 0-4 tapi á móti Svíum 26. ágúst 2006. Síðan þá var Katrín búin að leika 63 landsleiki í röð, þar af alla leiki liðsins undir stjórn Sigurðar Ragnars (61 talsins).

Katrín hefur verið fyrirliði landsliðsins í öllum leikjum frá því að Ásthildur Helgadóttir hætti sumarið 2007 en það á eftir að koma í ljós hvaða leikmaður tekur við fyrirliðabandinu af Katrínu.

- óój








## UTAN VALLAR
**Eiríkur Stefán Ásgeirsson á ÓL í London**
segir sína skoðun

# Kostir þess að tapa

Pierre de Coubertin, faðir Ólympíuleika nútímans, sagði ávallt að það mikilvæga við Ólympíuleika væri ekki að vinna, heldur að taka þátt og að gera sitt besta.

Það kom því ekki á óvart að átta badmintonkonum var vikið úr keppni á leikunum í gær. Um er að ræða fjögur pör í tvíliðaleik kvenna – tvö frá Suður-Kóreu, eitt frá Indónesíu og eitt frá Kína – sem öll lögðu sig fram við að tapa viðureignum sínum í gær.

Í reglum Alþjóðabadmintonsambandsins eru reglur sem kveða á um að leikmenn skuli ávallt gera sitt besta til að vinna leiki. Voru viðkomandi keppendur fundnir sekir um brot á þessari reglugerð og því vikið úr leik.

Allt hófst þetta á því að danskt par vann afar óvæntan sigur á þeim Tian og Zhao frá Kína í D-riðli í gærmorgun. Kínverska parið er í öðru sæti heimslistans og kom því sigur Dananna mjög á óvart.

Aðeins tvö lið frá hverju landi mega keppa í hverri grein og hitt kínverska parið á leikunum er einmitt í efsta sæti heimslistans. Vegna taps þeirra Tian og Zhao var sú staða komin upp að Kínverjarnir myndu mætast í undanúrslitum – ekki úrslitum.

Þar lá hundurinn grafinn. Þess vegna reyndi hitt kínverska parið (það sem er í efsta sæti heimstans) líka að tapa viðureign til að reyna að rétta skekkjuna af, ef svo má að orði komast. Parið sem þau mættu vildi samt líka tapa, því þannig hefðu Kínverjarnir mæst innbyrðis í undanúrslitum og viðkomandi ættu því greiða leið í úrslitin.

Allt þetta hafði svo áhrif á aðra viðureign, á milli pars frá Suður-Kóreu og Indónesíu, því skyndilega var sú staða komin upp að sigurvegarar þeirrar viðureignar myndu mæta besta pari heims í 8-liða úrslitum. Möguleikarnir á verðlaunapening væru nánast úr sögunni með sigri.

Það var sú viðureign sem var á undan leik Rögnu Ingólfsdóttur á leikunum í fyrrakvöld og ég fylgdist með, nánast gapandi. Það var með ólíkindum að sjá bestu badmintonkonur heims svara skoti sem var augljóslega á leiðinni út af og þykjast svo vera fúlar þegar þær gáfu frá sér stig með því að þrykkja í netið.

Auðvitað var ekkert annað hægt í stöðunni en að vísa þeim frá keppni. Badmintoníþróttin var skyndilega komin í sviðsljós Ólympíuleikanna hér úti enda greint frá þessu í öllum helstu fjölmiðlum heims. Auðvitað má segja að keppnisfyrirkomulagið hafi boðið hættunni heim en keppendur á Ólympíuleikum eiga þó að geta sagt sér að sú iðja að tapa viljandi sé ekki vænleg til árangurs.

Það sem eftir situr er þó kínverska parið Thian og Zhao sem tapaði óviljandi fyrir danska parinu. Það er nú langlíklegast til að hirða gull í greininni og sýnir þannig svo ekki verður um villst að það er í góðu lagi að tapa – ef maður leggur sig fram.





**NÁLÆGT ÞRENNUNNI** Doninger hefði hæglega getað skorað þrjú mörk í leiknum. Hér ver Ögmundur Ólafsson meistaralega frá Englendingnum í dauðafæri. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Stjarnan í úrslit bikarsins

**Karlalið Stjörnunnar tryggði sér í gærkvöldi sæti í úrslitaleik Borgunarbikars karla í knattspyrnu í fyrsta skipti í sögu félagsins með 3-0 sigri á Þrótturum. Englendingurinn Mark Doninger skoraði tvö keimlík mörk í öruggum sigri.**

**FÓTBOLTI** Stjarnan er komið í úrslit Borgunar-bikarsins í fyrsta sinn í sögufélagsins eftir 3-0 sigur á Þrótti á Samsung-vellinum í gærkvöldi.

Sigurinn var fyllilega sanngjarn en Stjörnumenn voru betri á flestum sviðum knattspyrnunnar í gær. Þróttar byrjuðu leikinn ágætlega voru óheppnir að komast ekki yfir þegar Karl Brynjar Björnsson virtist skora löglegt mark. Hann var hins vegar dæmdur rangstæður.

Skömmu síðar tóku heimamenn forystuna. Halldór Orri Björnsson átti þá fínan sprett í teig Þróttar og átti fasta sendingu fyrir markið og átti Englendingurinn Mark Doninger í litlum vandræðum með að skora. Staðan 1-0 í hálfleik.

Stjörnumenn voru betri aðilinn í síðari hálfleik. Doninger tvöfaldaði forystu heimamanna á 66. mínútu með skoti af stuttu færi og Alexander Scholz gulltryggði sigurinn með laglegu marki á 84. mínútu.

**Vanmátum ekki Þróttara**

„Ég er í skýjunum,“ sagði fyrirliðinn Daníel Laxdal í leikslok. „Það hefur verið draumur frá því að ég byrjaði að spila fótbolta að komast í bikarúrslit. Þróttarar voru öflugir í þessum leik en við komum tilbúnir og vanmátum ekki andstæðinginn. Við hefðum kannski átt að skora fleiri mörk en ég er mjög sáttur með 3-0 sigur og að halda hreinu.“

„Við spiluðum vel og lögðum okkur fram allar 90. mínúturnar en okkur skorti gæði á síðasta fjórðungnum. Þessi rangstæðudómur þegar við skorum var grunsamlegur en við áttum auðvitað að nýta okkar færi betur,“ sagði Páll Einarsson þjálfari Þróttar.

**Þurfti ekki að gera mikið**

Mark Doninger var maður leiksins og var óheppinn að skora ekki þrennu í gær. Hann hefur slegið í gegn með liði Stjörnunnar eftir félagaskipti frá ÍA.

„Það er frábær tilfinning að komast í bikarúrslit. Þetta er frábært lið og það hefur reynst mér auðvelt að aðlagast. Þetta er meiri sendingabolti hjá Stjörnunni en hjá ÍA og það hentar mér kannski betur. Ég þurfti ekki að gera mikið til að skora því sendingarnar sem ég fékk voru frábærar,“ sagði Doninger kampakátur.

Í kvöld kemur í ljós hver andstæðingur Stjörnumanna verður. Grindavík tekur á móti KR suður með sjó en leikurinn er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport klukkan 19.15. -jjk







**Hlaupum til góðs**

Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum frá vinum og vandamönnum til stuðnings góðgerðafélagi að eigin vali. Láttu gott af þér leiða á hlaupum.

**Skráning hafin á maraþon.is**

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka verður að morgni menningarnætur þann 18. ágúst.Vegalengdir við allra hæfi og hægt að fara heilt maraþon í boðhlaupi með 2-4 þátttakendum.

Við bjóðum góða þjónustu

REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA

Íslandsbanki, stoltur stuðningsaðili í 15 ár

Íslandsbanki



# > Saman náum við árangri

Samskip óska handboltalandsliðinu og öllum íslensku ólympíuförunum góðs gengis á leikunum í London.

Þeir ná lengst sem sækja fram með samstilltum hætti og fylgja sendingum eftir alla leið. Samskip er stoltur bakhjarl íslenska handboltalandsliðsins.

Áfram Ísland!

SAMSKIP

www.samskip.is

ENNEMM / SÍA / NM53546

# golf

golfogveidi@frettabladid.is

**97 KEPPENDUR** voru í gær skráðir til leiks á Íslandsmót eldri kylfinga sem fram fer á Hólmsvelli í Keflavík. Mótið hefst í dag og stendur til 4. ágúst.

Heimsmótaröðin í golfi:

## Tiger getur náð toppsætinu

Tiger Woods getur komist í efsta sæti heimslistans í golfi með sigri á Bridgestone Invitational mótinu, sem er hluti af heimsmótaröðinni, sem hefst á Firestone-vellinum í Ohio í dag.



TIGER WOODS

Bestu kylfingar heims, 75 talsins, eru skráðir til leiks en völlurinn þykir afar erfiður. Verðlaunaféð er heldur ekkert slor, rúmur milljarður íslenskra króna.

Tiger hefur ekki verið í toppsæti heimslistans í ein tvö ár. Hann þykir þó líklegur til afreka á mótinu um helgina en hann hefur unnið sjö sinnum af þeim tólf skiptum sem hann hefur tekið þátt.



**KORPAN** Korpúlfsstaðavöllur verður 27 holur á næsta ári og er stefnt að því að leika Íslandsmótið í höggleik á nýja vellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

GR með Íslandsmótið 2013:

## Höggleikurinn næst í Korpunni

**Íslandsmótið í höggleik fer fram á Korpúlfsstaðavelli á næsta ári en Golfklúbbur Reykjavíkur mun hafa veg og vanda af mótinu.**

**Síðustu þrjú ár hefur Íslandsmótið verið haldið utan höfuðborgarsvæðisins.**

**Korpúlfsstaðavöllur mun opna 27 holu golfvöll á næsta ári og er stefnt að því að leika á nýja vellinum á Íslandsmótinu.**

**Mótið átti upphaflega að fara fram á Jaðarsvelli á Akureyri en vegna breytinga á vellinum þurftu þeir að draga sig í hlé.**

**Íslandsmótið í höggleik fór síðast fram á höfuðborgarsvæðinu í Grafarholtinu. Golfklúbbur Kópavogs- og Garðabæjar heldur mótið árið 2014 í Leirdalnum.**

# Fjögurra ára draumur rættist

**Það er óhætt að segja að Haraldur Franklín Magnús sé besti kylfingur landsins um þessar mundir. Hann tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í höggleik um síðustu helgi, er Íslandsmeistari í holukeppni og ríkjandi klúbbmeistari í Golfklúbbi Reykjavíkur.**




**HARALDUR FRANKLÍN MAGNÚS** Íslandsmeistarinn í höggleik er á leið til Bandaríkjanna þar sem hann ætlar í háskólanám í Mississippi og spila í háskólagolfinu. MYND/STEFÁN GARÐARSSON

„Það kom mér mjög á óvart að ég skyldi vinna alla þessa titla á þessu ári. Ég stefndi samt á að vinna höggleikinn enda hefur það verið draumur minn í fjögur ár,“ segir Haraldur Franklín Magnús, nýkrýndur Íslandsmeistari í höggleik.

„Ég byrjaði að fikta við golfið þegar ég var tólf ára en eftir að ég hætti í fótboltanum, fimmtán ára, fór ég hundrað prósent í golfið,“ segir Haraldur Franklín sem nú er 21 árs. Kylfingurinn knái segist hafa verið sæmilega liðtækur í boltanum en hann hafi eytt svo miklum tíma á golfvellinum í Grafarholti að það hafi farið að bitna á honum. „Ég bý í Vesturbænum en var alltaf uppi á golfvelli. Þegar ég datt svo út úr liðinu ákvað ég að fara beint í golfið.“

Haraldur Franklín er sá eini úr fjölskyldunni sinni sem leggur stund á golfíþróttina. Hann komst fyrst í kynni við íþróttina þegar hann fór í golfkennslu hjá Magnúsi Birgissyni þegar hann var í sumarbústað hjá afa sínum á Snæfellsnesi. „Það hjálpaði mikið til. Svo var skólafélagi minn, Ólafur Axel, líka að fikta við það svo það hjálpaði til,“ segir Haraldur Franklín. Fjölskylda hans hefur þó stutt vel við bakið á honum og oftar en ekki er karl faðir hans, Kristján Franklín Magnús leikari, kylfusveinn fyrir hann.

Haraldur náði ekki eingöngu að landa sigri á Íslandsmótinu í höggleik heldur sigraði hann líka í holukeppninni og er klúbbmeistari hjá Golfklúbbi Reykjavíkur. Hann er sem stendur í efsta sæti Eimskipa-mótaraðarinnar, hefur þúsund stiga forystu, en missir því miður af tveimur næstu mótum þar sem hann verður farinn til náms í Mississippi í Bandaríkjunum. Hann gæti því misst af þeim titli.

„Ég kláraði MR og er búinn með eina önn í verkfræði í Háskólanum í Reykjavík en ætla í eitthvað allt annað nám í Bandaríkjunum. Núna er ég að pæla í hagfræði eða tölvunarfræði,“ segir Haraldur Franklín. Hann er þó ekki eini Íslendingurinn sem mun spila golf fyrir háskólann í Mississippi því Axel Bóasson, sem sigraði á Íslandsmótinu í höggleik í fyrra, er einnig nemandi þar.

Haraldur Franklín hefur síðan hug á því að reyna fyrir sér sem atvinnukylfingur að námi loknu.

„Það fer samt allt eftir því hvernig mér gengur. Eins og staðan er núna stefni ég á atvinnumennsku eftir þrjú til fjögur ár en það er mikil samkeppni og ekki allir sem komast að. Ef ég kemst ekki að geri ég bara eitthvað annað.“

kristjan@frettabladid.is

> Eins og staðan er núna stefni ég á atvinnumennsku eftir þrjú til fjögur ár en það er mikil samkeppni.
>
> HARALDUR FRANKLÍN MAGNÚS ÍSLANDSMEISTARI Í HÖGGLEIK

## Haraldur er sigurvegari út í gegn



„Haraldur Franklín er drifinn áfram af sigurvilja – hann er sigurvegari út í gegn,“ segir Brynjar Eldon Geirsson, íþróttastjóri Golfklúbbs Reykjavíkur og aðalþjálfari hins nýkrýnda Íslandsmeistara í höggleik. „Hann er virkilega klókur leikmaður, góður tæknilega og er virkilega gáfaður golfari – ef maður má orða það svo. Hann er alltaf bestur þegar mikið liggur við.“

Brynjar segir að árangur Haralds Franklíns í sumar hafi ekki komið sér á óvart. „Ég átti alveg eins von á þessu. Við erum með nokkra leikmenn í Golfklúbbi Reykjavíkur, sem eru á þessu kaliberi, sem ég er búinn að vera bíða eftir að myndu blómstra. Þetta hefur verið frábært ár hjá Haraldi og hann getur fullkomnað það með því að vinna sveitakeppnina með sinni sveit eftir tvær vikur. Íslenskur kylfingur getur varla gert betur. Ólafía Þórunn Kristinsdóttir gerði þetta á síðasta ári og nú getur hann jafnað hana.“

Brynjar Eldon telur að Haraldur Franklín eigi góða möguleika á að fara út í atvinnumennskuna. „Það er samt svo margt sem spilar inn í. Hann þarf að vera rétt tengdur, með rétta fólkið í kringum sig og þess háttar. En hann hefur klárlega getuna og hausinn í atvinnumennskuna – alveg klárlega,“ segir Brynjar. „En hann er ekki bara skynsamur í golfinu því hann vill klára skólann og síðan taka skrefið. En hann sér það fljótt í háskólagolfinu hvort hann eigi erindi í atvinnugolfið því ef hann vinnur ekki mót úti eða verður ekki meðal þeirra efstu á hann ekkert erindi þangað. Haraldur er þó jarðbundinn og ætlar sér að taka þessi fjögur ár í háskólanum og sjá svo til.“




Við erum með sterku hellurnar!

Graníthellurnar okkar eru endingarbetri, fallegri og ódýrari en þig grunar.

Graníthellur hafa mun lengri endingartíma en venjulegar hellur.
Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is




# -15 kr.

## af lítranum í dag*

## Stærsta ferðahelgi ársins er framundan.

# Góða ferð!




Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.

**Aðeins í dag!** Í tilefni af stærstu ferðahelgi ársins er **15 króna afsláttur** af lítranum hjá Orkunni og Shell, sé greitt með lyklum og kortum Orkunnar eða Staðgreiðslukorti Skeljungs. Þeir sem eru skráðir í sumarleikinn fá einnig 15 kr. afslátt í dag.

**Nýttu daginn vel!**

**Vinsamlegast athugið að Ofurdagsafsláttur bætist ekki við aðra afslætti.**

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**.

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

*Þegar greitt er með lyklum og kortum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ENNEMM / SÍA / NM53621

## > Stöð 2 kl. 20.05
### Masterchef USA

***Ellefu kokkar eru eftir í MasterChef á Stöð 2 og í kvöld þurfa þeir að matreiða gómsæta rétti til að fá að halda áfram í keppninni. Einn keppandi fellur á prófinu og dómararnir eru sammála um að það sé versti réttur sem framreiddur hefur verið í þáttunum.***



**dagsk**

## VIÐ TÆKIÐ TINNA RÓS STEINSDÓTTIR KLAPPAR FYRIR RÚV
# *Stella Löve toppar flest*

Alþjóð hoppaði hæð sína á sunnudagskvöldið þegar RÚV bauð upp á mestu snilld íslenskrar kvikmyndasögu, Stellu í orlofi. Áhorf á RÚV hefur sennilega ekki verið meira síðan klukkan 22.30 þann 31. desember síðastliðinn.

Við sambýlingurinn horfðum spenntar á og endurtókum setningar Stellu og félaga í gríð og erg í sófanum, með viðeigandi raddbreytingum og líkamstjáningu. Það var greinilegt að vinirnir sátu líka við skjáinn því fréttaveitan á Facebook fylltist fljótt af snilldinni. „Georg, hentirðu útigrillinu? Viltu gjöra svo vel að fara og ná í það, því gæti verið stolið.“ „Frú Stella, väskan mín er hoorfin.“ „Ég kan ikke standa op.“ „Passaðu þrýstinginn maður.“ „Egg, egg.“ Og mitt uppáhald: „Út með gæruna.“

Sérstaklega hafði ég gaman af íslenskum hreim allra útlendinganna í myndinni og af því að fatta að Björgvin Franz lék Trausta litla. „Vel var þetta mælt, Sigríður mín. Og segir mér hugur um að þú hafir spælt mann þennan.“ Hvað höfundar myndarinnar hafa verið að reykja þegar þeir ákváðu að láta börnin í sumarbústaðalandinu tilheyra 18. öldinni (og þegar þeir skrifuðu mestan hluta myndarinnar reyndar) veit ég ekki, en ákveði ég einn daginn að skrifa kvikmyndahandrit mun ég klárlega leita ráða hjá þeim.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Ljóðabókin syngur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Leyndardómar býflugnanna **15.25** Góður matur - Gott líf **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Liðast um landið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.30** Kvöldsagan: Þrítugasta kynslóðin **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Meðal annarra orða: Orson Wells með hljóðum **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**09.00 Ólympíuleikarnir** - Sund

**11.10 Ólympíuleikarnir** - Blak (Serbía - Þýskaland (kk))

**12.45 Ólympíuleikarnir** - Handbolti (Frakkland - Túnis (kk))

**14.15 Ólympíuleikarnir** - Borðtennis (1. sæti)

**15.30 Ólympíuleikarnir** - Fimleikar

**17.25 Geymslan** Brynhildur og Kristín Eva fá það verkefni að taka til í geymslunni í gamla skólanum sínum. Þar er fullt af skemmtilegum hlutum og verkefnum, að ógleymdum myndum sem svífa út í loftið þegar ýtt er á þar til gerðan takka. Tiltektin situr því oft á hakanum.

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Fréttir og veður**

**18.30 Ólympíuleikarnir** - Sund

**20.00 Ólympíuleikarnir** - Handbolti (Svíþjóð - Ísland (kk))

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Veðurfréttir**

**22.30 Glæpahneigð** (138:138) (Criminal Minds VI) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra. Meðal leikenda eru Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10 Glæstar vonir** (1:3) (Great Expectations) (e)

**00.05 Fréttir**

**00.30 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 When In Rome**

**10.00 Stuck On You**

**12.00 Artúr og Mínímóarnir**

**14.00 When In Rome**

**16.00 Stuck On You**

**18.00 Artúr og Mínímóarnir**

**20.00 Scott Pilgrim vs. The World**

**22.00 Miss March**

**00.00 Peaceful Warrior**

**02.00 Doctor Strange**

**04.00 Miss March**

**06.00 Adam**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.50 Malcolm in the Middle** (8:25)

**09.15 Bold and the Beautiful**

**09.35 Doctors** (113:175)

**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (20:25)

**11.50 Glee** (14:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Funny People** Gamanmynd með alvarlegu ívafi um grínistann George Simmins sem öðlast annað tækifæri í lífinu og snýr ásamt aðstoðarmanni sínum, Ira, aftur til þess staðar sem hafði mest áhrif á líf hans.

**15.20 Barnatími Stöðvar 2** (13:22)

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 Friends** (6:25)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 Simpson-fjölskyldan**

**19.40 Arrested Development 3** (9:13)

**20.05 Masterchef USA** (11:20) Matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.

**20.50 The Closer** (13:21)

**21.35 Fringe** (7:22) Fjórða þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans, Peter, rannsakar hún röð dularfullra atvika.

**22.20 Southland** (2:6) Önnur þáttaröðin af þessum stórgóðu lögguþáttum. Þetta eru hráir og flottir þættir um líf og störf lögreglusérsveitarinnar í Los Angeles.

**23.05 Dallas** (7:10)

**23.50 Rizzoli & Isles** (7:15)

**00.35 The Killing** (12:13)

**01.20 Treme** (4:10)

**02.20 Julia**

**04.40 The Closer** (13:21)

**05.20 Friends** (6:25)

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Bikarkeppni kk: Stjarnan - Þróttur R**

**16.25 Bikarkeppni kk: Stjarnan - Þróttur R**

**18.15 Rey Cup mótið** Sýnt frá alþjóðlegu knattspyrnumóti 3. og 4. flokks karla og kvenna sem haldið er í Reykjavík.

**19.00 Bikarkeppni kk: Grindavík - KR** BEINT frá undanúrslitunum.

**21.15 Samuel L. Jackson á heimaslóðum** David Feherty heimsækir leikarann Samuel L. Jackson sem er forfallinn golfari og spjallar við hann um golfið.

**22.00 Eimskipsmótaröðin 2012**

**22.30 Bikarkeppni kk: Grindavík - KR**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Wigan - Arsenal**

**19.40 PL Classic Matches: Manchester Utd - Wimbledon, 1998**

**20.10 Premier League World 2012/13**

**20.40 Chelsea - Man. Utd.**

**22.25 Season Highlights 2009/2010**

**23.20 Man. City - Wolves**

## 2 EXTRA

**19.50 Doctors** (2:175)

**20.35 In Treatment** (65:78)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 2 Broke Girls** (13:24)

**22.10 Up All Night** (1:24)

**22.35 Drop Dead Diva** (9:13)

**23.20 True Blood** (2:12)

**00.15 The Listener** (1:13)

**00.55 In Treatment** (65:78)

**01.20 Doctors** (2:175)

**02.05 Fréttir Stöðvar 2**

**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**15.15 The Biggest Loser** (12:20) (e)

**16.45 Being Erica** (13:13) (e)

**17.30 Rachael Ray**

**18.15 Málið** (1:8) (e)

**18.45 America's Funniest Home Videos** (29:48) (e)

**19.10 Mad Love** (4:13) (e)

**19.40 Will & Grace** (10:24) (e)

**20.05 Happy Endings** (6:13) (e) Alex og Dave eru par sem á frábæran vinahóp.

**20.30 Rules of Engagement** (3:15) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp. Audrey getur ekki talað eftir hálsaðgerðina, Jeff til mikillar skemmtunar. Adam veit að hann kemst ansi langt á útlitinu en Timmy veit að hann þarf að vinna ýmis skítaverk til að hann fái stöðuhækkun.

**20.55 Vexed** (3:3) Breskir sakamálaþættir sem fjalla um rannsóknarlögreglumennina Kate og Jack. Hljómsveitarmeðlimi úr stúlknasveit er rænt og krafist er lausnargjalds. Ekki gengur sem skyldi að fá stúlkuna til baka og mögulega hefur almannatengslafulltrúi hljómsveitarinnar eitthvað að gera með hvarfið.

**22.00 The River** (7:8)

**22.50 Jimmy Kimmel** (e)

**23.35 Law & Order: Criminal Intent** (9:16) (e)

**00.20 Unforgettable** (15:22) (e)

**01.10 Crash & Burn** (1:13) (e)

**01.55 Camelot** (8:10) (e)

**02.45 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** RBC Canadian Open - PGA Tour 2012 (4:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** RBC Canadian Open - PGA Tour 2012 (4:4) **15.50** Ryder Cup Official Film 2004 **17.05** PGA Tour - Highlights (28:45) **18.00** World Golf Championship 2012 (1:4) **22.00** Inside the PGA Tour (31:45) **22.25** World Golf Championship 2012 (1:4) **02.00** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.20** ‚Allo ‚Allo! **07.25** My Family **08.25** New Tricks **10.05** Deal or No Deal **10.40** EastEnders **11.10** Extreme Makeover: Home Edition **11.50** QI **12.50** ‚Allo ‚Allo! **13.55** My Family **14.55** The Graham Norton Show **15.40** QI **16.40** Extreme Makeover: Home Edition **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** Rev **20.30** Twenty Twelve **21.00** The Graham Norton Show **21.50** Live at the Apollo **22.35** Top Gear **23.30** Rev **23.55** Twenty Twelve **00.30** The Graham Norton Show **01.15** Live at the Apollo

## DR 1

**06.15** Garfield **06.25** SommerSummarum **07.30** OL 2012 **08.00** OL 2012 **10.00** OL 2012 **10.10** OL 2012 **10.50** OL 2012 **11.05** OL 2012 **11.40** OL 2012 **13.00** OL 2012 **13.10** OL 2012 **14.30** OL 2012 **15.30** OL 2012 **16.30** TV Avisen **17.00** OL 2012 **18.00** Gintberg på kanten **18.30** 80'erne tur retur **19.00** TV Avisen **19.30** Undercover chef - CRH- Concrete **20.00** OL 2012 **20.10** OL 2012 **20.50** OL 2012 **21.05** OL 2012 **21.45** Emils damer **22.15** Damages **22.55** Damages **23.35** Arvingen til Glenbogle **04.00** Noddy

## NRK 1

**07.00** OL morgen **08.00** OL i London **09.45** OL i London **10.00** NRK nyheter **10.05** OL i London **10.45** OL i London **11.15** OL i London **13.00** NRK nyheter **13.05** OL i London **13.25** OL i London **15.00** NRK nyheter **15.10** OL i dag **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** OL i London **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** OL-studio med Anne Rimmen **18.25** OL i London **20.10** OL i London **21.00** Kveldsnytt **21.15** London by night **22.00** OL i London **23.30** OL i London **01.30** OL i London

## svt1

**07.30** OS i London **08.00** OS i London **11.00** OS i London **13.00** OS i London **14.40** OS i London **15.30** OS i London **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** OS i London **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** OS i London **18.30** OS i London **19.55** OS i London **20.15** OS i London **21.45** OS i London **22.15** OS i London **03.30** OS i London **04.00** Rapport **04.05** Regionala nyheter **04.25** Gomorron Sverige

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




FRÁBÆR TILBOÐ
Fimmtudag og föstudag 2.ágúst - 3.ágúst / lokað laugardag
HÚSGAGNAHÖLLIN
490
SPIZY Diskamottur. Margir litir.
2.790
SPIZY Skál
20% AFSLÁTTUR
CONFETTI Handklæði og þvottastykki.
Ýmsar stærðir og litir
40% AFSLÁTTUR
71.990
FULLT VERÐ: 119.990
LA-Z-BOY
COLE La-z-boy stóll. Vínrautt, natur, svart eða röndótt áklæði. B:80 D:73 H:102 cm.
30% AFSLÁTTUR
83.990
FULLT VERÐ: 119.990
CLUB LUX Hæginda stólll. Dökk grár.
B:73 D:66 H:75 cm.
NÚNA 10% AFSLÁTTUR
116.990
FULLT VERÐ: 129.990
ALICIA svefnsófi. B:157 D:85 H:90 cm. Dýna: 130x200 cm.
spizy DENMARK
FLOTT VÖRULÍNA
í smávörudeild
2.790
SPIZY Glerugla. Bleik eða svört.
1.990
SPIZY Lotus kertastjaki. Nokkrir litir.
NÚNA 30% AFSLÁTTUR
90.990
FULLT VERÐ: 129.990
COBRA 3 sæta sófi. Svart áklæði. BB:218 D:82 H:85 cm..
NÚNA 30% AFSLÁTTUR
83.990
FULLT VERÐ: 119.990
CLEVELAND 3 sæta sófi. Chilli svart áklæði. B:210 D:88 H:62/75 cm.
Fæst einnig 2 sæta. B:180 D:88 H:62/75 cm. 76.990 áður ~~109.990~~
0% VEXTIR Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða
MasterCard VISA
HÚSGAGNAHÖLLIN Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 OPIÐ Virka daga 10-18 LOKAÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG

## HELGIN FRAMUNDAN



*„Það er enn þá allt opið í þeim málum. Annaðhvort fer ég í ferðalag með mömmu og pabba eða þá á mýrarboltann með fríðu föruneyti.“*

Birta Ísólfsdóttir fatahönnuður.

# Stelpurnar spenntar fyrir drulluboltanum

„Það er metskráning á mótið í ár og gríðarleg fjölgun á kvennaliðum,“ segir Jón Páll Hreinsson, gjaldkeri Mýrarboltafélags Íslands.

Evrópumeistaramótið í mýrarbolta verður haldið á Ísafirði um helgina og eru þegar 83 lið skráð til leiks. Í fyrra tóku fimmtíu lið þátt í mótinu en voru aðeins fjögur þegar það var fyrst haldið árið 2004. Mýrarboltinn er hálfgerður drullufótbolti þar sem lið keppast við að koma bolta í net andstæðingsins á velli sem er eitt drullusvað. „Þetta er líkamlega mjög erfitt og allt gerist rosalega hægt inni á vellinum, sem er líklega ástæða þess að ekki hefur verið mikið um meiðsl,“ segir Jón Páll, en í yfir eitt þúsund leikjum hefur einn maður snúið sig á hné og annar brákað á sér tá og er sjúkrasagan þar með upptalin. Ekki er aðeins keppt í boltaleik á mótinu því metnaðarfull búningakeppni er háð samhliða auk þess sem baráttan um drullugasta keppandann er mjög vinsæl. „Ætli drulluverðlaunin séu ekki eftirsóttust, enda þvottavél í boði fyrir sigurvegarann,“ segir Jón Páll.

Fjörubrenna og flugeldasýning verða á laugardagskvöldið og fyrir lokahófið á sunnudag verður öllum stöðum bæjarins lokað og fólki safnað á útiball. Jón Páll segir Ísafjarðarbæ tilbúinn í þá miklu aukningu fólks sem má reikna með um helgina. „Við bjóðum alla velkomna, Ísfirðinga, Vestfirðinga, Íslendinga og aðra,“ segir hann, spenntur fyrir helginni. - trs



**SÍFELLT VINSÆLLI** Fjögur lið voru skráð til leiks í fyrsta mýrarboltanum árið 2004 en í ár eru þau orðin 83. Gríðarleg fjölgun er á kvennaliðum í ár. MYND/EINKAEIGN






**RAKEL GARÐARSDÓTTIR:** VESTURPORT FERÐAST MEÐ ÍSLENDINGASÖGUR

# Stjörnum prýddur hópur tæklar Íslendingasögurnar

Vesturport vinnur að þáttaröðinni Ferðalok sem fjallar um Íslendingasögurnar og áhrif þeirra. Rakel Garðarsdóttir framleiðandi segir verkefnið viðamikið. „Við munum fara erlendis og taka viðtöl við leikstjóra, leikara, rithöfunda og alls kyns stórstjörnur sem hafa sótt innblástur í Íslendingasögurnar,“ segir hún án þess að gefa upp um hvaða stórstjörnur ræðir. „Flestir hafa verið til í þetta sem er skemmtilegt því þá fattar maður hvað sögurnar eru stórt dæmi. Við verðum samt líka með innlendar stjörnur og fræðimenn.“

Í þáttunum er leikið sér að því að spyrja hvort atburðirnir séu skáldskapur eða sannleikur og eru þeir bæði í formi leikins efnis og heimilda. Þættirnir verða á dagskrá RÚV í lok desember og víðs vegar um heiminn í framhaldinu. „Allavega í Skandinavíu og Rússlandi. Svo eigum við eftir að þreifa betur fyrir okkur og fara á þýskan og franskan markað og sem víðast. Vonandi verður líka hægt að nota þetta til kennslu í skólum til að viðhalda áhuga fólks á Íslendingasögunum,“ segir Rakel sem vonar að verkefnið heppnist vel svo þáttaröðin sem telur sex þætti standist tímans tönn.

Vala Garðarsdóttir, fornleifafræðingur, hóf að leggja drög að handritinu fyrir tíu árum og bar undir Rakel fyrir tæpu ári sem ákvað að hefja framleiðslu. Vala segir að Brennu-Njálssaga, Gíslasaga Súrssonar, Laxdæla og Egilssaga verði teknar fyrir. „Í heimildahlutanum fer ég til dæmis á Þjóðminjasafn og skoða gripi sem fundust á stöðunum og þær tóftir sem enn þá sitja í jörðinni og kuml sem hafa fundist,“ segir hún.

Björn Hlynur Haraldsson skrifaði handrit þáttanna ásamt Völu og hefur nú þegar leikstýrt heimildahlutanum. Hann þurfti þó að halda til Hollywood og leika í þáttunum The Borgias svo Ragnar Hansson stýrir nú stjörnum prýddum leikarahópi.

„Jóhannes Haukur leikur Egil Skallagrímsson, Ingvar E. Sig leikur Þráin Sigfússon, Atli Rafn leikur Starkað undan Þríhyrningi og Bjartur Guðmundsson er Gunnar á Hlíðarenda sem er alveg eins og stokkinn upp úr Njálu svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Rakel og bætir við að Gísli Súrsson sé leikinn af Stefáni Halli. Auði djúpúðgu leikur Vigdís Másdóttir, Auði Vésteinsdóttur, konu Gísla, leikur Tinna Lind Gunnarsdóttir og Vignir Rafn er Kolskeggur bróðir Gunnars. hallfridur@frettabladid.is



**FLOTTUR HÓPUR**
**Jóhannes Haukur** leikur Egil Skallagrímsson og **Ingvar** E leikur Þráin Sigfússon í nýjum þáttum Vesturports þar sem Íslendingasögurnar verða tæklaðar. **Rakel Garðarsdóttir** segir verkefnið viðamikið og kalla á mikil ferðalög.

# Átta tonn af skyri í háloftunum

„Skyr er svo stór hluti af matarmenningu okkar Íslendinga að okkur fannst frábært að geta nálgast ferðamenn á leið til landsins á þennan hátt, en við höfum séð að þeir eru rosalega áhugasamir um þessa vöru,“ segir Guðný Steinsdóttir, markaðsstjóri Mjólkursamsölunnar, MS.

Nú í júlí fóru MS, íslenskir kúabændur og Icelandair af stað með kynningarátak á íslensku skyri sem hluta af Inspired by Iceland verkefninu og bjóða farþegum sem koma til landsins í flugvélum Icelandair upp á smakk. „Við völdum söluhæstu tegundina hérlendis til að nota í þetta, en það kann að koma á óvart að það er ekki jarðaberjaskyr eins og í flestum jógúrttegundum, heldur er það bláberjaskyr,“ segir Guðný. Alls verða um átta tonn af skyri gefin í háloftunum á meðan á átakinu stendur, en því lýkur um miðjan ágúst. Hverju smakki fylgir svo lítill kynningarbæklingur þar sem eru helstu upplýsingar um skyr og stöðu þess í menningu okkar Íslendinga frá því við landnám.

Af viðbrögðum fólks að dæma segir Guðný vera mikla ánægju með framtakið og að yfirleitt þiggi allir smakkið. Tónlistarmennirnir Andy Laplant og Jessica Larrabee voru meðal farþega Icelandair á dögunum, en þau eru frá New York og mynda blús-rokkbandið She Keeps Bees. Að sögn flugfreyja um borð voru þau yfir sig hrifin af skyrinu, eins og flestir aðrir farþegar. - trs



**ÁNÆGÐ MEÐ SKYRIÐ** Andy Laplant og Jessica Larrabee, meðlimir hljómsveitarinnar She Keeps Bees, voru yfir sig hrifin af skyrinu í flugi til Íslands. MYND/ÍRIS GROENWEG




ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA! FRÁBÆR NÝJUNG Á GRILLIÐ, Í OFNINN EÐA Á PÖNNU.

*SS kynnir frábæra nýja vörulínu: Safaríkt lamba- og grísakjöt í einstaklega ljúffengum ítölskum kryddlegi - án allra aukaefna. Prófaðu gómsæta nýjung frá SS og veldu steikina sem hentar þér og þínu fólki - með bragði frá Ítalíu!*




SS fremstir fyrir bragðið

www.ss.is

FÍTON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gylfi í New York Times

Vegleg umfjöllun um knattspyrnukappann **Gylfa Sigurðsson** birtist á vef dagblaðsins New York Times í gær. Tilefnið er ferð Tottenham til New York þar sem liðið lék æfingaleik á móti Red Bulls og lét mæla sig út fyrir tölvuleikinn FIFA 13, sem kemur út síðar í ár. Gylfi skoraði glæsilegt mark í leiknum og er því lýst í smáatriðum í greininni. Blaðamaður Times fer fögrum orðum um Gylfa ásamt því að velta fyrir sér hvernig jafnlítil þjóð geti átt svo marga afreksmenn í fótbolta, þrátt fyrir að hafa aldrei komist á stórmót.



### Íslendingar á Íslendingadögum

Um þessar mundir fara fram Íslendingadagar í Winnipeg í Kanada. Á þessa hátíð, sem haldin er til að minnast íslensks arfs íbúanna þar, mæta jafnan áhugasamir Íslendingar frá föðurlandinu til að kynna sér menningu og lífnaðarhætti Vestur-Íslendinga. Í ár er á því engin undantekning því meðal þátttakenda nú eru **Bjarni Benediktsson**, formaður Sjálfstæðisflokksins, Andri Freyr Viðarsson, útvarpsmaður, og Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri. Þá syngur kvennakór Garðabæjar fyrir hátíðargesti. Bjarni Ben fékk að vera heiðursgestur í ár og Andri Freyr fylgist með herlegheitunum í gegnum sjónvarpslinsuna og mun sýna í þáttum sínum Andri á flandri í vetur.

**- afb, bþh**



## Mest lesið VÍSIR

1. Mamma Brynjars fagnar sýknudómi
2. Stunginn um hábjartan dag í Mjódd
3. Óttast miltisbrandsfaraldur meðal heróínfíkla…
4. Lést í slysi á sunnudag
5. Pólverjar æfir af reiði út í Madonnu


ÞEKKIR ÞÚ FUGLINN?




www.forlagid.is




nýjar vörur frá molo TICKET TO HEAVEN hummel POLO RALPH LAUREN

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201